



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. ágúst 2005 - 222. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Eyjamenn skoruðu fimm og eru lausir úr fallsæti

ÍBV vann 5-1 sigur á Grindavík í sex stiga leik í fallbaráttu Landsbankadeild karla í knattspyrnu í gær. Fimm leikmenn skoruðu fyrir Eyjalíðið sem gjörbreytti stöðu sinni í deildinni.



ÍPRÓTTIR 32

Albert prins á ekki séns í hana

„Ég er í Mónakó,“ sagði stangarstökkkonan Þórey Edda Elísdóttir í gríni og hló dátt þegar Fréttablaðið bar undir hana forsíðufrétt þýska slúðurblaðsins Freizeit Woche um að hún væri nýja konan í lífi Alberts Mónakófursta.



FÓLK 46


Fáránlegar samsæriskenningar

Mér dettur ekki í hug að láta í ljós neina skoðun á sekt eða sakleysi Baugsfeðga. Ég er enginn sjálfskipaður ákærandi eins og þeir Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnar Smári Egilsson voru í Hafskipsmálinu.



Í DAG 22

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGAR SUDLÆGAR áttir og víða bjart. Þykkjar upp í kvöld með strekkingsvindi og rigningu til morguns. **VEÐUR 4**

Asus fartölvur frá Boðeind.is - Ein með öllu! DVD brennari, Windows XPPRO innb. 1.3 Mpixel vefmyndavél með hljóðnema, 15,4" breið-tjaldsskjár, taska og mús fylgja frítt með ásamt vírusvörn og öflugum hugbúnaði, kortalesara, DDR 512 minni, Rapid Recovery o.f

Verð kr. 74.900,-

Frábær fartölvutilboð á **www.Boðeind.is** - Mörkin 6 Sjá í Allt bls. 9

Borgin og flugfélög ræða nýjan flugvöll

Fulltrúar FL Group og Flugfélags Íslands hafa rætt við borgaryfirvöld um möguleika á nýjum Reykjavíkflugvelli á Lönguskerjum. Formaður skipulagsráðs segir viðræðurnar skref í átt að því að lausn finnist á málinu.

SAMGÖNGUR „Ég tel að nú séum við að ná umræðunni í átt að lausnum og að sú stefna sem málið hefur tekið sé mjög jákvæð,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, en fulltrúar FL Group og Flugfélags Íslands gengu á fund stýrihóps um heildarskipulag Vatnsmýrinnar á dögnum.

Dagur segir að það geti markað vatnaskil að flugrekstraraðilar séu nú tilbúnir að vinna að nýjum lausnum sem breið sátt geti skapast um.

„Menn hafa verið sammála um að ná þessari umræðu upp úr skotgröfunum og heiðurinn að þessari opnun á umræðuna eiga forsvars-

menn FL Group og Flugfélags Íslands en auk þess eiga auðvitað samgönguráðherra og borgarstjóri sinn góða þátt í að málið sé loks komið í uppbyggilegan farveg. Frá flugtæknilegu sjónarmiði töldu fulltrúarnir Alftanes og Löngusker bestu kostina af þeim sem nefndir hafa verið í grennd við höfuðborgarsvæðið. Líklegast eru Löngusker þó raunhæfust út af ýmsum ástæðum, þar á meðal umhverfissjónarmiðum. Fulltrúarnir lýstu sig mjög reiðubúna að fullkanna þessa kosti ef það gæti orðið til þess að eyða óvissu um starfsumhverfi innanlandsflugs en öllum er þó ljóst að það er háð því að það leiði ekki til kostnaðar

sem leggist á reksturinn sjálfan,“ segir Dagur.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir félagið í góðu samstarfi við borgina og samgönguyfirvöld og viðræðurnar sem nú ættu sér stað, væru í mjög jákvæðum farvegi.

„Okkar fyrsti kostur fyrir Reykjavíkflugvöll er Vatnsmýrin og við höfum ítrekað það áður. Við höfum hagsmuni okkar farþega að leiðarljósi og að sem minnst röskun sé fyrir okkar farþega. Ég held að fólk vilji hafa flugvöll í Reykjavík og það er það sem við erum að reyna að ganga út frá,“ segir Árni.



DISCOVERY Töluverð vandræði sköpuðust í síðustu geimferð Discovery.

NASA gagnrýnd:

Stjórnendur sæta ámæli

CANAVERAL-HÖFÐI, AP Stjórnendur bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA fá á baukinn í skýrslu rannsóknarnefndar sem rannsakaði vandræðin sem fylgdu ferð geimferjunnar Discovery á dögnum.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að svo mikið kapp hafi verið lagt á að koma ferjunni út í geim í síðasta mánuði að margar nauðsynlegar öryggisráðstafanir voru látnar mæta afgangi. „Sjálfumglaðir stjórnendur vösuðust í öllum mikilvægum ákvörðunum,“ segir í skýrslunni og því síðan bætt við að „við bjuggumst við að NASA hefði aukið kröfurnar eftir Columbia-slysið en því miður urðum við fyrir vonbrigðum“ ■

Skynug skepna:

Dúfan þekkti götuheitið

NORÐURLÖND Norsk bréfdúfa villtist á leið sinni á dögnum og lenti óvart í Svíþjóð. Hún sýndi óvenjulegar áfær í viðleitni sinni við að rata. Eigandi dúfunnar, sem býr við Tangerveien, rétt utan við Ósló, hafði farið á bréfdúfumót í Svíþjóð á dögnum og þar sleppti hann dúfunni svo hún gæti sjálf flogið heim. Hún villtist hins vegar á leiðinni vegna óveðurs.

Í síðustu viku dúkkaði svo dúfan upp við hús við götuna Tångenvägen í Karlstad í Svíþjóð og linnti ekki látum fyrr en henni hafði verið hleypt þar inn. Svo virðist sem dúfan hafi getað lesið á götuheitið, svo mjög líkist það hinu götunafninu. ■



KOSNINGABARÁTTAN HAFIN Í EGYPTALANDI Tveir menn á úlföldum riða framhá stóru auglýsingaskilti egypska forsetans Hosni Mubarak 7. september verða fyrstu lýðræðislegu kosningarnar haldnar í landinu. Tíu framþjóðendur eru í framboði.

Verðkönnun Alþýðusambands Íslands á skólabókum:

Allt að sextíu prósentu verðmunur

NEYTENDUR Verðmunur á skólabókum milli bókaverslana getur verið allt að 60 prósent samkvæmt nýrri könnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands sem birt var á heimasíðu sambandsins í gær.

Könnunin fór fram í níu verslunum á miðvikudaginn var og leiðir í ljós að verðmismunur á hæsta og lægsta verði á þeim 25 bókum sem verð var kannað á var aldrei minni en tæp átta prósent.

Mál og Menning á Laugavegi, Penninn/Eymundsson í Hallarmúla og Bókabúðin Hlemmi reyndust oftast bjóða hæsta verð meðan bókabúðin Iða í Lækjargötu bauð oftast lægsta verðið. Bóksala stúdentanna reyndist einnig bjóða hagstætt verð í mörgum tilfellum.

Hægt er að spara talsverðar fjárhæðir með því að fylgjast vel



NOKKUR VERÐMUNUR Talsverðu munar í verði á nýjum skólabókum milli verslana samkvæmt könnun ASÍ.

með verðlagi en verðbreytingar á skólabókamarkaðnum eru örur síðustu dagana fyrir haustönn sem hefst víðast hvar eftir helgina.

Í könnun ASÍ er miðað við nýjar

bækur en hafa skal í huga að úrval af notuðum skólabókum er mikið og hægt að gera mun betri kaup í slíkum bókum.

- aðe

Tilkynning

Hyundai annar söluhæsti bíllinn

Alls hafa um 900 Hyundai bílar selst það sem af er árinu og hefur sala þeirra allt að því tvöfaldast miðað við fyrstu sjö mánuði síðasta árs. Þessi mikla söluaukning gerir að verkum að Hyundai er nú annar söluhæsti bíll markaðarins, með 7,8% markaðshlutdeild og hefur merkið þar með hækkað sig um tvö sæti á milli ára, skv. upplýsingum BÍlgreinasambandsins um sölu nýrra bíla. Þá er Hyundai með langstærstu markaðshlutdeildina í flokki sportjeppa og jepplinga eða tæplega fjórðungs hlut.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 Opíð virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



SPURNING DAGSINS

Jón, ertu sár yfir úrslitunum?

„Nei, ég get ekki sagt það, ég hélt með Íslandi.“

Ísland vann Suður-Afríku í fótbolta landsleik á miðvikudag. Jón Reynir Magnússon er ræðismaður Suður-Afríku á Íslandi.

Baugsmálið vekur athygli fjölmiðla í Danmörku og Bretlandi:

Töluverð umfjöllun um málið

DÓMSMÁL Breskir og danskir fjölmiðlar fjölluðu töluvert um Baugsákærurnar í gær. Fyrirferðamest voru bresk dagblöð en nokkrir breskir blaðamenn voru viðstaddir þingsetningu málsins fyrir héraðsdómi á þriðjudag, tóku viðtöl og fylgdust með atburðarrásinni.

Þannig birtu meðal annarra bresku dagblöðin The Guardian og The Independent greinar um málið auk viðskiptablaðsins Financial Times.

Blöðin gerðu mikið úr því að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði neitað öllum ákæruáðögum í málinu en auk þess nefndu þau mörg að

málinu væri stillt upp sem pólitískum leik milil stjórvalda og Baugs.

Danska ríkisútvarpið birti ítarlega frétt um málið en einnig sögðu dönsku blöðin Politiken og Berlinske Tidende frá málinu auk viðskiptablaðsins Børsen.

Þá vinnur danska ríkissjónvarpið að gerð viðtalsþáttar við Jón Gerald Sullenberger um málið.

AF NETINU

Umfjöllun um Baugsálið var töluverð í breskum fjölmiðlum en danskir fjölmiðlar sýndu því einnig mikinn áhuga.



MÓTMÆLENDUR VIÐ KÁRAHNJÚKA Breskur mótmælendur var yfirheyrður á Seyðisfirði í gær vegna skemmdarverka á jarðstreng í Skriðdal.

Krafa mótmælenda:

Bíða gagna frá yfirvöldum

MÓTMÆLENDUR Lögmenn mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar og álvers fóru ekki fram á opinbera rannsókn á starfsaðferðum og framkomu lögreglunnar í garð mótmælenda í gær eins og fyrirhugað var. Þeir bíða enn gagna frá lögreglu yfirvöldum og Útlendingastofnun sem þeir óskuðu eftir í fyrradag.

Þrjú erlendir mótmælendur fóru af landi brott með Norræntu í gær. Við brottför var þeim afhentur úrskurður Útlendingastofnunar þess efnis að þeir ættu brottvísun yfir höfði sér. Einn mótmælendanna var yfirheyrður vegna skemmda á jarðstreng í Skriðdal.

- kk

Framsókn í Reykjavík:

Framboðsmál rædd eftir viku

SVEITARSTJÓRNARMÁL Félagsfundur Framsóknarflokksins í Reykjavík verður haldinn á fimmtudaginn í næstu viku en á félagsfundum sitja fulltrúar allra aðildarfélaga flokksins í Reykjavík.

Á fundinum má búast við að lögð verði fram tillaga um framboðsmál flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Í kjölfar félagsfundarinnar mun kjördæmisráð flokksins í Reykjavík koma saman til endanlegrar ákvörðunartöku vegna kosninganna.

- hb

Tíu börn verða send heim á hverjum degi

Til aðgerða kemur á leikskóla í Grafarvogi að óbreyttu á mánudag vegna manneklu en starfsfólk vantar í þrjár stöður við leikskólann. Formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar fundar í dag með leikskólustjórum til þess að fara yfir stöðuna.

LEIKSKÓLAR Um tíu börn verða send heim af leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi á hádegi dag hvern frá og með mánudegi vegna manneklu að sögn Bergljót Jóhannsdóttur leikskólustjóra.

Bergljót segir að gert sé ráð fyrir því að börn verði send heim tvo daga í viku af hverri deild. Þá verði að loka leikskólanum klukkan fjögur á daginn í stað hálfsex. „Við getum ekki gengið nær starfsfólki okkar en þetta,“ segir Bergljót.

Bergljót segir að enn vanti starfsfólk í þrjár stöður við leikskólann, þrátt fyrir að tekist hafi að ráða einn starfsmann nú í vikunni. „Við tökum eina viku fyrir í senn og vonumst svo til þess að úr rætist,“ segir Bergljót.

Foreldrar hafa sýnt málinu mikinn skilning að sögn Bergljótar. „Foreldrar hafa jafnvel hringt hingað og boðist til þess að koma og hjálpa til,“ segir hún.

Fyrir liggur að ástandið á fleiri leikskólum í Grafarvogi er slæmt og grípa þarf til aðgerða þar eftir mánaðamót ef ekki næst að ráða fleira starfsfólk. Til aðgerða kemur á leikskólanum Fífuborg í Grafarvogi 5. september ef ekki tekst að ráða fleiri starfsmenn að sögn Elínar Ásgrímsdóttur leikskólustjóra. Hún kveðst þó bjartsýnni nú en fyrir nokkrum dögum um að takist að ráða starfsfólk. „Hagur okkar hefur vænkast nokkuð,“ segir hún.

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, boðaði leikskólustjóra til fundar nú í morgunsárið til þess að ræða



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SJÓNARHÓLI Í GRAFARVOGI Leikskólábörn verða send heim tvo daga í viku af hverri deild á leikskóla í Grafarvogi þar sem slæmt ástand hefur skapast vegna manneklu.

stöðuna í ráðningarmálum og hugsanlegar aðgerðir til úrlausna.

„Ég veit að í sumum skólum eru umtalsverð vandræði vegna mannráðninga,“ segir Stefán Jón. „Hins vegar er staðan í heildina ekki jafn slæm og hún leit út fyrir að vera í upphafi vikunnar og hún er hugsanlega ekki verri en á undanförunum árum. Meiri

vandi blasir þó við í einstaka skóla.“

Stefán Jón segir fátt hægt að gera við því að ekki fái fólk til starfa. „Ymsum hugmyndum hefur þó verið velt upp, eins og að fá foreldra til þess að hjálpa til eða ráða til starfa eldri borgara,“ segir hann.

helgat@frettabladid.is

Töflur við Baugsákærur:

Aðgengilegar í heild á Vísir.is

DÓMSMÁL Ákæruna í Baugsáliinu má finna í heild sinni á fréttavef Vísir, www.visir.is. Þar má einnig finna þau gögn sem birtust til viðbótar við ákærunar eins og þær birtust í Fréttablaðinu síðasta laugardag með athugasemdum sakborninga.

Nú er ákæran í heild sinni ásamt öllum töflum aðgengileg á Vísir.is undir sérstaklega merktum lið um Baugsálið. Þar má einnig finna fréttir og greinar sem skrifaðar hafa verið um málið í Fréttablaðinu frá því umfjöllun hófst um það.

- hb

Fjármálaráðherra svarar FÍB:

Lækkar ekki skatta á bensín

NEYTENDUR Fjármálaráðuneytið sendi í gær Félagi íslenskra bifreiðaeigenda svar við erindi félagsins um beiðni þess efnis að



GEIR H. HAARDE Lækkar ekki skatta á bensín.

skattar á bensín yrðu lækkaðir. Í svari fjármálaráðuneytisins segir að ráðuneytið hyggist ekki beita sér fyrir lagabreytingu í þá veru sem FÍB óskaði eftir.

Á heimasíðu FÍB hafa nú átta

þúsund manns tekið undir áskorun félagsins til stjórvalda um að lækka skatta á eldsneyti. Segir á heimasíðunni að félagið muni ítreka áskorun sína til ríkisstjórnarinnar og leggja fram lista með nöfnum þeirra sem hafa tekið undir málsstað félagsins.

- hb

Eldur í fjölbýlishúsi:

Átta íbúðir voru rýmdar

SLÖKKVILIÐ Rýma þurfti átta íbúðir eftir að eldur kom upp í fjölbýlishúsi við Laufvang í Hafnarfirði laust fyrir klukkan tvö í fyrrinótt. Allt tiltækt lið slökkviliðs var sent á staðinn en hluta þess var fljótlega snúið við.

Vel gekk að slökkva eldinn sem logaði í einu herbergi íbúðar í húsinu. Lögreglan, sem var fyrst á staðinn, hóf slökkvistarf með handslökkvitæki en slökkvilið lauk við að slökkva eldinn og reyrkræsti íbúðina.

Miklar skemmdir urðu í herberginu þar sem eldurinn kom upp og töluverðar reykskemmdir urðu annars staðar í íbúðinni. Engum varð þó meint af. Upptök eldsins eru ókunn.

- ht

Flugslysið norður af Aþenu á sunnudaginn gerist æ dularfyllra:

Vélin flaug á sjálfstýringu frá Kýpur

APENU, AP Líkur eru taldar á því að farþegar kypversku þotunnar sem fórst á sunnudaginn með 121 manni innanborðs hafi misst meðvitund fljótlega eftir flugtak. Vélin flaug svo á sjálfstýringu þar til hún fórst.

Flugslysið norður af Aþenu á sunnudaginn verður æ dularfyllra eftir því sem rannsókn á tildrögum þess miðar áfram. Sérfræðingar segja að gögn bendi til þess að þotan hafi flogið frá Kýpur til Aþenu á sjálfstýringunni einni saman, síðan virðist hafa sloknað á henni, hugsanlega af mannavöldum. Þeir reyna nú að meta hvort verið geti að farþegar og áhöfn hafi misst meðvitund fljótlega eftir flugtak. Það sem gerir málið enn leyndardómsfyllra er að flugmenn F-16-herþotna gríska hersins segjast hafa séð fólk inni í flugstjórnarklefanum reyna að



SORGM/EDDIR /ÆTTINGJAR Útför flugfreyjunnar Haris Haralambous fór fram í gær í Nikósíu á Kýpur í gær.

ná stjórn á vélinni örskömmu áður en hún skall til jarðar í fjöllum norður af Aþenu.

Krufning á 26 fórnarlömbum slyssins sýnir að þau voru enn á lífi þegar vélin fórst en ekki er vitað hvort þau hafi verið með

meðvitund. Niðurstöður eiturefnarannsóknar mun liggja fyrir á næstu dögum.

Yfirmaður rannsóknarinnar segir málið það dularfyllsta sem hann hafi kynnst á fimmtíu ára ferli sínum. ■

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

XFM
FM 91.9 REYKJAVÍK

Bein útsending frá kl. 14 þar
sem einhverjir heppnir fá afslátt
af innkaupunum eða fá allt sem
þeir eru að versla ókeypis.

**ALLIR
FÁ ÍS**

emmessis

PARTY PLANIÐ

Allir sem
versla í Griffill
fá

**12" PIZZU
Á 599**

Little Caesars
PIZZA! PIZZA!
58

**LANG
STÆRSTI**

**ÚTI
SKIPTBÓKA-
MARKAÐUR
LANDSINS!!!**

Í BOÐI

**Coca-Cola
light**

**Opið
10-20**



Opið í dag 10-20

Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

GRIFFILL

 **Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi**

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 18.08.2005			
		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,66	63,96
Sterlingspund	GBP	114,9	115,46
Evra	EUR	77,8	78,24
Dönsk króna	DKK	10,434	10,496
Norsk króna	NOK	9,793	9,851
Sænsk króna	SEK	8,335	8,383
Japanskt jen	JPY	0,5766	0,58
SDR		XDR	93,25 93,81

Gengisvísitala krónunnar
109,01

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bann við kynþáttamismunun ekki í íslenskum lögum:

Ekki hægt að höfða einkamál vegna mismununar

LÖGGJÖF Tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 2000 um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna hefur aldrei orðið að lögum hér á landi. Fyrir vikið geta einstaklingar af erlendum uppruna til að mynda ekki höfðað mál á einkaréttarlegum grundvelli ef þeir telja sér vera mismunad vegna uppruna. Norðmenn sem ekki eru í Evrópusambandinu, líkt og Íslendingar, lögleiddu tilskipunina í byrjun þessa árs og þar með hafa öll Norðurlöndin nema Ísland lögleitt hana.

Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss, segir engin mál hafa komið á þeirra borð þar sem reynt hefur á þessi lög, hún segist hafa heyrt af málum þar sem fólk hefur verið mismunad á húsnæðismarkaði og á veitingahúsum.

Ýmis nýmæli eru í tilskipuninni. Til að mynda eiga óbein mismunun og hvatning til mismununar einnig að vera bönnuð í lögum.

Lögin hafa verið umdeild á hinum Norðurlöndunum þar sem vinnuveitendur telja að þau hefji frelsi þeirra.



FRÁ ALÞJÓÐAHÚSINU Alþjóðahúsið hélt blaðamannafund á miðvikudag til að vekja athygli á tilskipuninni.

Alfredur Þorsteinsson:

Enga hækkun leikskólagjalda

SVEITARSTJÓRNARMÁL Á fundi borgarráðs í gær lagði Alfredur Þorsteinsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans, fram tillögu um að fallið yrði frá fyrirhuguðum breytingum á gjaldskrá leikskóla borgarinnar. Gjaldskrárhækkunar eiga að koma til framkvæmda 1. september næstkomandi hjá fjölskyldum þar sem annað foreldrið er í námi en í greinargerð með tillögu Alfreds segir að þegar allt stefnir í að leikskólar verði gjaldfrjálssir felist í því mótsögn að hækka gjaldskrána.

- hb



TRJÁBUKKUR Búkur skordýrsins var á milli tveir og þrjár sentimetrar að lengd og hafði það langa og krókþagna fálmar.

Trjábukki á Húsavík:

Getur bitið fast

SKORDÝR Starfsmönnum Náttúrustofu Norðausturlands barst í hendur torkennilegt skorkvikindi síðastliðinn miðvikudag en í ljós kom að um trjábukka var að ræða. Skordýrið fannst lifandi í íbúð á Húsavík og segir Þorkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumaður Náttúrustofunnar, að trjábukkar séu sjaldséðir á Íslandi. „Þessi skordýr eru ekki hættuleg mönnum en geta bitið fast. Að líkindum barst dýrið til Húsavíkur með unnu tré, til dæmis arinkubbum eða vörubrettum,“ segir Þorkell.

-kk

Þriggja ára stúlka:

Slösuð eftir fimm metra fall

SLYS Sækja þurfti þriggja ára gamla stúlkubarn með þyrlu eftir að hún féll um fimm metra niður á steinsteyptan pall í hlöðu í Staðarsveit á Snæfellsnesi í fyrrinótt.

Lagt var af stað með stúlkuna í sjúkrahúsi til Reykjavíkur þar sem þyrlan var í öðru útkalli en þyrlan sótti stúlkuna að Vegamótum á Snæfellsnesi. Hlúð var að stúlkunni á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss og hún var í kjölfarið flutt á barnadeild sjúkrahússins að sögn vakthafandi lækni á slysadeild. Stúlkun hlaut beinbrot en er ekki lífs-hættulega slösuð.

- ht

Ian Blair lagðist gegn óháðri rannsókn

Yfirmaður Lundúnalögreglunnar lagðist gegn utanaðkomandi rannsókn á orsökum þess að lögreglumenn skutu Brasilíumann til bana á lestarstöð í júlí. Nefndin fékk ekki aðgang að vettvangi fyrr en þremur dögum eftir drápið.

BRETLAND Yfirmaður Lundúnalögreglunnar, Ian Blair, reyndi að koma í veg fyrir að óháðri rannsóknarnefnd lögreglu væri falið að rannsaka dauða Brasilíumannsins Jean Charles de Menezes, að því er breska blaðið The Guardian skýrir frá.

Blair skrifaði bréf til innanríkisráðuneytisins sama dag og lögreglan skaut Menezes til bana á lestarstöð í Lundúnum og færði rök fyrir því að lögreglan myndi sjálf rannsaka málið. Röksemdir hans voru að yfirstandandi rannsókn vegna hryðjuverkanna í Lundúnum yrði að hafa forgang yfir utanaðkomandi rannsókn á dauða Menezes. Blair var sagður hafa áhyggjur af því að utanaðkomandi rannsókn myndi brjóta niður sálarþrek liðsmanna skotvopnadeildar lögreglunnar sem starfaði undir miklu álagi.

Síðar sama dag var tekin ákvörðun í ráðuneytinu um að ekki yrði farið að beiðni Blairs og óháð rannsókn færi fram samkvæmt lögum.

Í yfirlýsingu frá Lundúnalögreglunni frá því í fyrradag kemur fram að þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að rannsóknarnefndin kæmi að málinu hafi henni verið haldið frá lestarstöðinni í þrjú daga. Það stangist á við hefðbundnar vinnureglur þar sem gert er ráð fyrir því að rannsóknarnefndin komi á staðinn innan fárra klukkustunda frá því að atvik hefur átt sér stað.

Á fréttavef BBC er haft eftir



LÍK BRASILÍUMANSINS Þessi mynd birtist í fréttum sjónvarpsstöðvarinnar ITV og er sögð sýna lík Menezes á gólfi neðanjarðarlestarvagns þar sem lögreglan skaut hann til bana. Nú hefur komið í ljós að yfirmaður Lundúnalögreglunnar, Ian Blair, reyndi að koma í veg fyrir að utanaðkomandi rannsókn yrði gerð á því hvers vegna Menezes var skotin, heldur vildi hann að lögreglan rannsakaði það sjálf.

lögmanni fjölskyldu Menezes, Gareth Peirce, eftir fund hennar með rannsóknarnefndinni að málið væri eitt allsherjar klúður. Hún segist hafa lýst áhyggjum sínum yfir því að þrátt fyrir að nefndinni sé skylt samkvæmt lögum að hefja umsvifalaust rannsókn á dauða Menezes, hafi hún ekki hafist fyrir en að nokkrum dögum liðnum. „Við vitum ekki hvort það var yfirmaður Lundúnalögreglunnar

eða innanríkisráðherra, eða þeir báðir, sem stóðu í vegi fyrir því að rannsóknin gæti hafist,“ sagði Peirce.

Skjölum rannsóknarnefndarinnar hefur verið lekið í fjölmiðla en fyrrverandi yfirmaður í Lundúnalögreglunni sagði við BBC að að leikinn hefði mjög neikvæð áhrif á rannsóknina. Þau segðu aðeins hálfa söguna en heildarmyndin lægi óbætt hjá garði.

sda@frettabladid.is

Danskar stúlkur:

Sífelld fleiri á pillunni

DANMÖRK Dönskum unglingsstúlkum sem nota getnaðarvarnarpilluna hefur fjölgað mikið samkvæmt könnun samtaka danskra lækna.

Í könnuninni kemur til dæmis fram að 589 10-14 ára stúlkur á Fjöni nota pilluna að staðalri og hefur þeim fjölgað um 41 prósent á fimm árum.

Stærstur hluti stúlkanna segist vera á pillunni vegna þess að þær eru farnar að sofa hjá en allmargar taka hana til að slá á tíðaverki.

Læknir sem rætt er við í Jylland-Posten segir málið alvarlegt, ekki einungis af því að stúlkurnar hafi ekki þroska til að stunda kynlíf heldur líka vegna aukaverkana sem pillan getur valdið.

- shg

Ungur Óslóarbúi:

Beið bana í sprengingu

NOREGUR Sautján ára gamall piltur af sýrlenskum uppruna beið bana þegar sprengja sem hafði búið til sprakk í höndunum á honum á heimili hans í Ósló. Nítján ára bróðir hans slasaðist alvarlega.

Ekki er talið að bræðurnir hafi haft hryðjuverk í hyggju heldur sagði Óslóarlögreglan á blaðamannafundi í gær að þeir hefðu ásamt félaganum sínum áformað að sprengja upp farmiðasjálfsala víðs vegar um borgina og græða þannig fé. Premeningarnir höfðu oft komið við sögu lögreglunnar vegna ýmissa smáglæpa.


SÁDI-ARABÍA

AL-KAÍDA-LÍDI DREPINN Arabískar hersveitir skutu í gær til bana Saleh Mohammed al-Aoofi, höfuðsmann al-Kaída í landinu. Aoofi er sagður hafa staðið fyrir ýmsum hryðjuverkum síðustu tvö árin, meðal annars morðinu á bandaríska verkfræðingnum Paul Johnson.


VEÐRIÐ Í DAG

SUÐLÆGAR ÁTTIR! Það má reikna með hægum suðlægum eða breytilegum áttum í dag og víða bjartviðri, síð þó suðaustan- og austanlands. Það þykkar svo upp í kvöld og bætur í vind og má reikna með strekkingi fram undir morgun og jafnvel allhvösu veðri allra vestast. Það lægir svo í fyrramálið og má reikna með tilförlæga hægum suðvestan-áttum á morgun. Það verður yfirleitt úrkomulítið í dag en fer að rigna í kvöld, fyrst vestanlands en síðar austanlands. Það dregur úr úrkomunni til morguns en verður áfram suðvestan kald og skúraveður suðvestanlands fram yfir helgi.


Í dag



Á morgun



Sunnudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	21°C sk.m.köflum	Algarve	28°C sk.m.köflum	Róm	27°C heiðskirt
Oslo	23°C skýjað	Mallorca	26°C sk.m.köflum	Alicante	30°C sk.m.köflum
London	22°C léttskýjað	Krít/Chania	29°C heiðskirt	Kýpur	31°C sk.m.köflum
París	23°C rigning	Barcelona	26°C sk.m.köflum	Rímíni	24°C heiðskirt

Kveðja, Guðriður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Búðu þig undir girnilegar breytingar



Pörusteik um helgina



Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

fyrir 5-6 manns

1 1/2 kg mögur svínasiða
(pörusteik)
Maldon sjávarsalt og pipar
1/2 ltr. kryddsoð
1 msk. sojasósa
1 1/2 msk. hveiti
10 g smjör

Aðferð:

Skerið með 1/2 cm millibili í steikina og leggið í ofnfast fat eða pott með fitunni niður, látið vatn yfir og sjóðið í 20 mín. Setjið svo steikina á rist. Nuddið svo Maldon sjávarsalti á steikina og kryddið með pipar. Eldið í ofni við 220°C í 20 mín, lækkið svo niður í 180°C, bætið í kryddsoði og sojasósu. Bakið áfram í 1 1/2 tíma, oft er gott að setja grillið í botn á lokaminútunum. Hellið soðinu af, fleytið af mestu fitu og þykkið með smjörinu og hveitinu (sem hefur verið hrært saman í potti). Framreiðið með heimalöguðu rauðkáli og kartöflum.



50%
afsláttur

TILBOÐ
395 kr/kg

Verð áður 798,-

Svína
pörusteik



40%
afsláttur við
kassa

TILBOÐ
999 kr/kg

Merkt verð 1.665,-

Borgarnes
helgarsteik
2 tegundir

Fóir FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapipar sósa



Basil & hvítlaucs sósa

Mest seldu grillsósurnar
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



**Gott
verð**
179 kr/stk

Gló vörur skemmtilegar fyrir
Menningarnótt



**Gott
verð**
99 kr/stk

Egils Mix 2 ltr.



Nýtt
í Hagkaupum

TILBOÐ
299 kr/pk

Verð áður 359,-

Earthbound Farm lífrænt salat
- eitt vinsælasta salatið í Ameríku

Gildir til 21. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að hækka laun leikskólakennara?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	77%
Nei	23%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að vísa mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar úr landi?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Til átaka kom milli hermanna og landnema á Gaza:

Samkomuhús breyttust í orrustuvöll

NEVE DEKALIM, AP Til alvarlega átaka kom á milli landtökumanna og hermanna í Neve Dekalim og Kfar Darom á Gaza-ströndinni í gær þegar herinn reyndi að rýma tvær sýnagógur í hverfinu.

Ísraelsher réðst inn í samkomuhús gyðinga í landnemabyggðinni Neve Dekalim í gær en þar höfðu 1.500 ákafir andstæðingar brottflutnings komið sér fyrir. Hermennirnir reyndu að draga mótmælendurna út en þeir sátu sem fastast og hrópuðu „guðlast, guðlast“. Einn hermanna fór á taugum og varð að bera hann út. Hann heyrðist muldra „guðlast“ fyrir munni sér. Í Kfar Darom fóru vígbúnaðarher-

menn inn um þak sýnagógu en þar mættu þeim mótmælendur sem skvettu á þá sýru, sandi og grænni leðju. Flytja þurfti sjö hermenn á sjúkrahús í kjölfarið.

Palestinumenn fylgdust með atganginum úr fjarlægð. „Í fyrsta sinn get ég horft á ísraelska hermenn án þess að eiga það á hættu að verða skotin því nú berjast þeir hverjir við aðra,“ sagði bóndi nokkur á Gaza.

Drátt fyrir mótspyrnuna í gær sögðu yfirvöld að brottflutningurinn gengi vel og þau byggjust við að brottflutningunum yrði lokið á þriðjudaginn, tveimur vikum fyrir áætlun. ■



KRÖFTUG MÓTSPYRNA Landtökumenn í bænahúsinu í Neve Dekalim veittu lögreglu mótspyrnu þegar hún reyndi með valdi að færa þá burt.

Gæsaveiði hefst á morgun:

Fiðringur í veiðimönnum

SKOTVEIÐI Leyfilegt er að skjóta gæs frá og með morgundeginum og segir Þóroddur Helgason, verslunarstjóri Sjóváðarinnar á Akureyri, mikla eftirvæntingu á meðal veiðimanna norðan heiða. „Það hefur verið mikið um veiðimenn í búðinni hjá okkur síðustu daga og allir eru þeir að gera sig klára. Almennt telja veiðimenn að mikið sé af gæs í ár en þó er hugsanlegt að þeir sjái gæs í hverju horni svona í upphafi veiðitímabilsins,“ segir Þóroddur.



NORÐLENSK GÆS Þessi gæs var á vappi við Leirufjörð á Akureyri og líklega er hyggilegast fyrir hana að halda sig innanbæjar á næstunni. - kk

Deilurnar í Garðasókn:

Presturinn fluttur til í starfi

GARÐASÓKN Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, hefur tilkynnt Hans Markúsi Hafsteinssyni, sóknarpresti í Garðasókn, að biskupinn hafi með samþykki Björns Bjarnasonar kirkjumálaráðherra ákveðið að flytja Hans Markús til í starfi og staðfestir þar með úrskurð áfrýjunarnefndar Þjóðkirkjunnar.

Hann mun taka við nýju embætti héraðsprests í Reykjavík-urprófastsdæmi vestra með aðsetur í Langholtskirkju. Ákvörðunin tekur þegar gildi. - hb



HANS MARKÚS HAFSTEINSSYNI Fluttur til í starfi eftir deilur í Garðasókn.

Skakkir veggir og leki í Skuggahverfi

Íbúðaeigendur í Skuggahverfinu hafa orðið fyrir nokkrum óþægindum vegna deilna fyrirtækisins 101 Skuggahverfis og verktakafyrirtækisins Eyktar. Verktakinn segist hafa lokið sínu verki en 101 Skuggahverfi vænir hann um vanefndir.

FRAMKVÆMDIR „Því er ekki að neita að það hefur gengið erfiðlega að fá verktakann til að klára verkið,“ segir Einar I. Halldórsson framkvæmdastjóri félagsins 101 Skuggahverfi sem hefur umsjón með uppbyggingu nýs íbúðahverfis á milli Lindargötu og Skúlagötu.

Þar hafa risið háar íbúðablokkir með sjötu og níu íbúðum og þegar hefur verið flutt í fimmtíu þeirra að sögn Einars. Þær upplýsingar fengust frá fasteignasölu Eignamiðlun að allar íbúðirnar hafi verið seldar.

Kvartanir hafa borist vegna slæms frágangs og eru dæmi um að veggir séu skakkir og leki sé í íbúðum sem eigi að heita tilbúnar. Að sögn Einars er það ekki óalgengt að einhverjir slík-



SVEINN P. JÓNSSON ÍBÚI Í SKUGGAHVERFI Íbúar finna mismikið fyrir deilunum. Sveinn hefur ekki orðið fyrir miklum óþægindum vegna deilnanna en þó veit hann til þess að nágrannar hans hafi fengið að finna fyrir þeim.

ir gallar kunni að finnast á jafn stórum byggingum sem þessum en hins vegar sé það óvanalegt að ráða þurfi annan verktaka til þess að ljúka verkinu.

Verktakafyrirtækið Eykt reisti byggingarnar en nú hefur 101 Skuggahverfi fengið Íslenska aðalverktaka og Þarfaþing til þess að ljúka verkinu að sögn Einars.

„Við höfum orðið fyrir töluverðum útgjöldum vegna tafa og vanefnda að hálfu verktakans og nú er lögmaður okkar að vinna að því að við fáum þann skaða bættan,“ segir Einar og ítrekar enn fremur að íbúar munu ekki bera skaðann.

Lögmaður Eyktar er einnig komin í málið. Pétur Guðmunds-

son, forstjóri Eyktar, segir að um mikinn misskilning sé að ræða hjá Einari og úttektarskýrslur frá byggingaryfirvöldum geti vitnað um það. Hann segir að reynt sé að koma sök yfir á Eykt sem aðrir verktakar eigi.

Flestir íbúanna sem blaðamaður Fréttablaðsins hafði samband við sögðust taka óþægindunum með æðruleysi þar sem þeir væru vissir um að aðeins væri tímaspursmál hvenær lokið yrði við frágang. Þó segjast þeir ekki jafn vissir um æðruleysi annarra sem sumir hverjir hafi þurft að biða eftir íbúðum sínum í marga mánuði vegna deilnanna.

jse@frettabladid.is



101 SKUGGAHVERFI Ýmislegt er ófrágengt í nýju byggingunum í Skuggahverfinu og deilt er um það hverjir eigi að ganga frá.

Íraskir stjórnáráðgjafar kampa um stjórnarskrá í skugga óaldrar:

Fjórir bandarískir hermenn féllu

BAGDAD, AP Íraskir þingmenn leggja nú allt kapp á að ljúka við frumvarp til stjórnarskrár landsins en frestur þeirra rennur út eftir helgi. Fjórir bandarískir hermenn létu lífið í sprengjuárás í gær.

Stjórnarskrárviðræðurnar héldu áfram í gær en enn eru mörg mál óleyst. Fimm leiðtogar súnnia fóru á fund Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra og gerðu honum grein fyrir afstöðu sinni til ýmissa mála, sérstaklega hvort Írak eigi að verða sambandsríki, en gegn því hafa súnniar eindregið lagst. Eftir fundinn kváðust súnniarnir bjartsýnir á að stjórnarskrárgerðinni yrði lokið á mánudaginn þegar fresturinn rennur út en ítrekuðu þó að sjár og Kúrdar yrðu að gefa eitthvað eftir af sínum kröfum ætti það að ganga.

Fjórir bandarískir hermenn létust þegar sprengja sprakk í veg-



BRÓÐURMISSIR HARMADUR Þrír Írakar urðu fyrir byssukúllum bandarískra hermanna og Íraska uppreisnarmanna í gær. Bræður eins þeirra grétu og voru harmi slegnir.

kanti í borginni Samarra í gær. Þá lýstu embættismenn þeirri skoðun sinni í gær að þremur sprengjuárásur í fyrradag þar sem 43 létu

lífið hefði verið beint sérstaklega gegn sjúnum til að kynda enn undir ófriðarbálið á milli þjóðarbrota á landinu. ■



Staðum að frelsi til ferða

Hjalparliðasjóður




Fyrstur í kringum landið á árabáti

Leggðu þitt af mörkum!

Með þessari ferð verður Kjartan fyrstur til þess að róa hringinn í kringum landið á árabáti. Ferð hans er tileinkuð hreyfihömluðum og ferðafrelsi þeirra. Kjartan er hjalparliði hjá Sjálfsbjörg og hvetur landsmenn til að leggja söfnuninni lið.

Söfnunarsími Hjalparliðasjóðs Sjálfsbjargar er:

908 2003



FILEP/SIA F101332

PÖGN!

Þú þarft ekkert að tala frekar en þú vilt, því með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 Myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Ef þú verður að tala duga 1.990 kr lengi, lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

USS!

ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT



SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!

Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvernig fór leikur Íslands og Suður-Afríku í fótbolta?
- 2 Hvað voru veiddar margar hrefnur á Íslandsmiðum í sumar?
- 3 Hvar á landinu hafa saurgerlar fundist í vatni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Ný þjónusta á heilsugæslustöðvum:

Boðið upp á sálfræðipjónustu

HEILBRIGÐISMÁL Landspítali - háskólasjúkrahús mun eftir 1. september veita sálfræðipjónustu í hugrænni atferlismeðferð á heilsugæslustöðvum. Hún felst í því að bjóða sjúklingum upp á hópmeðferð við kvíða og þunglyndi, með 15 til 25 sjúklinga í hópi. Í öðru lagi munu starfsmenn spítalans halda námskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn á heilsugæslustöðvunum um úrræði vegna heilbrigðisvanda af geðrænum toga og hugræna atferlismeðferð.

Samningur þessa efnis var undirritaður á Ísafirði í gær. LSH gerir samningana við Heilbrigðis-

stofnun Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilsugæsluna í Reykjavík.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, staðfesti samninginn sem gerður er í tilraunaskyni. Hann gildir í tvö ár og styrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið verkefnið með 24 milljóna króna framlagi á samningstímanum. Markmiðið er að bæta þjónustu við geðsjúka og koma í veg fyrir hinar ýmsu afleiðingar geðsjúkdóma.

JÓN KRISTJÁNSSON Ráðuneyti hans styrkir sálfræðipjónustu í heilsugæslunni með 24 milljónum króna á tveggja ára tímabili.



Forseti Tékklands:

Til Íslands í næstu viku

HEIMSÓKN Forseti Tékklands, Václav Klaus, og eiginkona hans eru væntanleg í opinbera heimsókn til Íslands í næstu viku. Heimsóknin er í boði forseta Íslands og stendur frá mánudegi fram á þriðjudag.

Forsetahjónin koma til landsins síðdegis á sunnudag en opinbera heimsóknin hefst með hátíðlegri móttökuathöfn á Bessastöðum að morgni mánudags. Forseti Tékklands mun einnig eiga fundi með forsætisráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur.

- ht

DV

Hetjudað hafnfirskra hjóna vekur eftirtekt:

Gáfu flóttafólki búslóðina sína



SÆLLA ER AÐ GEFA EN ÞIGGJA!

Þeirir þegar aðrir þegja!

Mikill mannfjöldi biður páfa í Köln: Búist við milljón pílagra

KÖLN, AP Hundruð þúsunda ungmenna frá 184 löndum eru saman komin í Köln í Þýskalandi og biða komu Benedikts páfa XVI. en alþjóðleg hátíð kaþólskra ungmenna stendur nú yfir í borginni.

Þetta er fyrsta heimsókn páfans til heimalands síns síðan hann var kjörinn páfi 19. apríl síðastliðinn. Hann kom til Kölnar í gær en heimsókn hans mun standa fram á sunnudag. Búist er við að allt að ein milljón pílagra verði í borginni á sunnudag til að hlýða á messu páfa.

- sda



HEIMSÓKN PÁFA UNDIRBÚIN Mikill viðbúnaður er í Köln í Þýskalandi, en Benedikt páfi XVI. kom til borgarinnar í dag og búist er við einni milljón pílagra.



FRÁ REYKJAVÍKURFLUGVELLI Framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands býst við því að funda með forsvarsmönnum Ríkiskaupa fljótlega.

Flugfélag Íslands gerði mistök í tilboðsgerð:

Ríkiskaup heimila ekki leiðréttingu

SAMGÖNGUR Flugfélag Íslands segist hafa gert mistök við tilboðsgerð í útboði Ríkiskaupa um áætlunar- og sjúkraflug og miðað tilboð sín við eitt ár en ekki þrjú. Ríkiskaup höfnuðu í gær beiðni Flugfélags Íslands um að tilboðin yrðu margfölduð með þremur til leiðréttingar með vísan til þess að lög heimila ekki að tilboðum sé breytt eftir opnun. Jafnframt taka þau fram í svari til Flugleiða að þau geti ekki séð af gögnum að þessi mistök hafi verið gerð. Ríkiskaup telja að „skýring Flugfélags Íslands geti ekki staðist ef litid er til birtrar kostnaðaráætlunar og tilboða annarra bjóðenda“. Í tveimur af fjórum tilvikum voru tilboð Flugfélags Íslands nokkuð

lægri, en Landsflug átti tvö álfka há tilboð. Búast má við því að þrjú tilboða Flugfélags Íslands verði samþykkt.

„Það er alveg ljóst þegar maður skoðar tilboðið okkar að ártalan og þriggja ára talan eru eins í okkar tilboði og þá er augljóst að eitthvað stemmir ekki,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. „Ég bað þá um að taka það til greina en það var ekki gert.“ Árni segir Flugfélag Íslands í flestum tilvikum vera að bjóða fram miklu stærri vél en krafa sé gerð um í flugi frá Reykjavík og því séu tilboð félagsins hæst. Hann býst við því að funda með Ríkiskaupum fljótlega vegna málsins.

- grs

ÚTBOÐ RÍKISKAUPA

Flugfélag	Tilboð 1	Tilboð 2	Tilboð 3	Tilboð 4
Flugfélag Vestmannaeyja				118.748.448
Emir		171.974.745	80.993.597	95.010.241
Mýflug	165.000.000	120.000.000	150.000.000	120.000.000
Landsflug	111.728.760	45.150.300	51.650.820	80.184.000
Flugfélag Íslands	86.405.592	45.229.860	49.489.908	54.854.592
Flugfélag Íslands x3	259.216.776	135.689.580	148.469.724	164.563.776

T1: Reykjavík – Gjógur – Rvk. og Rvk. – Bíldudalur – Rvk.

T2: Reykjavík – Sauðárkrúkur – Reykjavík

T3: Akureyri – Grímsey – Aku. og Aku. – Þórshöfn – Vopnafjörður – Aku.

T4: Reykjavík – Höfn í Hornafirði – Reykjavík

Tilboð Flugleiða eru miðuð við eitt ár en annarra við þrjú ár.

Vatnsleki í Leifsstöð:

Truflun á innritun farþega

VATNSLEKI Nokkur truflun varð á innritun farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar vatnsrör á þriðju hæð hússins opnaðist með þeim afleiðingum að tölvukerfi sló út á innritunarborðum.

Talið er að tíu til fimmtán tonn af vatni hafi lekið milli hæða í suðurhluta byggingarinnar þegar vatnsrörið brast. Fljótt og vel gekk þó að hreinsa upp vatnið úr flugstöðinni. „Slökkvilið kom fljótt á vettvang auk þess sem

starfsfólk í byggingunni lagðist á eitt að forða frekara tjóni og gæta fyllsta öryggis farþega,“ segir Höskuldur Asgeirsson, forstjóri Flugstöðvarinnar.

Loka þurfti hluta af innritunarsalum að sögn Höskuldar auk þess sem vatn flæddi inn í Íslenskan markað. Ekki kom til seinkana á flugi vegna lekans, en notuð voru varainnritunarborð í norðurhluta byggingarinnar í stað þeirra sem ekki voru nothæf. - ht

Bókin sem allir eru að lesa

6 vikur á toppnum

Móðir í hjáverkum
ALLISON PEARSON



„Hröð, fyndin og átakanleg“

- The New York Times Book Review

„Ótrúlegt sýn, bæði grátleg og fyndin, á líf súpermómmunar.“

- The New York Times

„Ímyndið ykkur Kate Reddy sem Bridget Jones, eldri, þroskaðri, gift, útvinnaði móðir tveggja stúlkna ... bráðskemmtilegt.“

- Entertainment Weekly

Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!

1. prentun á þrotum hjá útgefanda

1.

Kiljur

Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 10. - 16. ágúst





Blómstrandi
kaktusar
199

Pottaplöntudagar

stórlækkað verð



Orkideur
ný sending
999



Pottaplöntur
og pottar 20-60% afsl.



SUBSTRAL
blómaáburður
á tilboði

Gróðurmold 10 ltr. 199


blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -



Á KJÖRSTAD Bæjarstjórnarkosningar fóru fram í landinu í gær og vígvæddust hermenn af því tilefni. Sjö menn hafa þegar fallið í árásum vegna kosninganna og því er viðbúnaðurinn vegna þeirra skiljanlegur.

Rannsóknastofnun á Bifröst:

Evrópufræðasetur sett á stofn

MENNTUN Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnfræðingur hefur verið ráðinn forstöðumaður nýs Evrópufræðaseturs sem er að taka til starfa á Bifröst í Borgarfirði. Setrið er samstarfsverkefni Viðskiptaháskólans á Bifröst og helstu aðila vinnumarkaðarins. Ögmundur Jónasson, alþingismaður og formaður BSRB, er formaður stjórnar þess.

Eiríkur segir að setrið muni ekki takast á við spurninguna um aðild Evrópusambandinu. „Þetta er mun viðameiri málaflökkur en svo að hægt sé að afgreiða hann sem deilur milli

stuðningsmanna og andstæðinga aðildar.“ Að sögn Eiríks snertir Evrópusamruninn nú flest svið íslensk samfélags vegna EES samningsins. „Það er mjög mikilvægt að einhvers staðar sé til vettvangur þar sem Evrópusáttmálinn er til skoðunar, því stór hluti af því að skilja íslenskt samfélag í dag er að þekkja þau áhrif sem hann hefur.“

- grs

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON Forstöðumaður Evrópufræðaseturs sem tekur til starfa á Bifröst.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stjórnuþiósreiturinn:

Kaupverðið ásættanlegt

BORGARSTJÓRN Innri endurskoðun hefur lokið úttekt á kaupum Reykjavíkurborgar á Stjórnuþiósreitnum og var skýrsla hennar kynnt í Borgarráði í gær, en þar segir að kaupverðið hafi verið ásættanlegt. „Skýrslan staðfestir það sem við sögðum um málið á sínum tíma, að kaupverðið væri eðlilegt,“ segir Stefán Jón Hafstein, forseti borgarráðs.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja ekki tjá sig að svo stöddu þar sem þeir voru fyrst að sjá skýrsluna á fundinum.

- grs

Vinstri grænir í Reykjavík:

Forval í október

SVEITARSTJÓRNARMÁL Forval Vinstri grænna fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík verður haldið 1. október næstkomandi. Framboðsfrestur vegna forvalsins rennur út 16. september. Koskið verður um sex efstu sæti framboðslista Vinstri grænna. Frambjóðendum verður óheimilt að auglýsa í fjölmiðlum.

Frambjóðandi sem fær flest atkvæði í fyrsta sæti listans telst hafa hlotið kosningu í það sæti en frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem fær flest atkvæði í fyrsta og annað sætið samanlagt telst hafa hlotið kosningu í annað sætið.

- hb

LÖGREGLUFRETTIR

LÝST EFTIR VITNUM Lýst er eftir vitnum vegna tveggja líkamsárása á dansleik sem haldinn var í Sem-entsskemmuni á Írskum dögum á Akranesi þann 10. júlí. Þeir sem veitt geta upplýsingar um árásirnar eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Akranesi.

RÚSSLAND

TVÆR ÞYRLUR HRÖPUÐU Tvær Mi-8 þyrlur hröpuðu í Rússlandi í gær og fórust með þeim fjórir. Fyrra slysið varð í Neftejugansk í Síberíu en þar flaug þyrla á farm sem hékk neðan úr annarri þyrlu. Hitt slysið varð nærri borginni Khabarovsk austast í landinu en þar urðu aðeins slys á fólki. Ástand þyrlna þykir almenn slakt í Rússlandi.

Vargar ógna lífríki Mývatns

Vegna lokunar kísilverksmiðjunnar og minnkandi tekna hefur Skútustaðahreppur neyðst til þess að skera niður fé til minka- og tófuveiða. Öllum ber saman um að lífríki Mývatns kunní að vera hættu búin ef veiðum verður hætt út þetta ár en hvergi í heiminum verpa jafnmargar andategundir.

VISTKERFI „Við höfum skorið niður fjármagn til málaflokksins úr 4,5 milljónum í 2,5,“ segir Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, um minka- og tófuveiðar. Það sem af er þessu ári hafa veiðar haldið áfram með hefðbundnum hætti en fjárveiting ársins er að verða uppurin um þessar mundir og svo kann að fara að ekkert verði veitt það sem eftir er af árinu.

Sigbjörn hefur áhyggjur af lífríkinu við vatnið en það hefur verið tiltölulega laust við mink. „Hvergi í heiminum verpa jafnmargar andategundir.“

Sigbjörn telur að veiðarnar ættu að vera á hendi ríkisins en ekki sveitarfélaganna. Skútustaðahreppur þekur sex prósent af flatarmáli landsins en íbúarnir eru 450, eða 0,15 prósent landsmanna.

„Það er rétt að Mývatnssveit hefur lengi verið nokkuð laus við mink,“ segir Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Hann segir minka aðeins hafa veiðst á jafri svæðisins. „Það heyrir til undantekninga ef greni finnst nærri vatninu.“ Hann telur forgangsmál að minkurinn nái ekki fótfestu á ný en í kringum 1980 fóru veiðar að skila árangri. „Þegar hann kom fyrst



MYND/DANIEL BERGMANN

STRAUMÖND VIÐ MÝVATN Straumöndum hefur fjölgað mikið við Mývatn síðan veiðar á minki fóru að skila árangri upp úr 1980. Sama gildir um flórógöðann. Talið er að þessar tegundir séu hvað viðkvæmstar ef minkur nær á ný fótfestu við vatnið.

breyttist varpið mikið. Frægt andavarp í Slútnesi hvarf til að mynda alveg.“

Að sögn Árna er flöskuhálssinn í afkomu minksins um háveturinn. „Það væri mjög slæmt ef minkur yrði ekki veiddur í nóvember og desember.“

Árni tekur undir að Mývetningar

eigi ekki að bera kostnaðinn af veiðunum. „Mývatn er náttúruverndarsvæði með sérstökum lögum og einstakt í heiminum.“

„Ef ég fæ ekki að veiða hér í vetur verða minkagreni um allt svæðið strax næsta vor,“ segir Ingi Þór Yngvason, sem hefur sleitulaust í þrjá áratugi séð um veiðarnar með

góðum árangri. Hann hefur þó meiri áhyggjur af fjölgun tófunnar. „Ég hef minni áhyggjur af minknum þar sem ég treysti mér til þess að vinna það allt til baka. Það er auðvelt að veiða hann í gildrum allan ársins hring. „Ég er ekki jafn viss með refinn, við höfum ekki sama tak á honum.“

grs@frettabladid.is

ÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

- ÚTIVISTARDEILD
- LÍNUSKAUTADEILD
- REIÐHJÓLDEILD
- VEIÐIVÖRUDEILD
- VIÐLÖGUBÚNAÐUR

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 • Sími 533 4450 • www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

STÓÓÓR ÚTSALA: VERÐ - HRUVUUN Á KLETTHÁLSI

Örfá sýnishorn:

Mitsubishi Lancer
árg. 97 ek. 86.000
verð 390.000 kr.
verð áður 570.000 kr.

Volkswagen Golf 1,4
árg. 01 ek. 60.000
verð 750.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

Audi A6 1,8T
árg. 04 ek. 400.000
verð 2.850.000 kr.
verð áður 3.250.000 kr.

Mitsubishi Pajero Pinin
árg. 02 ek. 70.000
verð 1.040.000 kr.
verð áður 1.570.000 kr.

Peugeot 306 Station
árg. 99 ek. 93.200
verð 290.000 kr.
verð áður 590.000 kr.

Skoda Octavia
árg. 00 ek. 123.000
verð 550.000 kr.
verð áður 740.000 kr.

Volkswagen Vento 1,6
árg. 97 ek. 120.000
verð 290.000 kr.
verð áður 550.000 kr.

Volkswagen Caddy
árg. 02 ek. 45.000
verð 650.000 kr.
verð áður 830.000 kr.

**Volkswagen Golf
4Motion Variant**
árg. 03 ek. 71.000
verð 1.320.000 kr.
verð áður 1.560.000 kr.

**Volkswagen Passat
Comfortline**
árg. 99 ek. 90.000
verð 620.000 kr.
verð áður 890.000 kr.

Einnig stórútsala hjá:
Söluumboði Heklu á Selfossi, sími 482 1416
Söluumboði Heklu í Reykjanesbæ, sími 420 5000

Smelltu þér á www.bilathing.is og skoðuðu útsölubíla!

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL BÍLA
ALLT AÐ 150.000 KR.
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
Í DAG OG UM HELGINA!

100%
FJÁRMÖGNUN
á völdum
bílum

ALLT AÐ
750 þús.
KR. AFSLÁTTUR!



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Námer eitt í notuðum bílum

Kletthálsi 11
sími 590 5040
www.bilathing.is



VIÐ ÖLLU BÚINN Liðsmaður eitrefna-deildar lögreglunnar í Singapúr sýnir hvernig best er að skola af sér eitir. Viðbrögð við efna- og sýklavopnárás voru æfð í landinu í gær.

Prófessor við Háskólann í Reykjavík:

Lán Íbúðalánasjóðs óheimil

VIÐSKIPTI Íbúðalánasjóði er samkvæmt lögum og reglugerðum ekki heimilt að veita lán til fjármálfyrirtækja með þeim hætti sem sjóðurinn gerir samkvæmt álitserð Jóhannesar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og prófessors við Rannsóknarstofnun í fjármálarétti við Háskólann í Reykjavík.

Jóhannes segir að Íbúðalánasjóður hafi heimild til þess að eiga viðskipti með verðbréf í því skyni að stýra áhættu en lánasamningar við fjármálfyrirtæki uppfylli ekki þau skilyrði.

Árni Páll Árnason lögmaður segir forsendur sem Jóhannes gefi sér ekki eiga sér stoð í raunveruleikan-

um. „Það er alrangt að löginn takmarki áhættustýringu Íbúðalánasjóðs þannig að hann megi bara eiga viðskipti með verðbréf. Þvert á móti er sjóðnum heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum að eiga önnur viðskipti en með verðbréf í áhættustýringarskyni.“

Árni Páll segir að sjóðurinn verði að tryggja framboð íbúðabréfa á markaðnum til að eiga áfram kost á þeirri fjármögnunarleidd. Ekki sé hægt að hætta útgáfu verðbréfaflokka ef viðhalda eigi trú markaðarins á íbúðabréfum.

Álitserð Jóhannesar var unnin fyrir Samtök atvinnulífsins og banka og verðbréfafyrirtækja. - **bg**



GUÐMUNDUR BJARNASON, FORSTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Árni Páll Árnason vann álit fyrir Íbúðalánasjóð og segir endurlán sjóðsins ekki fela í sér ríkisábyrgð.

DANMÖRK

FINGRALANGUR SAFNVÖRÐUR

Safnvörður á Lista- og hönnunarsafni Danmerkur í Kaupmannahöfn hefur verið handtekinn fyrir að stela yfir 100 munum úr eigu safnsins og selja þá fyrir jafnvirði tíu milljóna íslenskra króna. Málsvörn mannsins er að hann hafi verið örvinglaður vegna HIV-smits síns og andláta í fjölskyldunni.

FÆR AÐ DVELJA ÁFRAM Í

LANDINU Rússneskar mæðgur sem senda átta úr landi þar sem þær skiluðu umsókn um framlengingu á landvistarleyfi nokkrum klukkustundum of seint fá að búa í Danmörku eftir allt saman. Mæðgurnar, sem búið hafa í Danmörku í mörg ár, voru komnar út á flugvöll þegar hringt var í þær og þeim sagt að þær fengju að vera.

2005-2006

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

notalegar
Kanarí
sólríkt
Tyrkland
brosandi
Kúba

Frábær tilboð í allan vetur

Bókaðu strax besta verðið!

<p>Verðdæmi KANARÍ 4. eða 11. jan.</p> <p style="font-size: 24pt; color: red;">27.680 kr.</p> <p>á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á Paraiso Maspalomas, ferðir til og frá flugvelli erlendis, ísl. fararstjórn og flugvallarskattar.</p>	<p>Verðdæmi KÚBA 3. apríl</p> <p style="font-size: 24pt; color: red;">77.680 kr.</p> <p>á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting í 8 nætur á Havana Libre, ferðir til og frá flugvelli erlendis, ísl. fararstjórn og flugvallarskattar.</p>	<p>Verðdæmi TYRKLAND 6. okt.</p> <p style="font-size: 24pt; color: red;">49.900 kr.</p> <p>á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. 62.428 kr. á mann ef 2 ferðast saman. Innifalið: Flug, gisting í 12 nætur á Club Sundream 6. okt., ferðir til og frá flugvelli erlendis og flugvallarskattar.</p>
--	--	--

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 200 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is



TÖLVUBÚNAÐUR Misindismenn eiga yfirleitt öflugan tölvubúnað á borð við þann sem hér sést. Hann er ekki viðkomandi fréttinni en lögreglan gerði hann upptækan í mars vegna gruns um barnaklámsefni.

Ekkert barnaklám þrátt fyrir lúsarleit

Ekkert barnaklám fannst í tölvubúnaði 32 ára Íslendinga sem Europol sendi tilkynningu um til lögreglunnar í Reykjavík fyrr í sumar.

LÖGREGLUMÁL Ekkert barnaklámsefni hefur fundist í tölvubúnaði Íslendinga sem lögreglan í Reykjavík handtók um miðjan júní, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Málið er nú komið til lögræðideildar lögreglustjórans í Reykjavík. Þaðan verður því vísað til ríkissaksóknara til ákvörðunar um hvort ákæra verður lögð fram eða því vísað frá.

Lögreglan í Reykjavík handtók á sínum tíma 32 ára mann vegna gruns um að hann tengdist alþjóðlegum barnaklámhring. Handtakan tengdist umfangsmiklum aðgerðum gegn klámhringnum sem stjórnað var af Europol undir heitinu „Icebreaker“. Náðu þær til um 150 manns í 13 löndum. Við rannsóknina ytra komu upp vísbendingar um að Íslendingurinn hefði tengst netbúnaði klámhringsins. Hann var yfirheyrður og látinn laus að því loknu. Hann hefur ekki komið við sögu lögreglu áður vegna aðildar að barnaklámi. Þá var ekki talið

að hann hefði dreift slíku efni til annarra hér á landi.

Lögreglan lagði hald á átta tölvur og fjöldann allan af disklingum og myndböndum á heimili mannsins. Undanfarnar vikur hefur farið fram „lúsarleit“, eins og það var orðað við blaðið, í tölvunum en ekkert klámefni fundist.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að málið hafi verið um ár í vinnslu hjá Europol þegar beinni þaðan barst til lögreglunnar í Reykjavík vegna hins grunaða Íslendinga.

„Reglan er sú að það efni sem er inni í tölvu er á ábyrgð þess sem skráður er fyrir henni, nema að hann geti sýnt fram á að einhver annar hafi verið þar að verki,“ segir Sigurbjörn Víðir.

Barnaklámið sem maðurinn er grunaður um að hafa sótt var vistað í tölvu á Ítalíu. Ekki þurfti sérstakan aðgang að netkláminu heldur var hægt að komast inn á miðilinn með leit. **jss@frettabladid.is**

Sóst eftir búsetu í Eyjafjarðarsveit: Byggingarlóðir uppseldar

PENSLA Veruleg eftirspurn er eftir byggingarlóðum í Reykárhverfi við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit og hefur öllum skipulögðum lóðum á vegum sveitarfélagsins verið úthlutað.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri segir að þær 26 lóðir sem sveitarfélagið hefur auglýst á undanförunum tveimur árum hafi gengið fljótt út en unnið sé að nýju aðalskipulagi með það að markmiði að fjölga lóðum.

Eyjafjarðarsveit hefur takmarkað rými undir fleiri byggingarlóðir og segir Bjarni að sveitarfélagið geti líklega

ekki boðið nema 30 til 40 lóðir til viðbótar á eigin landi. Aðallega eru það Akureyringar og Eyfirðingar sem sækjast eftir að flytja til okkar en svo virðist sem áhugi á búsetu í Eyjafjarðarsveit fari vaxandi og í sumar seldum við fimm lóðir til fólks utan Eyjafjarðarsvæðisins, segir Bjarni.


Byggingarlóðir undir einbýlishúsi í Eyjafjarðarsveit kosta 1,4 milljónir króna en sveitarfélagið býður 25 prósentu aflslátt ef flutt er í húsin innan 18 mánaða frá því lóðirnar eru byggingarhæfar. - **kk**

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

SVARTI DREKINN



Ræður tölvan þín við það sem þú vilt gera eftir skóla?



15"

MEDION

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!
Verð kr. 9.588 með fartölvu

- MD95333-DVD
MEDION X2 BLACK DRAGON DVD
- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
 - 512MB DDR minni
 - 40GB harður diskur
 - DVD±R brennari - Útvær USB
 - S3 UniChrome skjástýring
 - 802.11G 54Mbps þráðlaust net
 - VGA tengi, 4x USB 2.0
 - Lithium-Ion rafhláða
 - Nett og Létt!
 - Mál: 33 x 27.7 x 2.3/3.4 cm
 - Þyngd aðeins 2.2 kg.



BT
Bestu kaupin

Sú ódýrasta á landinu!

Gullna tölvan
Allar Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna t.d. Gullnu Tölvuna

Þráðlaust net
Innbyggð 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4
Ófluger en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orkusparandi Centrino tækninni.

NYTT KORTATÍMABIL FYRSTA GREIÐSLA 1. OKT

Nú með DVD skrifara

* **2.399.**

2.399*
Tölvukauplán 48 mán.

6.499**
Vaxtalaust 12 mán.

77.988
Staðgreitt



15,4"

TOSHIBA

- Toshiba Satellite M40X-119
PSM4XE-01L018G3
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
 - 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
 - 60GB S.M.A.R.T. drif
 - 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
 - Intel GMA 915 skjástýring
 - Super DVD Multi brennari
- 10/100 Ethernet og V.90 mótalld
 - VGA, TV-OUT, kortalesari
 - i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
 - 365 x 275 x 29.5 mm, 3.0 kg
 - Lithium-ion, Allt að 3.16 klst. (Mobile Mark™)
 - Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
 - Windows XP Home
 - 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Intel Pentium Centrino Dothan örgjörvi Ny útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

S.M.A.R.T
Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

Tengdu við sjónvarp
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

15,4 Breiðtjaldsskjár
Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.

Super DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Ný Intel tækni - Sonoma
Hraðari gagnabrautir, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Geggjuð vél!!

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!
Verð kr. 9.588 með fartölvu

20th Anniversary
Toshiba Notebook PC since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölvu.

AS SEEN ON TV

BT

NYTT KORTATÍMABIL FYRSTA GREIÐSLA 1. OKT

3.527

3.527*
Tölvukauplán 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 12 mán.

119.988
Staðgreitt

www.bt.is

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu. **Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjöld bættist við samningsstærðina og greiðst með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

16.00

Aðalsteinn Ingólfsson

listfræðingur sýnir og segir frá listaverkum í eigu bankans.

17.30

Þjóðleikhúsið

- Klaufar og kóngsdætur.

18.00

Sardas strengjakvartettinn.

18.30

Íslenski dansflokkurinn.

19.00

Íslenska óperan

- Gunnar Guðbjörnsson, Hulda Björk Garðarsdóttir og Jónas Ingimundarson.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA-IS LBI 29123 08/2005

19.30

Selma og Hansa
– Söngdivurnar taka lagið.

20.00

Earth Affair
með Gulla Briem og félögum.
Frumflutningur á Íslandi!

20.30

Tónleikurinn BÍTL
– Öll bestu Bítalögin.

21.00

Fönksveitin Jagúar
á útipalli.

22.00

Guðmundur Pétursson
með gítarinn á svölunum.



Landsbankinn

Máttarstólpi Menningarnætur

Menningarnótt í Landsbankanum 20. ágúst 2005



„ORÐRÉTT“

„Fólkið sem ég vinn fyrir telur að mín starfsorka og framkoma sem stjórnmaður og skoðanir séu þess eðlis að það telji ákjósanlegt að ég vinni fyrir það mikilvæg störf eins og að vera borgarstjóri.“

„Hver kannast ekki við lítið höfuð sem gægist inn um eldhúshurðina heima, eða á leikskólanum eða elliheimilinu og spyr hvað sé í matinn.“

JÓN BJARNASON ÞINGMAÐUR Í MORGUNBLAÐINU.

ÖSSUR SKARPHÉDINSSON ÞINGMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓN BJÖRNSSON SPARISJÓÐSSTJÓRI

Frábært frí í Flórens og Suðurlandi

„Þetta er búið að vera alveg frábært sumar,“ segir Jón Björnsson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga. Jón hafði það náðugt í júlí og dreif sig til Suðurlands í þriggja vikna frí með fjölskyldunni. „Við vorum einstaklega heppin með veður, vorum í sól og 20 stiga hita nærri allan tímann og áttum góða daga.“

Í vor fór Jón í stutta ferð til Flórens og Toskana í fyrsta sinn og fannst mikið til koma. „Það var afar fallegt og gaman að koma þangað. Ég fór meðal annars í gönguferð um nærliggjandi smáþorp og það var alveg magnað. Þá stundar Jón útreið-



ar af kappi. „Jú, ég rið mikið út og keppti stundum og það hefur bara gengið vel.“ Þó hann vinni mikið segir Jón það ekki erfitt að ráðstafa tómstundunum, sérstaklega á sumrin, því þá er lítið um að vera miðað við aðra tíma árs. Hann er feginn að hafa safnað kröftum í sumar því það er von á annríki í haust. „Það er alltaf mikið að gera í september, október og nóvember; fólk virðist nota tímann eftir sumarfrí til að fara yfir sín mál. Það er enn mikil þensla á íbúðarlánamarkaði og einstaklingum fer fjölgandi í viðskiptum við okkur og við eigum fullt í fangi með að halda í við þetta.“

STÓÓÓR
ÚTSALA
Á KLETTHÁLSI
ÓTRÚLEGT
ÚRVAL
BÍLA

BÍLAPING HEKLU

Náms eit í notuðum bílum

Kletthálsi 11 Laugavegi 174 sími 590 5040
www.bilathing.is



Talstöðin

Vatn rennur úr ginum ljónanna

Ljónagosbrunnur Samúels í Selárdal hefur verið færður í sitt fyrra horf. Eftir næstum fjörtíu ára þurrð er hægt að veita um hann vatni á ný.

Dýski myndhöggvarinn Gerhard König hefur lokið viðgerðum á listaverkum Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði. Lauk þeim með þeim táknræna hætti að vatni var veitt á kerfi ljónagosbrunnisins en talið er að það hafi ekki verið gert í hartnær fjörtíu ár. Þótti viðstöddum tilkomumikið að horfa á vatnið seytila úr ginum ljónanna sex sem standa í boga og minna á gosbrunninn fræga við Alhambra-höllina í Granada á Spáni.

Gerhard König var þrjár vikur að störfum og naut aðstoðar Lárusar Sigurðssonar og Guðjóns



VATNIÐ VÆTLAR ÚT Að líkindum hefur vatn ekki seytilað úr munnum ljónanna síðan 1967 þegar Samúel fluttist úr Selárdal.

Kristinssonar. Varði hann svipuðum tíma við viðgerðir á síðasta ári og enn er stefnt að áframhaldandi störfum hans í Selárdal. Ólokið er viðgerðum á Listasafni Samúels og vonast félagar í Félagi um endurreisn Samúels í Sel-



VATNI VEITT Á LJÓNAGOSBRUNNINN Gerhard König hellir vatni í skál brunnsins en frá henni líður það eftir veitukerfi og fram í gin ljónanna. Börnin tvö voru á ferðalagi með foreldrum sínum í Selárdal þegar myndirnar voru teknar.

árdal til að nægir peningar safnist svo unnt sé að leggja lokahönd á verkið.

Herborg Auðunsdóttir hefur fylgst með König og aðstoðarmönnum hans að verki og skrásett sögu endurbótanna. Vonast

hún til að geta miðlað upplýsingum sínum áfram með einhverjum hætti, hvort heldur sem verður með heimildarmynd eða ljósmyndasýningu. Herborg tók myndirnar með greininni.

bjorn@frettabladid.is

Búradagar
10-50% afsláttur
af öllum fiskabúrum um helgina



DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is



FLUGELDASÝNINGIN Í FYRRA Sýningin er rúsinan í pylsuenda glæsilegrar dagskrár á Menningarnótt.

Flugeldasýning á Menningarnótt:

Tveggja vikna vinnu skotið á loft

„Flugeldasýningin verður svipuð að umfangi og í fyrra, um það bil fjögur þúsund skot, en við breytum auðvitað til þannig að þetta verður ekki sama sýningin,“ segir Víðir Reynisson sem, ásamt öðrum, hefur veg og vanda af því að skipuleggja flugeldasýninguna á Menningarnótt.

Það er nákvæmnisverk að ákveða samsetningu sýningarinnar, enda hafa Víðir og félagar



VÍÐIR REYNISSON

staðið í ströngu undanfarnar tvær vikur við undirbúning. „Þetta byggist fyrst og fremst á að vita hvaða litir, hvellir og ýlur passa saman. Við reiknum svo út hversu lengi hver bomba er á leiðinni upp og hvað hún logar lengi og notum svo tímastilla til að skjóta þeim upp,“ segir Víðir sem hefur skipulagt flugeldasýningar í 20 ár og finnst það alltaf jafn gaman.

- bs

Vandaðar Lego skólatöskur

LEGO

- Endurskinsrendur á öllum hlíðum
- Sterkt efni sem hrindir frá sér vatni og óhreiningum
- Hvorki notað nikkel né óæskileg litarefni
- Þrautreynt af börnum og í rannsóknarstofum

Gildir fyrir báðar tegundir

Stór einangraður framvasi með stóru nestisboxi



Hliðarvasi með einangruðum drykkjarbrúsa



Mjök og stílanleg axlabönd með endurskinsröndum



Stundaskrá með nafnareit í lokinu (töskuhettunni)



Poki fyrir leikfimidót er smelt ofan á töskuna. Hægt að nota sem trúarpoka eða bakpoka



Þægilegt bakpili úr mjúku efni, með loftrasum



Glar hliðarvasi, t.d. fyrir strátómíða o.fl.



Sterk teygja tryggir rétta dreifingu þyngdar



Utanálggjandi vasi fyrir pennaveski



Gildir fyrir tegund 1:

Tegund 1

Þyngd: 950 g
Rúmmál: 23 lítrar
Stærð: 39 x 43 x 24 cm

Tegund 2

Þyngd: 850 g
Rúmmál: 18 lítrar
Stærð: 36 x 31 x 22 cm

Vasi innaná fyrir pennaveski



Höfaskipting fyrir rétta dreifingu þyngdar



Gildir fyrir tegund 2:

clikits

BIONICLE



CLIKITS™ Heart
Skólataska með leikfimidpoka (3200)



CLIKITS™ Heart
Skólataska með leikfimidpoka (3213)



BIONICLE®
Skólataska með leikfimidpoka (3140)



CLIKITS™ Heart
Pennaveski (3208)



CLIKITS™ Heart
Leikfimidpoki (3210)



BIONICLE®
Pennaveski (3148)



BIONICLE®
Leikfimidtaska (3150)



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÖSTVERSLUN


www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA

SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi stöðugilda á leikskólum
Heimild: HAGSTOFA ÍSLANDS



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: GAZA-STRÖNDIN

Bitbein Palestínnumanna og Ísraela

Gaza-ströndin hefur mikið verið í fréttum að undanföngu vegna ákvörðunar stjórnvalda í Ísrael að skipa Ísraelskum landnemum að hafa sig þaðan burt. Brottlutningurinn stendur nú yfir og er vonast til þess að honum ljúki á næstu dögum eða vikum.

Hver er tilurð Gaza-strandarinnar?

Gaza-ströndin er landræma fyrir botni Miðjarðarhafs með landmæri að Egyptalandi í suðri og Ísrael í norðri og austri en er ekki viðurkennt alþjóðlega sem sjálfstætt ríki.

Eftir hrun Tyrkjaveldis að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni varð svæðið

hluti af Palestínu sem þá var undir stjórn Bretlands. Árið 1947 skiptu Sameinuðu þjóðirnar svo Palestínu á milli gyðinga og Palestínnumanna þegar Ísraelsríki var stofnað. Hvorir um sig fengu um helming landsins og tilheyrði Gaza Palestínnumönnum samkvæmt þeirri skiptingu. Palestínnumenn voru mjög ósáttir við að fá aðeins helming landsins þar sem þeir voru mun fleiri en Ísraelar.

Eftir fyrsta stríð Ísraela við nágrannþjóðir sínar árið 1948 komst Gaza-ströndin hins vegar undir yfirráð Egypta. Sú stjórn stóð hins vegar aðeins í tuttugu ár því í sex daga stríðinu 1967 lögðu Ísraelar svæðið aftur undir sig. Með Óslóarsam-

komlaginu 1993 var svo stór hluti svæðisins settur undir takmarkaða palestínska sjálfstjórn.

Hverjir ráða Gaza?

Tæp sjötíu prósent Gaza-svæðisins eru undir yfirráðum Palestínnumanna, sem eru jafnframt 99,4 prósent allra íbúa þess. Tæpur þriðjungur svæðisins lýtur yfirráðum Ísraelsmanna, og er sá hluti meðal þeirra svæða sem nefnd hafa verið „hernumdu svæðin“. Ísraelar hófu skipulagt landnám á yfirráðasvæði Palestínnumanna í upphafi áttunda áratugarins og var Ariel Sharon, núverandi forsætisráðherra Ísraels, meðal þeirra sem hvatti til þess.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SPURT & SVARAÐ
MANNEKLA Á LEIKSKÓLUM

Staðan gæti verið betri

Í óefni stefnir hvað leikskóla Reykjavíkurborgar varðar en illa gengur að manna stöður fyrir veturinn. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir er aðstoðarsviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Hvernig er staðan nú? Að mínu viti er staðan ekki verri nú en hún hefur verið síðustu ár. Þar með er ekki sagt að hún sé eins og við viljum hafa hana en hún er ekki verri en verið hefur.

Hvað er til ráða? Störf á leikskólum eru skemmtileg og flestir sem við það starfa eru því sammála. Það verður hins vegar að segjast að laun þeirra starfsmanna sem eru ófaglærðir eru í lægri kantinum og það kann að hafa áhrif. Hins vegar eru kjarasamningar lausir í haust og við verðum að vona að leikskólastarfmenn eins og aðrir fái þar hækkunar á laun sín.

Aukaverkanir Baugsmálsins

Stefnt er að málsmeðferð Baugsmálsins í Héraðsdómi Reykjavíkur um miðjan nóvember. Þangað til beina menn sjónum að öðrum hliðum málsins, meðal annars orðspori íslenskra fyrirtækja og kaupsýslumanna. Erfitt getur reynst að draga úr neikvæðum afleiðingum fyrir þá á erlendri grundu.

Fer það svo að íslensk stjórnvöld og opinberar viðskiptastofnanir neyðist til að taka upp varnir fyrir íslensk útrásarfyrirtæki vegna framvindu Baugsmálsins? Neyðast þau til þess að rétta hlut sinn erlendis gagnvart þungum ásökunum Baugsmanna um meint afskipti Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra og fylgismanna hans af tilurð málsins?

Í ritstjórnargrein Viðskiptablaðsins á miðvikudag er spurt hvaða áhrif ásakanir Baugsfeðga í garð ráðherra og mikilvægra embætta hafi á erlenda fjárfesta og banka sem hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi og styðja við íslensk fyrirtæki í útrás. Orðrétt segir: „Fái erlendir fjárfestar þá flugu í höfuðið að stjórnvöld stundi pólitískar ofsóknir er hætt við að þeir hugsi sig um tvisvar áður en þeir ráðast í fjárfestingar á Íslandi eða fari í samstarf við íslensk fyrirtæki sem hafa áhuga á að vaxa erlendis.“

Síðar segir í ritstjórnargrein Viðskiptablaðsins að Baugur hafi réttilega farið af stað með herferð til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það eigi íslensk stjórnvöld einnig að gera.

Þau hafi unnið markvisst að því að gera íslenskt viðskiptaumhverfi vinveitt fyrirtækjum til þess að laða að erlenda fjárfestingum.

Pólitískur stöðugleiki skiptir máli
Í aldarfjórðung reyndu íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun árangurslaust að laða erlenda fjárfesta í orkufrekum iðnaði hingað til lands. Ekkert gerðist fyrr en Bandaríkjamadurinn Kenneth Peterson samdi við Íslendinga um raforkukaup og álframleiðslu Norðuráls, sem hófst árið 1998.

Hvað hafði Ísland að bjóða erlendum fjárfestum í stóriðju? Umfram allt raforku á viðunandi verði, góðar samgöngur, stöðugt vinnuafli, viðunandi skattaumhverfi og síðast en ekki síst stöðugt stjórnarfar. Stjórnendur nokkurra erlendra álframtækja sem áttu í viðræðum við íslensk stjórnvöld á níunda og tíunda áratug síðustu aldar sögðu við þann sem þetta skrifar að stjórnarfar skipti miklu máli fyrir áhættufjárfestingar erlendis. Hugboð um spillingu í viðkomandi landi skipti einnig máli. Því væri það svo að þótt raforka væri boðin á útsöluverði í tilteknu ríki Suður-Ameríku ríkti slík óvissa um pólitískan stöðugleika og spillingu að fjárfestum þætti ekki áhættunnar virði að fjárfesta þar á þeim tíma.

Lise Lück, lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, sagði í viðtali við dönsku fréttatöfuna Ritzau í gær að sér kæmi ekki á óvart þótt fótur væri fyrir ásökunum stjórnenda Baugs um að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og íslensk stjórnvöld væru með puttana í Baugsmálinu. Tengsl væru mikil milli stjórnmálamanna, athafnamanna og opinberra aðila í litlu samfélagi Íslendinga og Baugsmálið einkenndist af miklum fjandskap af hálfu Davíðs Oddssonar. Lise gat þess einnig að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefði haldið uppi merkjum Baugs á erlendri grundu og nefndi Kína í því sambandi.

Fjörbrot gamla þjóðfélagsins

Þetta leiðir hugann að því að Baugsmálinu vindur fram á tvennum stöðvum. Annars vegar er um að ræða kærú, húsleit, lögreglurannsókn, málfletning og loks dóm um sekt eða sýknu. Burtséð frá hugsanlegum hnökrum á vinnubrögðum rannsóknar- og ákærvalds lýtur málið formlegum og réttarfarslegum reglum í þessu tilliti.

Hins vegar er um að ræða eins konar þjóðfélagslega og pólitíska hlið Baugsmálsins. Staðfatar ásakanir Jóns Ásgeirs og annarra stjórnenda Baugs um óvild og afskipti Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráð-



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESON Jón Ásgeir gengur frá Héraðsdómi Reykjavíkur eftir þingfestingu Baugsmálsins. Málið vekur athygli langt út fyrir landsteinana og kann að hafa áhrif á önnur fyrirtæki en Baug.

herra, af málinu og áhrif slíkrar óvildar á framvindu þess. Enginn þarf að fara í grafötur um það að fjölmiðlamálið, sem skók samfélagið í fyrria, tengist einnig þessari hlið Baugsmálsins. Þá beitti forseti Íslands stjórnarskrárbundnum málskotsrétti og synjaði nýsettum fjölmiðlalögum staðfestingar. Þjóðin var klofin í afstöðu sinni og atgangurinn á stjórnsmálumræðunni varð óheyrrileg.

Afar ólíklegt verður að telja að mál sem Baugsmálið komi upp aftur í íslensku þjóðfélagi. Sumpart vegna þess að afleiðingarnar af því eru líkast til orðnar aðrar og meiri en nokkur ætlaði. Sumpart einnig vegna þess að hagsmunir Íslendinga taka á sig æ alþjóðlegri blæ og heimóttarlegt stríð viðskipta-

blokka með pólitískum stríðsherrum vikur fyrir baráttu á alþjóðlegum samkeppnismörkuðum. Baráttu íslenskra fyrirtækja sem eiga mestra hagsmuna að gæta utan landsteinanna.

Með nokkrum rökum má setja fram þá tilgátu að Baugsmálið endurspeglir fjörbrot stjórnmála og viðskiptahátta í íslensku samfélagi sem renni senn sitt skeið á enda. Vera má að fjörbrotin séu það skaðvænleg íslensku viðskiptalífi og títtnefndri útrás að stjórnvöld neyðist til að grípa til einhverra ráðstafana. ■



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUSSON
johann@frettabladid.is

PIRELLI Rally

Sérleiðir eknar innanbæjar:

Fimmtudagur 18. ágúst kl. 19:15
Gufunes, gengt Shell Grafarvogji

Föstudagur 19. ágúst kl. 19:30
Gufunes, gengt Shell Grafarvogji

Laugardagur 20. ágúst kl. 12:00
Geitháls, við Suðurlandsveg

Hefst við Perluna
fimmtudaginn 18. ágúst kl. 17:00

Lýkur á Austurvelli
laugardaginn 20. ágúst kl. 16:00

Nánari upplýsingar liggja frammi
á þjónustustöðvum
Shell á höfuðborgarsvæðinu
og á www.max1.is



GERÐU ÞÉR MAT ÚR GÚRKUM

GÚRKUSALSA

1 stór íslensk gúrka
3 íslenskir tómatar, þroskaðir
1 lítill rauðlaukur
1/2 græn íslensk paprika
1/4 gul íslensk paprika
1 sítróna
3 msk ólífuolía
1/2-1 steinseljuknippi, saxað
3-4 msk graslaukur, saxaður*
3/4 tsk nýmalaður pipar**
salt

Gúrkun skorin í litla teninga. Tómatarnir skornir í helminga, fræin skafin úr þeim með skeið og þeir síðan skornir í teninga. Rauðlaukurinn skorinn í litla bita og paprikurnar fræhreinsaðar og skornar í teninga. Öllu blandað saman í skál. Safinn kreistur úr sítrónunni og hristur saman við olíu, steinselju, graslauk, pipar og salt. Hellt yfir grænmetið og blandað vel. Látið standa nokkra stund. Borið fram t.d. sem meðlæti með grillmat eða steiktu kjöti eða fiski.



* (má nota vorlauk)
** helst regnbogapipar (fimmliit piparblanda)

www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

Skráningu lýkur í kvöld

Þú getur skráð þig í *Íslandsbanka-Reykjavíkumaraþon* í TBR-húsinu, Gnoðarvogi 1 í dag milli kl. 12 og 21.

Þar verður líka Barilla pastaveisla milli kl. 18 og 21 fyrir þátttakendur. Sjáumst þar!

Mættu í Lækjargötuna!

- ✚ Glæsileg fjölskylduskemmtun hjá Íslandsbanka við Lækjargötu
- ✚ Hvetjum alla til að mæta með hljóðfæri við hlaupaleiðirnar
- ✚ Nánari upplýsingar og hlaupaleiðir er að finna á marathon.is





kl 21.00

**Glæsileg fjölskyldudagskrá 20. ágúst
hjá Íslandsbanka við Lækjargötu**

09.00 Góðgerðastart
hlaupið til styrktar sykursjúkum

10.00 Maraðon (42,2 km)

10.45 Upphitun – Dís í World Class og Georg



Borgarstjórinn í Reykjavík ræsir hlaupið

11.00 Skemmtiskokk (3 km)

11.10 10 km og hálfmaraþon (21,1 km)

Öll hlaupin hefjast hjá Íslandsbanka við Lækjargötu

11.40 Skemmtidagskrá hjá Íslandsbanka við Lækjargötu

- Í svörtum fötum
- Karlakórinn Fóstbræður
- Götuleikhúsið – eldgleypar
- Georg sparibaukur Íslandsbanka

Skemmtidagskrá á hlaupaleið

- Blásarakvintett
- Bassadúett
- Harmonikuleikur
- Karlakórinn Fóstbræður

16.00 Tímatöku lokið

21.00 Stórtónleikar Rásar 2 og Rauða krossins á
Hafnarbakkanum í boði Íslandsbanka

- Hjálmar
- Í svörtum fötum
- KK og Maggi Eiríks
- Todmobile



Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili

Íslandsbanka-Reykjavíkurmaraþons og bakhjarl Stórtónleika

Rásar 2 og Rauða krossins á Hafnarbakkanum kl. 21.00

Njóttu dagsins með okkur!



ÍSLANDSBANKI | 100%

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN MAGNÚS EGILSSON**

Ásakanirnar sem hafa gengið milli Davíðs Oddssonar og forráðamanna Baugs eru einn angur af öllu málinu.

Davíð og Baugur

Það eru eftirtektarverðar fullyrðingar sem forsvarsmenn Baugs hafa sett fram um Davíð Oddsson. Það eru að sama skapi hörð orð sem Davíð hefur viðhaft um forráðamenn Baugs. Þjóðin situr hjá og kemst ekki hjá að sjá og heyra. Fáir hafa gaman af og svo mikið er víst að átökin milli þessara manna hafa aldeilis meitt fleiri en þá.

Allt frá því að Davíð og Hreinn Loftsson hittust á fundi í Lundúnum hafa ásakanir gengið á víxl. Ef það er rétt hjá Baugsmönnum að sakamálið sem nú er höfðað gegn þeim sé meðal annars afleiðing einhvers sem þeir hafa sagt eða gert og Davíð ekki líkað, þá er það svo ótrúlegt og svo vont að þjóðin getur ekki sæst við það. Með sama hætti er það algjörlega óþolandi ef ekki er fótur fyrir ásökunum Baugsmanna. Þorri Íslendinga á ekki aðild að deilunni og eflaust væri ósk flestra að hún væri ekki til. Að til hennar hefði ekki komið. En það verður ekki aftur snúið. Stór hluti málsins er til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

En svo er ekki með allt málið. Hver sem niðurstaða dómstóla verður situr þjóðin uppi með tvennt sem engar horfur eru á að hún fái nokkurn tíma sameiginlegan skilning á. Orð Davíðs og orð Baugsmanna.

Deilendurnir vita hvað er rétt og hvað er rangt. Áhorfendurnir vita hvorki upp né niður og verða líklega að búa við það.

Hvers vegna brást Hreinn Loftsson svo harkalega við eftir Lundúnafundinn með Davíð? Var engin ástæða fyrir því að Hreinn varaði samstarfsfólk sitt við tilvonandi rannsókn á Baugi? Hafi Davíð haft á orði að innrás væri yfirvofandi, varð það þá til þess að Baugur hafði tíma til að laga til það sem hugsanlega hafði misfarist? Stærsta spurningin er tvíþætt, annars vegar hvort rétt geti verið að Davíð hafi hót- að rannsókn og ef það er rétt, hvernig Davíð vissi að slíkt stæði til. Einhvern veginn á þennan veg eru alvarlegar ásakanir Baugsmanna á hendur Davíð Oddssyni.

Davíð Oddsson svaraði fyrir sig og sagði Hreinn Loftsson hafa í umboði Jóns Ásgeirs Jóhannessonar boðið sér 300 milljónir króna, léti hann af andstöðu við Baug. Davíð sagði að aldrei hefði komið til greina að þiggja múturnar. Þetta er alvarlegt.

Það sem hefur verið sagt verður ekki aftur tekið. Ásakanirnar lifa, sama hvort þær eru réttar eða rangar. Stundum eru deilur ekki alvarlegri en svo að hægt er að gleyma þeim, láta sem þær hafi aldrei orðið. Nú er það ekki hægt. Deilendurnir eru þannig og ásakanirnar á báða bóga eru þannig. Þjóðin situr uppi með það og mun sitja uppi með það. Þeir voru fáir sem settu þær af stað en margir sem þurfa að þola.

Þjóðin situr uppi með fullyrðingar um að þáverandi forsætisráðherra hafi beitt opinberum stofnunum gegn þeim sem voru honum ekki að skapi og fullyrðingar um að audugir menn hafi ætlað að kaupa sér grið þessa sama ráðherra með miklum peningum. Deilendurnir vita hvað er rétt og hvað er rangt. Áhorfendurnir vita hvorki upp né niður og verða líklega að búa við það.

Kaffihúsið kemur

Með endalokum Reykjavíkurlistans hverfa væntanlega svokallaðir „óháðir“ borgarfulltrúar úr borgarstjórninni. Einn þeirra er Dagur Eggertsson læknir. En hann virðist ekki láta það á sig fá og heldur ótraudur áfram baráttu fyrir skemmtilegri hugmynd sinni um veitingahús í Hljómskálagarðinum. Dagur er formaður skipulagsráðs borgarinnar og hefur nú fengið það til að samþykka breytingar á skipulagi garðsins sem felur í sér heimild til að reisa þar kaffihús með úti-veitingapalli. „Kannski er merkilegast við þessa hugmynd að henni hafi ekki fyrir löngu verið hrint í framkvæmd“, segir hann í



FRÁ DEGI TIL DAGS

blaðgrein í gær. Nokkuð til í því. Gaman væri að sjá iðandi mannlíf í þessum fallega garði og kannski getur vel rekið kaffihús ráðið úrslitum um það. En eina búlluna enn þurfum við ekki í miðbæinn og gott að það er á hreinu frá upphafi.

Þekkir ekki líkið

Össur Skarphéðinsson segir á vefsíðu sinni í gær að hann hafi merkt kynslóðaskipti í viðhorfum til R-listans á fundi Samfylkingarinnar, þar sem tekin var ákvörðun um frambod í næstu borgarstjórnarkosningum. Hinir eldri með Steinunni Valdísi borgarstjóra og fleiri í fararbroddi vilji halda í samstarfið, en unga fólk í flokknum hafi ekki áhuga á því. Það botnar ekkert í því út á hvað R-listinn gengur. Össur hefur eftir einum úr röðum

hinna ungu „setningu kvöldins“, að sér líði einsog hann væri í jarðarför þar sem hann þekkti ekki líkið!

Áhugi á prófkjöri

Nokkur áhugi virðist vera fyrir væntanlegu prófkjöri sjálfstæðismanna vegna borgarstjórnarkosninganna. Auk núverandi borgarfulltrúa flokksins hafa heyrst nöfn fjögurra einstaklinga, sem sagt er að muni sækjast eftir sæti „ofarlega á listanum“. Þetta eru Bolli Thoroddsen formaður Heimdallar, Jórunn Frímannsdóttir, Steinn Kárason viðskiptafræðingur, sem einhverjir kannast við úr garðyrkjuþætti í sjónvarpinu, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Væntanlega á nöfnum eftir að fjölga þegar nær dregur ákvörðun um það hvenær prófkjöri verður. gm@frettabladid.is

Fáránlegar samsæriskenningar

Hafskipsmálið fyrir tuttugu árum réttum síndi, að menn eiga að bíða með að kveða upp úr sekt annarra, þangað til mál þeirra hafa verið rannsökuð, flutt og dæmd á eðlilegan hátt. Hafskipsmenn höfðu verið dæmdir, áður en mál þeirra kom fyrir dóm. Gunnar Smári Egilsson, sem þá starfaði á æsifréttablaðinu Helgarpóstinum, skrifaði hvatskeytlega um Hafskipsmálið, eins og hann hældi sér síðar af í bókinni Málsvörn mannorðsmorðingja. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var varþingmaður Alþýðubandalagsins, varpaði í sjónvarpi fram ásökunum um, að Hafskipsmenn hefðu stungið lánunum frá Útvegsbankanum í eigin vasa. Það var því ekki að furða, að Jónatan Þórmundsson, sem tók að sér að vera saksóknari í málinu, legði nótt við dag að tína fram smáatriði, sem finna mætti að úr bókhaldi Hafskips.

Þegar ég skrifaði vorið 1986 grein í tímaritið Stefni um það, að sennilega hefðu Hafskipsmenn verið óheppnir frekar en ógætnir, var ráðið harkalega á mig í forsíðufréttum í blöðum vinstri manna. En þótt eitthvað hefði eflaust mátt finna að rekstri Hafskips, voru auðvitað þrjár eðlilegar skýringar á skyndilegum fjárhagsvanda fyrirtækisins árið 1985, að skip höfðu snarfallið í verði á alþjóðlegum markaði, verkföll á Íslandi orðið því dýrkeypt og bandaríska varnarliðið ekki samið við það um flutninga. Hluthafar í Hafskip og viðskiptavinir báru síðan, að þeir hefðu ekkert haft undan því að kvarta, og dómstólar sýknuðu Hafskipsmenn af langflestum þeim atriðum, sem Jónatan Þórmundsson hafði tínt fram.

Baugsmálið er ólíkt Hafskipsmálinu um tvennt. Í fyrsta lagi eru Baugsfeðgar ekki fórn-

Í DAG BAUGSMÁLIÐ

**HANNES
HÖLMSTEINN
GISSURARSON**



Mér dettur ekki í hug að láta í ljós neina skoðun á sekt eða sakleysi Baugsfeðga. Ég er enginn sjálfskipaður ákærandi eins og þeir Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnar Smári Egilsson voru í Hafskipsmálinu og því síður skipaður og launaður saksóknari eins og Jónatan Þórmundsson var þá.

arlömb erfiðra aðstæðna. Frá 1991 hefur setið stjórn, sem hefur verið mjög vinsamleg atvinnulífina, lækkað skatta fyrir- tækja og aukið svigrúm þeirra. Baugsfeðgar hafa einmitt á þessum tíma auðgast stórkostlega, eins og einkabota þeirra, lystisnekkja og glæsibílar bera glöggan vott um. Í öðru lagi er tilefnið ólíkt. Hafskipsmálið hófst á því, að óánægðir starfsmenn laumuðu í Helgarpóstinn óþægilegum (og stundum villandi) upplýsingum um yfirmenn fyrirtækisins, jafnframt því sem stjórnmalamenn gripu tækifæri til að eggja yfirvöld áfram. Upphaf Baugs málsins er hins vegar, að viðskiptafélagi Baugsfeðga í Bandaríkjunum, Jón Gerald Sullenberger, lagði fram gegn þeim kæru, sem lög- reglan tók til rannsóknar, eins

og henni er skylt að gera, en í rannsókninni kom ýmislegt annað í ljós, svo að forsvarsmenn Baugs sæta nú þungum opinberum ákærum.

Mér dettur ekki í hug að láta í ljós neina skoðun á sekt eða sakleysi Baugsfeðga. Ég er enginn sjálfskipaður ákærandi eins og þeir Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnar Smári Egilsson voru í Hafskipsmálinu og því síður skipaður og launaður saksóknari eins og Jónatan Þórmundsson var þá. Ég vona hins vegar, að þeir feðgar reynist saklausir af þessum ákærum, enda hafa þeir margt vel gert. Hinum fráleitu ásökunum þeirra feðga opinberlega á hendur Davíð Oddssyni um óeðlileg afskipti af Baugs málinu verður hins vegar ekki látið ómótmælt. Það, sem hratt Baugs málinu af stað, var, að Jón Gerald taldi sig eiga harma að hefna gagnvart Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Hvernig verður Davíð Oddssyni kennt um það? Jón Gerald valdi sér besta lögfræðing, sem hann taldi völ á. Sá lögfræðingur er vinur okkar Davíðs. En bera Davíð og aðrir vinir Jóns Steinars Gunnlaugssonar einhverja sérstaka ábyrgð á skjólstæðingum hans? Hvað þá um Jón Baldvin Hannibalsson, sem leitaði til Jóns Steinars um erfitt mál og vann það með aðstoð hans? Á þá ekki með sömu rökum að kenna Davíð um það?

Þessar samsæriskenningar eru fáránlegar. Leiða á Baugs- málið til lykta fyrir dómstólum, en ekki með hrópunum og köllum á torgum úti. Það er hins vegar fagnaðarefni, að þeir Gunnar Smári Egilsson og Jónatan Þórmundsson hafa bersýnilega lært það af Hafskipsmálinu, að menn eiga ekki að láta smáatriði um bókhald vefjast fyrir sér, heldur sýna fésýslumönnum skilning og mildi. ■

**ALVÖRU HUMAR
& ANNAÐ GIRNILEGT FISKMETI
BEINT Á GRILLIÐ**

**ERTU Á LEIÐinni AUSTUR FYRIR FJALL
Í BÚSTAÐINN EÐA ÚTILEGUNA?**

Í VERSLUNARMIDSTÖÐINI SUNNUMÖRK VIÐ ÞJÓÐVEG NR. 1

Humarbúðin
Hlaðborð Hafsins

SUNNUMÖRK 2
810 HVERAGERÐI
SÍMI 483 3206

OPNUNARTÍMI

MÁNUD. - FIMMTUD. 11:00 - 18:30
FÖSTUDAGA. 11:00 - 19:30
LAUGARDAGA. 12:00 - 16:00

Nafnlausar strætóstoppistöðvar

**Óvissuferðir
með strætó**

þú ert hér?

Hvernig áttu að vita hvar þú ert og hvenær þú ert kominn á áfangastað?

**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Pú færð allar námsbækurnar hjá Office 1

Nýtt kortatímabil

Ódýrustu námsbækurnar

Opið alla helgina!

Notaðar og nýjar!



Ný bók 5.495,-
Notuð bók 2.832,-




Ný bók 4.995,-
Notuð bók 2.989,-



Ný bók 995,-
Notuð bók 593,-



Ný bók 2.295,-
Notuð bók 1.244,-



Ný bók 4.495,-
Notuð bók 2.344,-



Ný bók 995,-
Notuð bók 595,-



Ný bók 4.495,-
Notuð bók 2.484,-



Ný bók 5.195,-
Notuð bók 2.867,-



Ný bók 1.595,-
Notuð bók 894,-



Ný bók 2.495,-
Notuð bók 1.335,-



Ný bók 4.495,-
Notuð bók 2.572,-



Ný bók 4.995,-



Ný bók 2.795,-
Ekki notuð bók!



Ný bók 2.795,-
Notuð bók 1.395,-



Ný bók 4.495,-
Notuð bók 2.235,-




Ný bók 4.195,-
Notuð bók 1.940,-



Ný bók 1.695,-
Notuð bók 600,-



Ný bók 2.995,-




Ný bók 2.995,-
Notuð bók 840,-



Ný bók 3.995,-
Notuð bók 2.344,-




Ný bók 2.395,-
Notuð bók 1.575,-



Ný bók 2.495,-
Notuð bók 1.100,-



Ný bók 1.995,-
Notuð bók 990,-



Ný bók 3.385,-
Notuð bók 2.034,-

Verð getur lækkað án fyrirvara

LANGSTÆRSTI

SKIPTIBÓKAMARKAÐUR LANDSINS



Opið alla daga

Office 1 Superstore

Erum á staðnum með skemmtileg tilboð!



Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreytingu og prentvillum.



Hagnýt enskunámskeið fyrir fólk í atvinnulífinu

Heldur þú fyrirlestra á ensku?
23. ágúst - 1. september

• Námskeiðið er ætlað þeim sem þurfa að halda fyrirlestra og taka þátt í umræðum á ensku.

Viðskiptaenska:

8. september - 13. október

• Hagnýtt námskeið fyrir alla sem nota ensku í vinnu sinni.

Enska talmál:

12. september - 7. nóvember

• Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa almenna enskukunnáttu en vilja bæta eða auka færni sína í daglegum samskiptum.

Enska í banka- og fjármálagæiranum:

20. október - 1. desember

• Námskeiðið er ætlað starfsfólki í banka- og fjármálagæiranum sem hefur ágæta enskukunnáttu en vill bæta við sig sérhæfðum orðforða.

Fjarnám í enskri ritun:

3. október - 7. nóvember

• Námskeiðið er ætlað þeim sem þurfa að bæta sig í formlegri notkun ritunar á ensku sem viðskiptataekis og vilja haga sínum námstíma eftir eigin höfði.

Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2.



Leiðbeinandi:

Erlendína Kristjánsdóttir lögfræðingur og M.Paed. og starfar sem aðjúnt í viðskipta- og lagaensku við Háskólann í Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir:

Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt



www.ru.is/simennt

Sakborningar í heimi fjölmiðla

UMRÆÐAN

FJÖLMIÐLAR OG
DÓMSMÁL



SÆVAR ÞÓR JÓNSSON
LAGANEMI VIÐ HR

Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar á vinnubrögðum fjölmiðla þegar kemur að umfjöllun um dómssál, þá sérstaklega þegar fjallað er um sakborninga í viðkomandi málum. Hefur mörgum fundist fjölmiðlar ganga fulllangt í umfjöllun sinni og vilja sumir meina að þeir dæmi sakborningana áður en eiginleg dómniðurstaða liggja fyrir. Sumir fjölmiðlamenn halda því fram að með umfjöllun sinni um dómssál og sakborninga séu fjölmiðlar að sinna eftirlitsskyldu sinni með störfum lögreglu og dómssvalds og þar af leiðandi að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir viðkomandi sakborning. Í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að dómþing skulu háð í heyranda hljóði. Hins vegar virðist sem að umfjöllun fjölmiðla, þar á meðal myndbirting af sakborningum, sé fáum takmörkunum settar.

Í 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála er alþýðu manna sem og fjölmiðlum tryggður aðgangur að þinghöldum dómstóla. Hins vegar eru undantekningar frá þessari meginreglu í a - g lið sömu málsgreinar. Sem dæmi segir í a lið að dómari hafi rétt til að ákveða að dómþing skuli háð fyrir luktum dyrum til að hlífa sakborningi eða aðstandendum hans þegar sérstaklega stendur á og í b lið til að hlífa brotabola og vitnum. Rökin að baki þessari meginreglu í opinberu réttarfari eru að tryggja réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómssálmum, þá aðallega ákærða, veita dóm-

urum aðhald í stöfum sínum og styrkja tiltrú almennings á réttarkerfinu. Hins vegar kemur fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 407 frá 2000 (Fréttamannadómurinn) að víkja beri frá meginreglunni um opin þinghöld þegar hagsmunir aðila máls eru þingri en hagsmunir almennings til að fá að fylgjast með réttarhöldunum eins og t. d. þegar mál varða viðkvæm og persónuleg málefni málsaðila. Það rýrir tilgang þessara undantekninga frá meginreglunni að fjölmiðlar geti beðið fyrir utan dómssál og tekið myndir af sakborningum eða vitnum og jafnvel farið fram á viðtöl við aðilanna fyrir og eftir málsmeðferð. Virðist sem fréttamenn séu komnir á grátt svæði hvað

Fjölmiðlar hafa stundum réttlætt að fjalla um einstaklinga og jafnvel birta myndir af þeim þegar ástæða sé til að ætla að þeir séu hættulegir umhverfi sínu þar sem þeir séu þekktir ofbeldismenn. Hér eru fjölmiðlar komnir inn á valdsvið dómstóla í því að meta hverjir séu hættulegir þegar löggjafinn hefur falið dómstólum þetta vald.

þetta varðar. Ef til vill hafa fjölmiðlar fengið að ganga eins langt og þeir hafa gert vegna þess að dómstólar og lögregla vilja gjarnan eiga góð samskipti við fjölmiðlana.

Fjölmiðlar hafa stundum réttlætt það að fjalla um einstaklinga og jafnvel birta myndir af þeim þegar ástæða sé til að ætla að þeir séu hættulegir umhverfi sínu þar sem þeir séu þekktir ofbeldismenn. Hér eru fjölmiðlar komnir

inn á valdsvið dómstóla í því að meta hverjir séu hættulegir þegar löggjafinn hefur falið dómstólum þetta vald, t.d. í XIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Þetta er sérstaklega hættulegt þar sem starfsreglur fjölmiðla eru óskýrar og gloppóttar og taka lítt sem ekkert til vissra málefna. T. d. hefur það verið óskrifuð regla meðal fjölmiðla að almennt eigi ekki að birta myndir af mönnum nema þeir hafi verið fundnir þegar um alvarleg afbrot og hlotið þunga refsingu fyrir. Það er afar óheppilegt að fjölmiðlar hafi ekki sett sér frekari reglur um jafn-alvarleg málefni og nafngreining og myndbirting grunaðs manns, því svona óskýr réttarheimild býður upp á mistúlkanir og óvissu. T. d. nafngreining DV hiklaust grunaða menn í fíkniefnamálum og virðist sem blaðið líti á fíkniefnabrot sem alvarlegri brot en önnur.

Í Danmörku og Noregi er löggjöfin önnur hvað myndatökur varðar og eru til skýrari reglur um myndatökur af sakborningum og vitnum en á Íslandi. Í Danmörku eru lög um réttarfar nr. 961 frá 21 sept. 2004 sem voru nýlega sett til að vernda vitni, sakborninga og brotabola fyrir myndatökum. Í lögunum er kveðið á um að bannað sé að taka myndir af vitnum, sakborningum og brotabólum í opinberum sakarmálum fyrir utan dómshúsið á leið til eða frá þinghaldi nema þegar viðkomandi hefur heimilað myndatökuna. Hér er aðilum gefið val um hvort þeir vilja láta taka myndir af sér eða ekki. Hins vegar virðist annað vera uppi á teningnum hér á landi þar sem fjölmiðlar taka myndir af sakborningum eða vitnum án þess að spyrja þá hvort þeir megi slíkt enda eru engin lög á Íslandi sem banna þeim að taka myndir af aðilum máls fyrir utan dómshúsið eða dómssál. ■

Af göngu- og hjólastígum við Mývatn

HALLDÓR H. HALLDÓRSSON
GERIR ATHUGASEMD VIÐ LEIÐARA
FRÉTTABLAÐSINS

En það er aldeilis ekki unnt að klípa af reiðvegafé til þess að fjármagna göngu- og hjólastíga í Mývatnssveit eða annars staðar.

Ágæta ritstjórn, vegna skrifa Kára Jónssonar ritstjóra um göngu- og hjólastíga í Mývatnssveit í Fréttablaðinu sl. sunnudag vil ég taka fram að ég er að öllu leyti sammála honum um að betur má gera hvað útivistarstíga varðar. Það á ekki bara við um Mývatnssveit heldur við flesta ferðamannastaði og náttúruperlur landsins.

En það er aldeilis ekki unnt að klípa af reiðvegafé til þess að fjármagna göngu- og hjólastíga í Mývatnssveit eða annars staðar.

Landssamband hestamannafélaga (LH) hefur í mörg á barist fyrir auknu fjármagni til reiðvegagerðar. Reiðvegafé er ákveðið af Alþingi, samgönguáætlun, það er í ár 50 milljónir kr. og dugir engan veginn til þeirra verkefna sem fyrir liggja. Umsóknir hestamannafélaga til LH um reiðvegafé námu 215 milljónum kr. í ár. LH úthlutar u.þ.b. 2/3 af reiðvegafé til hestamannafélaga víðsvegar um landið og er það gert í samráði við Vegagerðina. Vegagerðin úthlutar síðan 1/3 til sérstakra verkefna. Það hefur sýnt sig að hestamenn kunna vel að fara með fjármagn til reiðvegagerðar og víðurkennt er af Vegagerðinni að fyrir hverja 3 m. sem Vegagerðin leggur af reiðvegum leggja hestamenn 5 m. Tíu þúsund félagar eru skráðir í LH, en ætla má að tuttugu þúsund manns stundi hestamennsku reglu-

lega hérlendis. Benda má á mikilvægi hestatengdrar ferðabjónustu og þær miklu tekjur sem hún er að skapa þjóðarbúinu.

Geta má þess að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þá voru ætlaðar tekjur þjóðarbúsins af hestatengdri ferðabjónustu 7.500 milljónir kr. árið 2001. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði voru erlendir ferðamenn það ár 270 þúsund, um 20% þeirra sóttu sér afþreyingu í íslenska hestinn. Spár Ferðamálaráðs gera ráð fyrir 9% aukningu erlendra ferðamanna milli ára, raunin hefur þó orðið 13-15 %, en miðað við 9% aukningu verða það 380 þúsund erlendir ferðamenn sem sækja Ísland heim nú í ár og af þeim sækja 76 þúsund sér afþreyingu í íslenska hestinn. Ætlaðar tekjur þjóðarbúsins af þeim eru 10.500 milljónir kr. Árið 2010 munu a.m.k. 120 þúsund erlendir ferðamenn sækja sér afþreyingu í íslenska hestinn og það ár mun hestatengd ferðabjónusta skila þjóðarbúinu um 16.500 milljónum kr. í tekjur, miðað við óbreytt verðlag og gengi gjaldmiðla.

Sveitarfélög víða um land sjá sér sífellt meiri hag í því að hlúa vel að reiðvegum þar sem það skilur hvað mest eftir í héraði. Það eru því engin efni til þess að klípa af reiðvegafé til þess að fjármagna göngu- og hjólastíga í Mývatnssveit eða annars staðar.

Þess í stað ætti ferðabjónustan að snúa bókum saman, vekja ráðamenn þjóðarinnar og benda þeim á hvílik stóriðja ferðabjónustan er í raun. Í samlíkingu gætu ráðamenn verið bóndi og ferðabjónustan kýrin hans. Góður bóndi hlúir vel að kúnni sinni til að hámarka nytina, hinir láta reka á réðanum og drabbast að lokum niður.

Höfundur er varaformaður ferða- og samgöngunefndar LH.



NÍU ÍSLENSKIR SJÓNVARPSPÆTTIR!

Á SIRKUS Í VÉTUR VERÐA NÍU INNLENDIR ÆTTIR - FLEIRI EN Á NOKKURRI ANNARRI STÖÐI. ÞEIR ERU: KVÖLDPÁTTURINN, VEGGFÖÐUR, IDOL EXTRA, SIRKUS RVK, SJÁÐU, ÍSLENSKI LISTINN, SÚPERSPORT OG GAME TV. NÍUNDI PÁTTURINN ER ALGJÖRT LEYNDÓ, MYNDAÐUR AÐ MESTU ERLENDIS OG VERÐUR KYNNTUR SEINNA Í ÞESSUM MÁNUÐI. FYLGSTU MEÐ.





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 5.31 13.31 21.29
 AKUREYRI 5.06 13.16 21.24
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 19. ágúst, 231. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Hringur er sko bein lína sem passar utan um hring í miðjunni!



Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á visir.is



allt

matur o.fl.

Basilíkan – best krydda

BLS. 3



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Fjalar með soninn Sigurð Patrik í nýja eldhúsinu á hæðinni sem ekki er komið í gagnid.

Grísatærnar toppa allt

Fjalar Sigurðarson er heimikill matgerðarmaður og hefur gaman af að steikja og brasa, sérstaklega á gasi en notar verkamannaútgáfur af réttunum ef sá gállinn er á honum.

„Heima hjá mér er það þannig að ég á alveg staðinn á bak við eldavélina þar sem Guðni ráðherra vill hafa húsfreyjurnar en Arna konan mín er bak við þvottavélina. Við skiptum þannig með okkur vélunum á heimilinu,“ segir Fjalar. Hann kveðst vera á milli eldhúsa núna og útskýrir það nánar. „Við vorum að kaupa okkur hús þar sem við erum að sameina hæðir og erum í litla eldhúsinu í kjallaranum en erum að setja upp nýtt eldhús á efri hæðinni. Þannig að ég er í holu núna að elda fyrir sex ef allir eru heima. Það geta ekki allir borðað í einu og svo getum við ekki borðað af djúpum diskum ... nei nú er ég að fíflast!“

Fjalar kveðst ekki sérlega ólátur að elda fínan mat í holunni. „Sérstaklega af því ég var búinn að kynna því að vera á gashell-

um áður en ég fór niður og að fara aftur á rafmagn það var bara hræðilegt,“ segir hann og dæsir. „Ég er alltof mikið fyrir að steikja og brasa, þess vegna er gasið svo þægilegt.“ Hann segist ekkert rosalega djúpt hugsandi matreiðslumaður og meira fyrir að gera verkamannaútgáfur af einhverjum finum réttum. „Ég nenni ekki í elt-ingaleik við armenískt láglandisbókhveiti eða mulda fjöður af páfugli. Sleppi því og reyni að finna einhverja hliðstæðu. Auðvitað er þetta leti og kannski þarf maður að vera duglegri í hráefnisöfluninni en maður þarf þá líka að vera svolítið skipulagður því oft er maður að nota svo lítið af einhverju fínu hráefni og hvað á þá að gera við restina?“ Fjalar er alæta, að eigin sögn. „Ég borða allt og held að ekkert toppi flippin hjá karli föður mínum, til dæmis grísatær. Þær eru eins og rosalega feit svið sem hafa ekki verið sviðin vel. Þetta át maður með bestu lyst með kartöflumús.“ Það eru þó ekki grísatær sem Fjalar gefur okkur uppskrift að, heldur grænmetis lasagne sem finna má í næstu opnu. ■

LIGGUR Í LOFTINU í tilboðum

Í framtíðinni segir hún að síðferðismálin verði sífellt ofar á baugi. „Ofnotkun á tölvum og netinu, aðgengi að óæskilegu efni og einstaklingum og þeir líkamsvillar sem fylgja tölvunotkun munu verða meira í brennidepli,“ segir Sólveig.

„Mesta byltingin hefur þó tvímælalaust verið í persónulegri tölvunotkun bæði nemenda og kennara.“

skiptabylting sem hefur orðið hefur fært þeim verkfæri sem þær hafa áhuga á að nota eins og spjall, tölvupóst og blogg,“ segir Sólveig.

STELPUR BLOGGA

Hún segir vera kynjamun á því hvernig tölvan sé notuð, strákarnir séu spennari en stúlkur fyrir því að nota tölvuna til leikja, skólinn leggi áherslu á tölvur sem verkfæri til gagns fremur en gamans sem höfðar oft fremur til stúlkna. „Strákarnir eru hins vegar oft ófeyrnari við að prófa sig áfram með nýja hluti,“ segir Sólveig.

Nýverið var gerð viðamikil Gallup-könnun á vegum Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars var skoðaður kynjamunur á tölvunotkun barna. Í henni kom fram að stelpur töldu sig öruggari en strákar að blogga, búa til heimasíðu, nota ritvinnslu, teikniforrit og rétta fingrasetningu. Strákarnir töldu sig öruggari en stelpurnar í tækninni, að breyta stillingum í stýrikerfi, forrita, nota skanna, setja upp forrit og vinna með hljóð og hreyfimyndir. „Á þessum sex árum frá



FRETABLAÐ/GETTY

Stúlkur eru að sækja í sig veðrið hvað varðar tölvunotkun og -færni.



11.-21. ágúst
Skóladagar
í Smáralind

FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR
ALLT SKÓLAFÓLK



Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

HVAÐA TÝPA ERT ÞÚ?




ÖFLUGAR TOSHIBA FARTÖLVUR Á FRÁBÆRU VERÐI



Verð:
4.264 kr. á mán.*
Stgr.: 149.700 kr.
*M.v. 36 mánaða 100%
tölvukaupalán frá TM

Toshiba Satellite M40-133

Intel® Centrino™ tækni
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
Minni: 512MB DDR (mest 2GB)
Diskur: 60GB
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)
Skjástýring: ATI X300 64MB
Geisladrif: DVD geislaskrifari
Media Bay kortalesari
Práðlaus netstýring 54Mbps
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd: 2.78 kg
Rafhlaða allt að 3.7 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home,
Internet Security (90 daga),
MS OneNote 2003



Verð:
3.840 kr. á mán.*
Stgr.: 134.700 kr.
*M.v. 36 mánaða 100%
tölvukaupalán frá TM

Toshiba Satellite L10-189

Intel® Centrino™ tækni
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
Minni: 512MB DDR (mest 1GB)
Diskur: 60GB
Skjár: 15" XGA (1024 x 768)
Skjástýring: Intel 852GME
Geisladrif: DVD geislaskrifari
Práðlaus netstýring 54Mbps
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0,
Þyngd 2.7 kg
Rafhlaða allt að 2.9 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home,
Internet Security (90 daga),
InterVideo® WinDVD,
MS OneNote 2003



Verð:
2.569 kr. á mán.*
Stgr.: 89.700 kr.
*M.v. 36 mánaða 100%
tölvukaupalán frá TM

Toshiba Satellite M40X-105

Örgjörvi: Intel Celeron M 1.5GHz 1MB
Minni: 256MB DDR (mest 1.25GB)
Diskur: 40GB
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)
Skjástýring: Intel GMA 900
Geisladrif: CRRW/DVD Combo
SD minniskortalesari
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd: 2.95 kg
Rafhlaða allt að 3.4 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home,
Internet Security (90 daga),
MS OneNote 2003, MS Works

Kaupuki: Fartölvubakpoki, mús og MS OneNote fylgir öllum Toshiba tölvum.




3 fyrir 1

Microsoft hugbúnaður fyrir þrjár heimilistölvur á aðeins **13.900 kr.**

Hvaða TOSHIBA týpa ert þú?



Toshiba Qosmio F10
Verð: 214.700 kr.



Toshiba Portégé
Verð: 229.700 kr.



Toshiba Qosmio G20
Verð: 289.700 kr.

TM tölvukaupalán


100% lán til allt að 36 mánaða á 9,5% vöxtum. Einnig býðst fartölvutrygging fyrir lántakendur. Greitt er fyrir eitt ár en annað ár er frítt.

>> Kíktu á www.taeknival.is og taktu þátt í TOSHIBA-týpuleiknum og þú gætir unnið fartölvu.

Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvubjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolur.com
Tölvubjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um atvinnu á sunnudögum í Fréttablaðinu.



Þrjú börn í fámennasta skólanum

Mikill mismunur er á fjölda nemenda í skólum landsins. Fjölmennustu skólarnir eru með um og yfir 800 nemendur en þeir fámennustu þrjá og fjóra.

Árbæjarskóli verður fjölmennasti skóli landsins á því skólaári sem er að hefjast. 817 voru þar á skrá 17. þessa mánaðar en endanleg tala var ekki alveg komin á hreint. Vallaskóli á Selfossi er í öðru sæti. Þar verða nemendur í kring um 800 eins og í fyrra sem var fyrsta árið sem kennt var í skólanum eftir sameiningu Sandvikurskóla og Sólvallaskóla. Rimaskóli kemur þriðji í röðinni með um 770 nemendur í ár.

Þegar litið er á hinn endann þá er Mjóafjarðarskóli fámennasti skólinn með þrjá nemendur. Skólastjóri þar er Margrét Sigfúsdóttir. Hún segir nemendurna skiptast í 3., 4. og 10. bekk og að þetta verði í fyrsta sinn sem 10. bekkur verði kenndur í Mjóafirði því hingað til hafi ungmennti Mjóafjarðar farið í 10. bekk í öðrum skólum. Nemandinn í ár hafði val um að fara eða vera og valdi að vera. Skólinn byrjar 1. september, stendur í átta og hálfan mánuð og tíminn er nýttur vel. Mörg litil börn eru í Mjóafirði þannig að vel lítur út með skólahald þar í framtíðinni þótt fátt verði líka næsta vetur. Fjögur börn verða í Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi á Ströndum og líka í Hrollaugstaðaskóla í Suðursveit, þótt líklega verði þau sex til að byrja með. „Einstaklingsmiðað nám er tískuorð í skólaumræðunni í dag, það verður svo sannarlega við lýði hér í vetur og hefur auðvitað alltaf verið í fámennum skólum,“ segir Þorbjörg



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORBJÖRG

Hrollaugstaðaskóli í Suðursveit er einn af fámennustu skólum landsins.



Í fyrra voru níu börn á Hrollaugstöðum en nú verða þau að líkindum bara fjögur. Hér eru þau Jóhanna Ósk Jónsdóttir, Rákel Ösp Elvarsdóttir, Steinn Arnór Jónsson, Símon Rafn Björnsson, Lilja Karen Björnsdóttir, Magdalena Sigurðardóttir, Birkir Freyr Elvarsson og Ísak Þórir Jónsson á íþróttavelli skólans, tilbúin í fótbolta.

Arnórsdóttir skólastjóri Hrollaugstaðaskóla. Börnin fjögur sem hún mun kenna í vetur eru í 2., 3., 5. og 7. bekk. Þetta er langminnsti skólahópur sem Þorbjörg hefur haft en hvernig leggst þetta í hana? „Mér finnst þetta svolítið erfið tilhugsun en það var rætt mikið hvort ætti að keyra börnin til Hornafjarðar í skóla, um 60 kílómetra leið og þetta var sameiginleg niðurstaða eftir þær umræður. Það var nú eiginlega bæjarstjórn sem var hördust á því að halda skólastarfi úti hér um sinn. Menn óttast að hér muni ekki setjast neinn að til frambúðar ef kennsla verður lögð af.“

Wrangler Lee

Flottar gallabuxur í skólann á stelpur og stráka st. 8-14

ENGLABÖRNIÐ
Laugavegi 51 • s: 552 2201



Ragnheiður Gestsdóttir er meðal frummælenda á málþinginu.

Lestur um lestur frá....

Málþing verður 2. september í tilefni af 25 ára afmæli Námsgagnastofnunar.

Námsgagnastofnun fagnar aldarfjórðungsafræðingum sínum með málþingi sem verður haldið á Grand Hótel í Reykjavík, 2. september. Þar verður boðið upp á marga áhugaverða fyrirlestra. Nefna má erindi Ragnheiðar Gestsdóttur, rithöfundar sem nefnist Lestur um lestur frá lestri til lesturs og eflaust verður prófessor Þorbjörn Broddason með fróðlegt innlegg en hans erindi ber yfir-

skriftina Ritlist og læsi: blessun eða böf mannkyns? Lengsta titillinn á fyrirlestri á þó Þuríður Jóhannsdóttir, sérfræðingur hjá rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Hann nefnist. Þetta fjall blokkarar mjög mikið ... Hvernig námsgögn þurfa ungir Íslendingar sem nota margmiðlun til sköpunar heima og í samskiptum sínum við heiminn? Málþingið er öllum opið.



Strangar reglur gilda um úthlutun dreifbýlisstyrks og ekki fá allir styrkinn þótt þeir stundi nám fjarri heimili og fjölskyldu.

Mikil búbot

Framhaldsskólanemendur sem ekki geta stundað nám í sinni heimabyggð eiga rétt á dreifbýlisstyrk.

Dreifbýlisstyrkur eða jöfnunarstyrkur er ætlaður til þess að koma til móts við þá sem ekki geta stundað nám í sinni heimabyggð. Þótt upphæðin hlauti ekki á hundruðum þúsunda er styrkurinn mikil búbot fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra enda dýrt að stunda nám fjarri heimili sínu. Skilyrði fyrir dreifbýlisstyrk er að geta ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu. Þeir sem kjósa að fara í annan skóla en sinn heimaskóla eiga því ekki rétt á styrk sé námið sambærilegt. Nemandi sem þarf að vista sig að minnska kosti 30 kílómetra frá heimili sínu og fjölskyldu á einnig rétt á dreifbýlisstyrk þótt skólinn sé í sama sveitarfélagi. Þá geta framhaldsskólanemar í dreifbýli einnig sótt um svo kallaðan akstursstyrk sem er veittur þeim sem þurfa að aka langt um veg til að sækja skóla en búa þó hjá foreldrum sínum.

Dreifbýlisstyrkurinn er greiddur út tvisvar á ári, í janúar og júní. Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar um styrkinn á heimasíðu LÍN: www.lin.is.

SKOÐADU HEIMINN!

Viltu starfa erlendis?

Skráning fyrir brottfarir í sept. - feb.
Austurríki - England - Frakkland - Ítalía
Portúgal - Spánn - Þýskaland

Ef þú ert á aldrinum 18-30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, kynna stórkvæmni og öðlast starfsreynslu. Um er að ræða störf á hótélum, veitingahúsum, hjúkrunarheimilum og hjá fyrirtækjum í öðrum greinum. Þeir sem sækja um starfsþjálfun í Evrópu eiga kost á Leonardo da Vinci styrk til greiðslu á hluta kostnaðar. Stúdentaféridir úthluta þessum styrkjum fyrir hönd Landsskrifstofu Leonardo á Íslandi.

MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávisun?

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 • Sími 562 23 62 • info@exit.is • www.exit.is

ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN

SYN
besta sætið

expert

Skútuvoði 2

Örgjörvi: Intel Pentium M 1.5Ghz - Centrino tækni
Vinnsluminni: 256mb DDR 333(mest 1gb)
Haródiskur: 40gb Ultra ATA 100
Drif: CD Skrifari / DVD Skrifari
Skjár: 15.4" WXGA TFT (1280x800 uppl.)
Skjákort: SISM66LMX 3D
Hljóð: Innbyggðir stereo hátalarar
Lyklaborð: 88 hnappa, nýhónnun sem eykur þægindin
Mús: Innbyggð snertinæm mús(e: Touchpad)
Netkort: Þráðlaust 802.11b/g og 10/100Mbit ethernet
Stýrikerfi: Windows XP Pro
Hugbúnaður: Norton AntiVirus(90 daga leyfi),
Acrobat Reader, Power DVD, NTI CD Maker
Tengi: 3x USB 2.0, InfraRed, VGA
Stærð: 3.39cm(H) x 36.4cm(B) x 27.9cm(D)
Þyngd: 2.9kg
Rafhláða: Um 2klst
Ábyrgð: 2 ár



acer

VERÐ

99.900



Örgjörvi: AMD Sempron 3100+
Vinnsluminni: 512mb DDR Ram
Haródiskur: 60gb 4200rpm Smart
Drif: CD Skrifari / DVD Skrifari
Skjár: 15"XGA (1024x768 uppl.)
Skjákort: ATI RADEON 128
Hljóð: Innbyggðir stereo hátalarar
Lyklaborð: 88 hnappa og fingrafaralesari
Mús: Innbyggð snertinæm mús
Netkort: Þráðlaust 802.11b/g og 10/100/1000Mbit
Stýrikerfi: Windows XP Pro
Tengi:USB og fl.
Stærð: 31 x 328 x 267 mm
Þyngd: 2.7kg
Rafhláða: 6-cell Lithium/ion
Ábyrgð: 2 ár

VERÐ

99.900

SKÓLADAGAR

Mikið af ferðatölvum á tilboðum!

sími 522-9000 www.expert.is

expert 

Opið mánudaga - föstudaga 11 til 18.30, laugardaga 10 til 18 og sunnudaga 13 til 17

Ekki týna skóladótinu

Börn gleyma oft dótinu sínu í skólanum. Þá er gott að hlutirnir séu vel merktir svo þeir ratí aftur í réttar hendur.

Þótt skóladót sé ódýrara en á árum áður er ástæða til að hugsa vel um það. Það er til dæmis góð venja að merkja allt skóladótið um leið og það er keypt. Í öllum bókabúðum og ritfangaverslunum má fá litla merkimiða sem hægt er að líma á skólavörurnar. Mörg fyrirtæki taka líka að sér að prenta á límimiða og alls ekki vitlaust að eiga merkimiða með nafni barnsins, heimilisfangi og símanúmeri sem hægt er að líma á ýmsa hluti. Þá er líka sniðugt að fjárfesta í fatapenna um leið og skóladótið er keypt. Á hverju skólaári verður heill haugur af óskilafatnaði eftir í skólunum og það er auðveldara að finna rétta eigendur ef allt er vel merkt.



Allt skóladótið á að vera vel merkt.

Fjársjóðskista námsmanna

Vísindavefur Háskóla Íslands er frábær vefur, fullur af fróðleik.

Vísindavefur Háskóla Íslands er eins og fjársjóðskista fyrir fróðleikspyrsta námsmenn. Það er nánast hægt að finna svör við öllu á vefnum og geymir hann ítarlegar greinar um hin ýmsu mál. Þeir sem eru fróðleikspyrstir þurfa ekki lengur að láta vanþekkingu sína á einhverju fara í taugarnar á sér heldur geta þeir sent brennandi spurningar á vísindavefinn og fengið svo forvitni sinni svarað í svörum. Þetta er frábær og upplýsandi dægurvöl bæði fyrir nemendur og aðra. Slóðin á vísindavefinn er vísindavefur.hi.is.



Uppsetning vísindavefsins er afskaplega einföld og aðgengileg.

BÓKMENNTAÞÁTTURINN

Á Talstöðinni alla laugardaga milli kl. 13 og 14. Í þættinum ræðir Gunnar Þorri við rithöfund, innlenda sem erlenda, þýðendur og kynnrir áhugaverð skrif af ýmsu tagi.

Laugardagur kl. 13-14
Í umsjón Gunnars Þorris Péturssonar

Talstöðin
FM 90,9

Öldungadeild MH



Ný stundatafla

Innritun og ráðgjöf:

fimmtudag og föstudag 18. og 19. ágúst

kl. 15-19

laugardag 20. ágúst kl. 10-14

Símainnritun:

18. og 19. ágúst 12.00-15.00

í síma 5955207

Einnig eru unnt að innrita sig á vefnum

www.mh.is



Starfsfólk Vatnsendaskóla með Guðrúnu Soffíu skólastjóra í broddi fylkingar. Fyrsti áfangi skólahússins er tilbúinn og verður tekinn í notkun á mánudag.

Tveir nýir grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu

Á mánudaginn koma nemendur í fyrsta sinn í tvo nýja grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, Vatnsendaskóla í Kópavogi og nýjan skóla í Norðlingaholti.

Höfuðborgarsvæðið stækkar ört og ný hverfi skjóta upp kollinum. Þessum nýju hverfum fylgja nýir íbúar, ný börn og nýir skólar. Næstkomandi mánudag verða tveir nýir skólar settir í fyrsta sinn. Annars vegar Vatnsendaskóli við Elliðaavatn í Kópavogi og hins vegar nýr skóli í Norðlingaholti sem ekki hefur enn hlotið nafn. Í báðum skólunum verður fyrst um sinn tekið á móti nemendum í 1. til 6. bekk og báðir skólarnir ætla að nýta sér samkenndu milli bekkjardeilda þar sem tveimur árgöngum verður kennt saman í bekk.

Í Vatnsendaskóla er nú verið að leggja lokahönd á fyrsta áfanga skólabyggingarinnar. Skólahúsnæðið verður tekið í notkun á mánudag og að sögn Guðrúnar Soffíu Jónasdóttur skólastjóra verður strax hafist handa við að byggja næsta áfanga skólans. Guðrún segir að það sé ákaflega gaman að fá að byggja skólastarfið upp frá grunni en þegar hafa verið skráðir 130 nemendur í skólann. „Við ætlum að kenna saman blönduðum aldursópum. Þetta er fyrirkomulag sem hefur verið algengt í fámennum sveitaskólum en á síðari árum hafa æ fleiri skólar tekið upp slíka kennsluáferð. Með því að blanda saman árgöngum getum við boðið upp á fjölbreyttari kennsluhætti og

aukið félagsþroska barnanna mun meira,“ segir Guðrún og bætir því við að námskrá skólans einkennist af einstaklingsmiðuðu námi og þörfum hvers og eins. „Umhverfi skólans er skemmtilegt og við ætlum að nýta okkur það til hins ítrasta. Við leggjum áherslu á tengja námið við umhverfið og blanda saman verklegu og bóklegu námi.“ Í nýja skólanum í Norðlingaholti eru svipaðir kennsluhættir uppi á teningnum. Skólinn hefur enn ekki fengið varanlegt húsnæði en í vetur verður kennt í færanlegum skólum. „Það verður byrjað að hanna



Sif Vígþórsdóttir er skólastjóri skólans í Norðlingaholti. Hún segir ákaflega spennandi að fá að byggja skólastarfið upp alveg frá grunni.



Ný skólinn í Norðlingaholti hefur ekki fengið nafn enn. Fyrst um sinn verður kennt í þessum skólum.

byggjuna núna í haust og starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar hafa sitt að segja um hönnunina. Þannig getum við hannað skólahúsið utan um starfið en ekki öfugt,“ segir Sif Vígþórsdóttir skólastjóri. Skólinn verður fremur fámennur fyrst um sinn en um 20 nemendur hafa verið skráðir til náms. Sif á þó von á að það breytist mjög fljótlega enda verða margar íbúðir afhentar eigendum sínum í haust og í vetur. „Það er gríðarlega gaman að fá að taka þátt í þessu landnemastarfi hér og við erum full af orku og eldmóði,“ segir Sif. „Fyrstu tvær vikurnar verðum við með þemadaga fyrir börnin þar sem við leggjum áherslu á að kynnst þessu fallega umhverfi við skólan og hrista hópinn saman.“

Söngfólk á öllum aldri

Söngskólinn í Reykjavík heldur nú inntökupróf í þritugasta og annað sinn.

Inntökupróf verða haldin í Söngskólann í Reykjavík í 32. sinn og er allt útlit fyrir að aðsókn verði góð. Þegar er búið að boða 30 manns í inntökuprófin sem haldin verða fimmtudaginn 25. ágúst en hægt er að skrá sig fram til þess dags. „Við hvetjum fólk til að koma í prófið

jafnvel þótt það sé biðlisti því í rauninni getur alltaf skapast pláss, fólk getur alltaf dottið út,“ segir Soffía Bjarnleifsdóttir, ritari skólans. Hún segir aðsóknina að skólunum aukast með hverju ári. „Ég held að með kvöldnámskeiðinu gætu orðið 150-200 manns við nám í skólanum, allt frá unglindaeldi upp í háskólanám. Hér er söngfólk á öllum aldri.“

Í skólanum verða einnig spennandi námskeið í haust sem eru opin áheyrendum og þar má einkum geta námskeiðs sem hin heimsfræga Kiri Te Kanawa heldur í október. Allar nánari upplýsingar um inntökuprófin eru veittar á skrifstofu skólans en Soffía vill hvetja skúffusöngvara til að láta ljós sitt skína.



Sönggyðjan Kiri Te Kanawa heldur námskeið í Söngskólunum í haust.

BÓKUM SKIPT Á NETINU

Penninn hefur opnað skiptibókamarkað fyrir framhaldsskólanema á netinu.

Penninn hefur opnað vef fyrir framhaldsskólanema þar sem þeir geta fengið upplýsingar um verð á notuðum námsbókum, bæði þeim bókum sem er skilað og þeim sem á að kaupa. Þar geta þeir séð á augabragði hvaða bókum er tekið við, hvert skiptiverðið er í hverju tilviki og hvað óskalistinn þeirra af notuðum bókum kostar. Slóðin er www.skiptibok.is. Auk þessa hefur Penninn opnað skiptibókamarkað á nýjum stað í Hallarmúla í tengslum við vefinn www.skiptibok.is, þar sem framhaldsskólanemendur og notaðar bækur þeirra eru í aðalhlutverki. Þar er opið frá kl. 8 til 18.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

„alltaf að læra eitthvað nýtt...“



nasmenn.is
alltaf að læra

LUKKUPOTTUR

Námsmannþjónusta Sparisjóðsins

Peir sem skrá sig í þjónustuna fyrir **1. október** eiga möguleika á skemmtilegum glaðningi:

- Ferð fyrir tvo með Plúserðum og gjaldeyris frá Sparisjóðnum
- Glæsileg Acer fartölva frá Svar tækni
- Raftingferðir með Ævintýraferðum
- Nokia 3200 farsímar ásamt inneign hjá Og Vodafone
- Bíómiðar hjá Sambíónum

Við vitum að þú tekur námið mjög alvarlega og hefur varla tíma fyrir annað, en einhver þarf samt að hugsa um fjármálin. Láttu Námsmannþjónustu Sparisjóðsins sjá um þín fjármál og á meðan ert þú – alltaf að læra.

Í Námsmannþjónustu Sparisjóðsins færðu meðal annars:

Inngöngugjöf – 4xfrítt í Sambíóin á mynd að eigin vali // 2 fyrir 1 í bíó á þriðjudögum // Námsmannakreditkort – frítt fyrsta árið // Veglegir bóka-, bílprófs- og námsmannastyrkir // Hagstæð tölvukaupalán án lántökugjalda // Frábær ferðalán // Gegn 12 mánaða ADSL samningi við Og Vodafone fæst fyrsti mánuðurinn frír. Þráðlaus búnaður á 1.990 kr. // Framfærslulán gegn lánsloforði hjá LÍN // Við ábyrgjumst námslánin þín hjá LÍN í stað foreldra eða forráðamanna

nasmenn.is

Námsmannþjónusta Sparisjóðsins
– alltaf að læra!



Aukin ökuréttindi

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!

Kennsla á leigu -, vöru -, hópþefreið og vörubifreið með eftirvagn.

Næsta námskeið hefst
7. september.

Upplýsingar og innritun í síma:

567-0300

Ökuskólinn í Mjódd

Parabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is



Sigurður kerfisfræðingur í MH veit allt um hvað tölvur þurfa að hafa.

Flottasta dótið vinnur

Gylliboðum rignir yfir framhaldsskólanema þar sem tölvur af öllum stærðum og gerðum eru boðnar þeim til kaups. Hvers konar tölvu þurfa framhaldsskólanemar og hvað þarf að varast í tölvukaupabransanum? Sigurður Haraldsson kerfisfræðingur í MH varð fyrir svörum.

„Þegar ég er spurður um hvernig tölvu á að kaupa spyr ég alltaf fyrst í hvað á að nota hana,“ segir Sigurður. Hann bætir við að ódýrar vélar dugi alveg og vel það ef eingöngu á að nota tölvuna fyrir námið, það er að keyra bara einföld ritvinnsluforrit, internetið og fleira í þeim dúr. „Krakkarnir sem eru að kaupa tölvurnar ætla þó oftast en ekki að nota tölvuna sem leikjatölvu og þá þarf meira en ódýra tölvu. Þú kaupir ekki tölvu á 130 þúsund kall og ætlast til þess að hún geti gert allt fyrir þig. Ef tölvun á að geta spilað alla nýjustu leikina þarftu að eiga toppgræjur,“

bætir hann við. Svo eru líka alltaf einhverjir sem vilja eiga flottustu tölvurnar bara til þess að vera með flottasta dótið. Ekki allar ódýrar tölvur eru tilbúnar í auðveldustu verkefni. Sigurður segir að brögðu séu að því að ýmislegt vanti í tölvurnar sem seldar eru án þess að það sé tekið fram. Nú séu flestar tölvur komnar með innbyggð netkort svo ekki sé hægt að selja það sér en að stundum vanti til dæmis Office-pakka á tölvur án þess að það sé tekið fram. „Það er líka verið að selja fartölvurnar með



Það er ekki sama tölvu og tölvu.

Windows Xp-Home en þær tölvur hafa ekki möguleika á að tengjast inn á lén eins og eru í boði á mörgum stöðum, til dæmis hér í MH. Krakkarnir geta ekki tengst heimasvæðinu sínu og þannig ekki nýtt sér þá möguleika sem skólinn býður upp á nema þau séu með Xp-Pro-pakka,“ segir hann. Xp-Pro kostar eitthvað um tíu þúsund krónum meira en Xp-Home svo eins gott er að hafa það bak við eyrað áður en ódýrasta tölvun er keypt.

NÁM SEM NÝTIST

Námskeið

Fjölbreytt úrval námskeiða í eftirfarandi flokkum:

- ✓ Menning, land og saga
- ✓ Fólk og færni
- ✓ Tungumál og ritleikni
- ✓ Stjórnun og starfsþróun
- ✓ Fjármál og reikningsskil
- ✓ Sérniðin námskeið
- ✓ Starfsfólk ríkis og sveitarf.
- ✓ Framhaldsskólakennarar
- ✓ Fag- og starfstengd námsk.

Nám samhliða starfi

- ✓ Mannauðsþróun
- ✓ Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- ✓ MBA (Master of Business Administration)
- ✓ MPM (Master of Project Management)
- ✓ Rekstrar- og viðskiptanam
- ✓ Réttindanam fyrir fasteignasala
- ✓ Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun
- ✓ Stjórnun 1 – Nám fyrir stjórnendur í lögreglu
- ✓ Stjórnun og rekstur fyrir sjálfstætt starfandi sérfræðinga

Nám á meistarstigi

í samvinnu við ýmsar deildir Háskóla Íslands

Nám á grunnstigi háskóla

- ✓ Fjármál 1
- ✓ Stærðfræði 1
- ✓ Markaðsfræði 1
- ✓ Stefnumiðuð stjórnun

Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna

www.endurmenntun.is



Heimavistin á Akureyri er fyrir nemendur í MA og VMA. Þar búa um 330 nemendur.

Skemmtileg lífsreynsla að vera á heimavist

Margir krakkar flytja að heiman við 16 ára aldur til að fara í framhaldsskóla. Það getur verið erfitt að sjá um sig sjálfur en það er líka ákaflega þroskandi.

Ekki geta allir stundað nám í sinni heimabyggð. Margir krakkar af landsbyggðinni þurfa að fara að heiman til að komast í framhaldsskóla og eins eru margir sem kjósa að fara ekki í þann skóla sem er næstur og leggja heldur land undir fót og flytja eitthvert annað. Við marga framhaldsskóla eru reknar heimavistir og eins er algengt að skólakrakkar taki sig saman og leigi íbúð eða herbergi. Allt þetta kostar hins vegar peninga og getur verið dýrt fyrir foreldra að senda börnin sín í burtu.

Ragnhildur Ýr Jóhannsdóttir er frá Breiðavaði á Fljótsdalshéraði. Í stað þess að fara í Menntaskólann á Egilsstöðum kaus hún að fara í Menntaskólann á Akureyri. „Ég fór til Akureyrar í skóla af því mig langaði að vera sjálfstæð og vera ekki upp á mömmu og pabba komin til tvítugs. Eldri systir mín hafði líka farið í MA og henni fannst ofboðs-



Ragnhildur, lengst til hægri, ásamt vinum sínum Hjalta og Kristínu á árs hátíð MA. Ragnhildur segir ekkert erfitt að fara að heiman 16 ára. Það sé fyrst og fremst skemmtileg lífsreynsla.

lega gaman þannig að mér þótti þetta alltaf spennandi.“ segir Ragnhildur og vill ekki kannast við að það sé erfitt að fara að heiman svona ungur. „Það er ofboðslega gaman í skólanum og maður kynnist ótrúlega mörgum með því að búa á vistinni. Þetta er því fyrst og fremst skemmtileg lífsreynsla.“

Ragnhildur ætlar að segja skilið við heimavistina í haust og fara að leigja á Akureyri með vinkonum sínum. „Það er algengt að fólk fari að leigja eftir eitt eða tvö ár á vistinni en það getur verið erfitt að fá íbúð. Við vorum ótrúlega heppnar,“ segir Ragnhildur. Hún segir vissulega dýrt að leiga en það sé líka dýrt að vera á vistinni. Heimavistin kostar á bilinu 20 til 25 þúsund krónur á mánuði fyrir utan fæði og þá á eftir að taka bóka- og ferðakostnað og annað slíkt í reikninginn. Margir nemendur þurfa alfarið að sjá um sig sjálfir en aðrir eru heppnir og eiga foreldra sem geta stutt við bakið á þeim. Ragnhildur hefur fengið góða hjálp frá foreldrum sínum en segist ætla að sjá um sig sjálf þennan veturinn. „Það er auðvitað þínu stressandi en það hlýtur að ganga upp. Ég gæti vel hugsað mér að vinna eitthvað með skólanum en annars verða sumarlausnir bara að duga. Svo fæ ég líka dreifbýlisstyrk sem bjargar dæminu. Það eru um 80 þúsund krónur á önn.“

Ragnhildur segir algengt að krakkarnir á vistinni fari sjaldan heim. „Þetta er það mikið ferðalag þannig að maður notar eiginlega bara löngu fríin til að fara heim til mömmu og pabba. Ég held ég hafi farið einu sinni heim á haustönninni og tvisvar um vorið og samt á ég bíl þannig að ég á auðveldara með að komast á milli en margir aðrir,“ segir Ragnhildur og viðurkennir að stundum langi hana að eyða meiri tíma heima. „Það er samt svo gaman að vera þarna fyrir norðan þannig að það gleymist fljótt.“

Aðstoðaði lækni í Gvatemala

Andri Valur Ívarsson stefnir á nám í efnafræði í haust en íhugaði þó að fara í læknanám.

„Efnafræði er grundvöllur undir svo margt,“ segir Andri Valur Ívarsson, sem stefnir á nám í faginu við Háskóla Íslands í haust, en hann segist hafa haft áhuga á faginu í framhaldsskóla. „Jú, svo er maður náttúrulega týpískur strákur og hefur beitt ýmsum efnafræðilegum aðferðum við að búa til sprengjur og fleira á yngri árum,“ segir Andri hlæjandi. Andri Valur er nýtskrifaður úr framhaldsskólanum á Húsavík en þar hefur hann eytt sumrinu auk þess sem hann er framherji í 1. deild hjá Völsungu og á síðasta ári var hann í Gvatemala. „Mig langaði að söðla um og hélt utan að læra spænsku og eftir það var ég í sjálfbodavinnu. Ég starfaði sem hluti af neyðarliði og vann helst við að aðstoða lækni í sjúkrabíl. Við vor-

um bara þrír í bílnum, ég, lækurinn og bílstjórinn,“ segir Andri Valur. Hann segir þetta hafa verið mikla reynslu og hann lenti í ótal ævintýrum, en sjálfur hafði hann ekki neina reynslu af slíku starfi áður en hann hélt utan. „Ég velti talsvert fyrir mér eftir þessa reynslu að sækja læknanám en efnafræðin varð ofan á,“ segir Andri Valur og bætir því við að hann sé orðinn ansi spenntur að fara í skólann, enda búinn að hlakka lengi til að kynna háskólalífina.

Andri Valur Ívarsson var hluti af neyðarliði í Gvatemala og starfaði bæði í slökkviliðsbíl og sjúkrabíl.



Þægileg stærð er á orðabókinni.

NÝR OG UPPFÆRÐUR ORÐAGRUNNUR

Íslensk-dönsk, dönsk-íslensk vasaorðabók er komin út, í fyrsta sinn um áratugaskeið.

Íslensk-dönsk, dönsk-íslensk vasaorðabók er komin út hjá Máli og menningu í ritstjórn Halldóru Jónsdóttur. Í tilefni af því sendi útgáfan eintak af bókinni til kynningar í alla grunn- og framhaldsskóla landsins.

Notendur orðabókarinnar geta gengið að því sem visu að finna nauðsynlegar málfræðiupplýsingar þar sem við á, eins og um orðflokk og beygingu danskra orða, góðar merkingarskýringar og notkunardæmi. Framsetning bókarinnar er aðgengileg og í miðju bókarinnar má finna lista með sterkum dönskum sögnum og töluorðum.

Ný íslensk-dönsk orðabók hefur ekki komið út um áratugaskeið. Orðaforði bókarinnar var sniðinn eftir nýjum og uppfærðum orðagranni frá Gyldendal í Danmörku, en uppbygging er miðuð við nýendurskoðaða dansk-íslenska skólaorðabók sem kom út hjá Eddu fyrr á þessu ári.

Verð bókarinnar er 3.990 krónur.

Bókabúð Grímsbæ

25% afsláttur af öllum skólavörum og öllum leikföngum út ágúst mánuð.

Hefur þú efni á að missa af þessu? Verð nú kr. 74.900,-

~~Verð áður kr. 109.900,-~~

Tölvukaupalán hjá VIS miða við 36 mánuði *Meðalgreiðsla per. mánuð kr. 2.818,-

Ein allra flottasta fartölva á markaðnum í dag er **Asus A6000U**. A6U er með allra nýjustu tækni eins og: Hágæða **stafræna vefmyndavél 1.3MPixla** og hljóðnema - **DVD dual layer brennara - 15,4" háskerpu breiðtjaldsskjá - kortalesara - Rapid recovery - léttmálmshús - o.fl o.fl.** að sjálfsögðu koma allar fartölvur frá Boðeind með **Windows XP Pro** stýrikerfi ásamt **Norton 2005** vírusvörn og eldvegg.

Boðeind.is hjálpar þér að leika næsta leik



Hjá Boðeind.is þarf ekki að greiða aukalega fyrir aukahlutapakka. Hann einfaldlega fylgir með.

A6000U árgerð 2006

Boðeind í 18 ár = Gæði + Þjónust
Allar fartölvur frá Boðeind koma með 2ja ára alþjóðlegri ábyrgð
Boðeind er með eina viðurkennda ASUS verkstæðið á Íslandi

Mikið úrval fartölva á frábæru verði á bodeind.
ATH. Fartölvutaska - fartölvumús og hugbúnaðarpakki kemur frítt með

- AMD Sepron® 3000+ mobile tækni
- 512MB DDR minni
- 40GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" TFT breiðtjaldsskjár (1280 x 800)
- DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
- 10/100 Ethernet og V.90 móttald
- VGA, TV-OUT, kortalesari SD/MS/MS Pro/MMC
- i.LINK® (IEEE 1394), 4x USB 2.0
- Víðóma hátalarar
- Snertimús og flýtihnappar
- 8 hólfa Lithium ion rafhlaða
- Þráðlaust netkort
- Windows XP PRO SP2
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð
- Norton Antivirus 2005
- Öflugur hugbúnaðarpakki fylgir með

*Windows XP Professional kemur með öllum fartölvum frá Boðeind
Einu vélarnar með "Rapid Recovery" eru frá Boðeind
Eitthvað sem þú vilt ekki missa af þegar þú kaupir þér fartölvu!

BOÐEIND.IS

Mörkin 6 -108 Rvk - Sími 588 2061



Innritun er hafin í listhlaupi á skautum í síma 898-4461



Afhending stundaskrár og greiðslur félagsgjalda fer fram laugardaginn 27. ágúst frá kl. 11.00 til 13.00 í skautahöllinni í Laugardal.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá sunnudaginn 28. ágúst.

Allar upplýsingar koma fram á heimasíðu félagsins

www.skautafelag.is

Stjórn LSR



Haustönn Kvennakórs Reykjavíkur 2005

Kvennakór Reykjavíkur

Kórinn æfir á mánudögum kl. 18:30-20:30 og á miðvikudögum kl. 20:00-22:00, æfingar hefjast 29. ágúst. Kórinn getur bætt við nokkrum röddum, áhugasamar hafi samband í síma 896-6468 eftir kl. 16:00.

Kórskóli Kvennakórs Reykjavíkur

Kórskóli er ætlaður konum sem hafa litla eða enga reynslu af söng eða nótnalestri. Kennt er á miðvikudögum frá kl. 18:00 til 19:30 og hefst kennsla 31. ágúst. Innritun í síma 896-6468 eftir kl. 16:00.

Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur

Æfingar hefjast mánudaginn 5. september kl. 16:00.

Æfinga- og kennsluástaða er í Fjöltækni-skóla Íslands við Háteigsveg

Kórstjóri og kennari er Sigrún Þorgeirsdóttir



Undirbúningur styttingar náms á framhaldsskólastigi er hafinn.

Nám í framhaldsskólum styttist eftir fjögur ár

Vinna við undirbúning á styttingu námstíma til stúdentsprófs fer vel af stað í menntamálaráðuneytinu. Vinnuhópar eru að skila af sér tillögum sem verður unnið úr í ráðuneytinu á næstu mánuðum. Ný aðalnámskrá grunnskólanna verður vonandi tilbúin eftir jól og fyrstu börnin hefja nám samkvæmt henni næsta haust.

„Hópar sem hafa verið að vinna í hugmyndum að endurskoðun námskrána eru að skila tillögum sínum núna. Næstu skref eru síðan að vinna úr þeim herna inni í ráðuneytinu,“ segir Oddný Hafberg, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu, aðspurð um stöðuna á styttingu námstíma til stúdentsprófs. Oddný segir að spennandi tími sé fram undan þar sem unnið sé úr öllum þessum hugmyndum. „Við erum enn þá svolítið byrjuð að skoða tillögurnar vegna þess að við erum bara að fá þetta í hendurnar. Vinnunni er því hvergi nærri lokið,“ segir hún og bætir við að vinnuhóparnir hafi unnið mjög sjálfstætt en þó eftir forskrift frá ráðuneytinu. Aðspurð um hvernig vinnan hafi gengið í ljósi óánægjuradda sem hafi verið uppi um styttinguna segir Oddný: „Vinnan hefur gengið mjög vel og það hefur enginn óróleiki verið í kringum hana í sjálftu sér. Það er líka mjög gott fólk í þessum hópum, meðal annars mjög reyndir kennarar sem hafa velt þessu fyrir sér fram og til baka.“ Endurskoðun námskránnar er mun heildstæðari en svo að hún snúi eingöngu að þeim greinum sem styttingin kemur við. „Það verður gefið færi á endurskoðun á öllu, meira að segja greinum sem

eru bara kenndar í grunnskóla. Stefnan er sú að þessi vinna sem við erum í núna er bæði í tengslum við styttingu námstímans og líka endurskoðun í ljósi þess að það er komin fimm ára reynsla á námskrána.“ Enda þótt styttingunni sjálfri hafi verið frestað um ár, til ársins 2009, sitji ráðuneytisstarfsmenn alls ekki auðum höndum. „Það er stefnt að því að endurskoðuð námskrá grunnskólans komi út nú eftir áramótin,“ segir Oddný og bætir við að námskrá framhaldsskólans komi vonandi út fljótlega eftir það. Fyrstu krakkarnir komi í nýjan áttunda bekk eftir

ár og haustið 2007 verði svo ný námskrá leikskóla tekin í notkun ásamt því sem kennsla eftir nýrri námskrá hefjist í þriðja, sjöunda og níunda bekk grunnskóla.

„Fyrst átti að gera þetta hraðar, en það var gagnrýnt að tímaramminn væri of þröngur, sem við gátum svo sem alveg tekið undir,“ segir Oddný. Æskilegt var talið að gefa kennurum betri tíma til endurmenntunar og námsefnisgerðar, sem og nemendum, sem samkvæmt þessum áætlunum fá þrjú ár eftir nýrri námskrá grunnskólanna áður en þeir hefja nám í styttnum framhaldsskóla.



Mörgum eru í fersku minni kröftug mótmæli framhaldsskólanna við breytingunni.

GOOGLE FRESTAR INNSKÖNNUN BÓKA

Stærsta bókasafn í heimi verður til á Google

Tölvurinn Google hefur frestað innskönnun á bókum úr virðulegustu bókasöfnum heims vegna efasemda um höfundarrétt. Fresturinn stendur fram í nóvember og á að vera nógu langur til að útgefendur geti dregið bækur sínar úr verkefninu telji þeir ástæðu til. Google hefur unnið að því í nokkur ár að koma öllum bókum í nokkrum stærstu háskólabókasöfnum heims á tölvutækt form. Hugmyndin er að bókasöfnin verði aðgengileg öllum sem vilja á netinu, sérstaklega sjaldgæfar og jafnvel ófánlegar bækur sem leyntast á þessum risastóru og fornfrægu bókasöfnum. Google hefur þegar sett 200 milljónir Bandaríkjadala í verkefnið og stefnir að því að ljúka því árið 2015.



Áttu lausan tíma í vetur? Ertu að leita að vinnu með námi? Viltu vera laus við kvöld og helgarvinnu?

Okkur vantar starfsfólk á **frístundaheimili ÍTR**. Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tólmundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimili eru starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um störf og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf í kringum 19. ágúst. Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg



Getur sagt yes og no og good night og thank you

Matthildur Margrét Árnadóttir verður fimm ára 29. september og hlakkar rosalega til að byrja í nýja skólanum sínum, Hjallastefnuskóla.

Matthildur byrjar í Hjallastefnuskóla 23. ágúst en er í aðlögun í skólanum þangað til. „Ég er núna að kynnast skólanum og kennurum og æfi mig líka að taka skólabílinn. Það er mjög spennandi. Það eru öryggisbelti í skólabílum sem eru alveg eins og venjuleg öryggisbelti,“ segir Matthildur sem er alls ekkert kvíðin fyrir fyrsta skólageginum. „Mér finnst gaman að byrja í nýjum skóla. Ég á eftir að læra ensku, reikning og lestur en ég mér finnst mest spennandi að læra ensku. Ég kann svolítið í ensku sem ég lærði alein. Ég get sagt yes og no

og good night og thank you. Svo get ég líka sagt I love you og oh my god. Amma er líka búin að kenna mér aðeins að lesa.“ „Ég fæ líka skólabúning í skólanum. Hann er öðruvísi en í leikskólanum. Ég er ekki búin að fá hann en ég hef séð þegar aðrir fá hann. Það er rauður og dökkblár Henson íþróttagalli. Mér list mjög vel á þá liti,“ segir Matthildur sem var líka í skólabúning á leikskólanum sínum, Ásum. Litli bróðir hennar er á sama leikskóla en kemur ekki með Matthildi í skólann. „Mér finnst það allt í lagi en ég held að hann sé smá dapur

yfir því.“ Allir vinir Matthildar eru með henni í Hjallastefnuskóla þannig að hún er í mjög góðum félagskap. „Allir í A-hópnum í skólanum voru með mér á leikskólanum. Við verðum öll saman í skólanum en hann er rosalega flottur,“ segir Matthildur en henni finnst afskaplega gaman að syngja. „Við syngjum ekki enn þá í skólanum en vonandi gerum við það einhverjum daginn.“

Matthildur er hér í skólabúningnum úr leikskólanum Ásum en það er fagurrað flíspeysa með merki leikskólans.



FRETTABLAÐIÐ/ÓL

nokkur góð ráð fyrir foreldra }



HVETJIÐ TIL SJÁLFSTÆÐIS

Sumum börnum finnst erfitt að byrja í skóla en á vefsíðunni femin.is eru góð ráð eftir Svövu Skúladóttur kennara til að búa barnið undir fyrsta daginn.

- Styðjið barnið á jákvæðan hátt og verið hvetjandi.
- Hvetjið barnið til sjálfstæðis, til dæmis hvað varðar að reima skó, klæða sig og að fara á salernið.
- Ef barnið kann ekki að reima notið þá skó með frönskum rennilás.
- Vandíð valið þegar skólataskan er keypt. Taska með hörðu baki hentar best fyrstu skólaárin.
- Pennaveski með trélitum og blýanti eru oft ekki hentug því börnunum gengur betur að skrifa og teikna með breiðum, þríhyrnum litum og blýöntum meðal annars til að auðvelda rétt grip.
- Kaupið breiða þríhyrnda blýanta og trélit, þeir eru dýrari en þessir hefðbundnu en margfalt betri fyrir barnið.
- Dósayddari með breiðu gati.
- Trélitir og aðrir litir fara betur í sér pennaveski.
- Strokledur eru misgóð, marglit figúrustrokledur eru yfirleitt ekki góð.
- Hafíð nestið alltaf í nestisboxi.
- Hafíð hollustuna í fyrirrúmi þegar nestið er smurt.
- Nýtið ykkur viðtalstíma kennara. Þau daglegu samskipti sem eru á milli foreldra og leikskólakennara eru ekki lengur til staðar og oft hitta foreldrar ekki kennara barna sinna nema á foreldrafundum. Því er mikilvægt að vera í sambandi við kennara og nýta sér þennan viðtalstíma.
- Verið dugleg að láta barnið æfa stafina sem verið er að fara í hverju sinni og lesa heima. Æfingin skapar meistararn!
- Þjálfíð barnið í að hlusta og fara eftir leiðbeiningum.
- Munið að barnið er ekki lengur á leikskóla og í grunnskólanum eru allt aðrar áherslur og meiri kröfur um sjálfstæði og vinnusemi barnanna.
- Brýnið fyrir börnum umburðarlyndi og tillitssemi gagnvart hvert öðru. Við erum jú öll ólíkir einstaklingar.

SKÓLAVÖRUR

1 kr. 1 stk. Plúto byantur

1,- kr. Stílabók A4

1,- kr. Teygjumappa

Verð 65,- Reiknivél

Verð 95,- Stílabók A5

Verð 125,- Stílabók A4

Verð 395,- 5 fagabók

Verð frá 2.795,-

Verð frá 99,- Pennaveski

Verð 495,- Gormabók A4

Verð 995,-

Verð 1.995,-

Verð 1.995,-

5 í pakka!

Skólatöskur í miklu úrvali

Opíð alla daga

Office 1 Superstore

Tilboði gildir til ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndunengj og þráttillir.

FAGLEG ÆKING
SKIPULAGNING OG STJÓRNUN
TÖLVUÆKING

ÆKING
ER ALLT SEM ÞARFI



Fræðslumiðstöð
málmíðnaðarins

sími 590 64 10 www.metal.is



Skólataska
Verð 2.990 kr.

Í skólann á ný

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Fjarnám
með áherslu á starfstengt nám



Byggingagreinar

Efnisfræði, grunnteikning,
framkvæmd og vinnuvernd.

Grunnnám rafiðna

Rafmagnsfræði, efnisfræði og rafeindateikni.

Rafvirkjabraut

Lýsingateikni, rafmagnsfræði, reglugerð,
raflagnateikning, stýringar.

Rafeindavirkjun

Allar greinar á 3. og 4. önn.

Tækniteiknun

Grunnteikning, húsateikning, innréttinga-
teikning, raflagnateikning, vélateikning
og AutoCad.

Tölvubraut

Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð,
netstýrikerfi.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Allar greinar í grunnnámi
upplýsinga- og fjölmiðlabrautar.

Meistaraskóli

Allar stjórnumar- og rekstrargreinar.

Innritun stendur
yfir á vef skólans
www.ir.is
(fjarnám)

Kennsla hefst 1. sept.
Allar nánari upp-
lýsingar á www.ir.is
og í síma 522 6500.



ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Traust menntun í framsæknum skóla



Alma hvetur námsmenn til þess að heimsækja skiptibókamarkaðinn sem fyrst.

Munar um minna

Nú þegar skólinn nálgast þurfa margir að huga að bókakaupum. Þau geta kostað skilding-
inn og því er um að gera að flýta sér á skiptibókamarkað og reyna að kaupa ódýrar og
notaðar bækur. Alma Ómarsdóttir hefur yfirumsjón með skiptibókamarkaði Office 1 og
hvetur sem flesta til þess að skipta og kaupa bækur á markaðinum enda mjög hagstætt.

„Mér finnst bókakaup dreifast meira núna en áður. Við höfum verið með skiptabókamarkað um áramót og þá koma margir með bækur og skipta og koma þá aftur núna í haust að skipta. Því rúlla bókaskiptin allt árið og auðvitað er betra fyrir okkur að þau dreifist. Bækurnar eru þá tilbúnar í hillum hjá okkur og mun betra aðgengi að þeim fyrir viðskiptavinum,“ segir Alma en Office 1 prófaði fyrst að vera með skiptibókamarkað um áramót á síðasta ári. „Það gekk framar öllum vonum og við ætlum að halda því áfram enda er meira um annaskipti en bekkjarkerfi nú en var áður.“ Margir námsmenn hafa rekið sig á það að bókatitill sem þeir keyptu fyrir önn er orðinn úreltur þegar önnin er búin. Alma segir þar breytingu á. „Það hefur oft verið þannig en núna í ár eru ekki margir titlar úreltir. Á móti kemur hins vegar að vinnubækur þarf alltaf að kaupa nýjar. Við tökum aldrei við vinnubókum og ekki bókum sem eru það illa farnar að detti blaðsíður úr. En við reynum að hafa allar bækur á lista sem verið er að kenna í skólunum,“ segir Alma en Office 1 reynir að

taka við eins mörgum bókum og hægt er. „Við viljum auðvitað ekki sitja uppi með bækur sem fáir eru að læra þannig að við fáum upplýsingar frá skólunum hve margir eru með hverja bók. Flestar bækur tökum við inn allan tímann og það eru örfáir titlar sem við setjum stopp við og getum ekki tekið inn fleiri. Við leggjum mikið upp úr því að námsmenn fái allar bækurnar á skiptibókamarkaðinum nema vinnubækur. Við erum líka með langflesta titla á skrá af öðrum mörkuðum.“ „Það er um að gera að koma sem fyrst og reyna að finna notaðar bækur og koma þá oftar en einu sinni til þess að detta inn á notuðu bækurnar. Munur á verði milli notaðra og nýrra bóka er um 30 til 35 prósent þannig að það munar um minna. Einnig er mikill sparnaður í því að skipta gömlu skólabókunum því peningurinn sem fæst fyrir þær getur dugað fyrir 60 til 80 prósent af því sem námsmenn kaupa í versluninni, þá meðtalin ritföng og stílabækur.“

lilja@frettabladid.is



Háskólastúdentar geta enn sótt um námslán. Auðveldast er að nálgast umsóknareyðublöðin í gegnum heimabanka.

Ekki of seint að sækja um námslán

Frestur til að sækja um námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna er til 30. september.

Þótt skólarnir séu alveg að byrja er enn ekki orðið of seint að sækja um námslán hjá LÍN fyrir næsta skólaár. Tekið er við umsóknum til 30. september en eftir þann tíma skerðist lánsréttur ef nám er hafið. Á heimasíðu lánasjóðsins www.lin.is má nálgast allar upplýsingar um námslánin og vert er að kynna

sér upplýsingarnar vel áður en sótt er um lán. Umsóknareyðublöð vegna námslána má jafnframt nálgast á heimasíðunni en fólk er þó hvatt til þess að nýta sér þjónustu síns banka og sækja um námslán í gegnum heimabankann sinn. Allir bankarnir bjóða upp á slíka þjónustu.

BRJÓSTGÆÐI FRAM ÚR HÓFI

Þykkur farði og ofurbarmur komu upp um rússneskan prófsvindlara.

Ungur maður í kvenmannsklæðum með þykkar farða og risastór gervi-brjóst var gripinn við svindl á inntökuþrófi í hina virtu sálfræðideild Moskvuháskóla á dögunum. Brjóstastærðin vakti athygli yfirsetufólks í prófinu, sem taldi að yfirdrifinn barmurinn væri geymsla fyrir svindli eða jafnvel heilar bækur. En þegar nánar var að gáð reyndist hin brjóstgóða unga kona ekki vera sú sem hún þóttist heldur góður vinur hennar sem hugðist þreyta inntökuþrófini í hennar nafni. Ungu manningu var samstundis vikið úr prófinu og vinkonu hans meinað að þreyta inntökuþrófini. Prófasvindl er vandamál við rússneska háskóla, einkum vegna mútubægni kennara og yfirsetufólks. En svo virðist sem brjóstvitið hafi fengið að ráða í þetta sinn.



Spurning hvort Dolly Parton vekti ekki grunsemdir rússneskra yfirsetumanna.



Auðvelt er að leita að bókum á vefsíðunni.

RAFRÆNN SKIPTIBÓKA-MARKAÐUR

Stúdentamiðlun hefur sett upp skiptibókamarkað á netinu sem er afar einfaldur í notkun.

Stúdentamiðlun hefur opnað raf-rænan skiptibókamarkað á vefsíðu sinni studentamidun.is. Á síðunni geta námsmenn skráð bækur sínar til sölu og leitað að notuðum námsbókum.

Starfsmenn Stúdentamiðlunar koma hvernig nærri viðskiptunum og ekkert gjald er tekið fyrir skráningu á bók til sölu né heldur söluþóknun. Skráning er einföld og til dæmis er hægt að leita eftir titli, höfundu eða fagi.



Skólapiðsin prúðkvenlegu heyra nú brátt sögunni til.

Skólastúlkur komnar í buxur

Í fyrsta sinn í fimm hundruð ár verða fleiri breskar skólastúlkur í buxum en pilsí.

Breskar skólastúlkur hafa verið pilsklæddar síðan á sextánda öld þegar skólabúningar litu fyrst dagsins ljós en nú virðast pilsin vera á undanhaldi. Í fyrsta sinn virðast buxur vera vinsælli en pils við hina hefðbundnu bresku skólabúninga, samkvæmt upplýsingum frá verslanakeðjum. Í ár er áætlað að 52% skólastúlkna verði í buxum sem er gríðarleg aukning frá undanföllum árum þar sem aðeins 2% nýttu sér þennan valkost árið 2002. Stúlkur velja buxurnar bæði vegna notagildis, enda er mun auðveldara að leika sér í buxum, og svo eru buxurnar gjarnan nútímalegri í sniðum en pilsin og því auðveldara að tolla í tiskunni í þeim. Talið er að ef þróunin heldur svona áfram muni engar breskar skólastúlkur vera í pilsí árið 2017.

Fjarnám í viðskiptafræði

Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á fjarnám í viðskiptafræðum og tekur fjögur ár að ljúka BS.

Frá og með núverandi haustönn gefst fólki sem ekki hefur tók á að hætta vinnu eða flytjast búferlum, tækifæri til að ljúka BS-gráðu í viðskiptafræðum frá Viðskiptaháskólanum. Miðað er við að það taki fjögur fög á önn og ljúki samtals átta einingum. Þannig tekur fjögur ár að ná BS-gráðu. Fyrirlestrar eru aðgengilegir á vef skólans og geta nemendur nálgast þá hvenær sem þeim hentar. Þar með geta þeir

stjórnað tíma sínum sjálfir og eru ekki háðir fjarfundarbúnaði eða símenntunarstöðvum. Tvisvar á hverri önn hittast nemendur á vinnuhelgum á Bifröst þar sem þeir kynnast og taka þátt í umræðum með kennurum. Yfir sumarið stunda þeir svo staðnám á nokkurra vikna sumarönn á Bifröst ásamt nemendum í hefðbundnu námi. Tilgangurinn er að veita fólki tækifæri til þess að upplifa menningu skól-



Yfir sumarið verður dvalið á Bifröst í nokkrar vikur.

ans og kynnast þeim vinnubrögðum sem þar eru við lýði. Kennslustjóri fjarnámsins er Ása Björk Stefánsdóttir asabjork@bifrost.is

TILBOÐSDAGAR Í HUGVERI

VAXTARLAUS LÁN Í BÓÐI



Mitac MiNote 8050DC



15.4" Vöskjár, 1280x800
128 Mb ATI Radeon 9700 skjákort
2.0 GHz Dathan örgjóni
1 Gb vinnsluminni
100 Gb 5400 r.p.m diskur
Windows XP Pro

Tilboðsverð kr. 154.850,-



Mitac MiNote 8011

14.1" Vöskjár, 1280x768
Intel E6ame 2 skjákort
1.5 GHz Pentium M Coloron
512 Gb vinnsluminni
40 Gb 5400 r.p.m diskur
Windows XP Home

Tilboðsverð kr. 89.880,-

MS OFFICE 2003
STUDENT AND TEACHER ED

Má nota á 3 heimilistölvur |
Word 2003 | Excel 2003
Outlook 2003 | PowerPoint 2003

TILBODSVERÐ kr. 12.990,-



AG neovo SKJÁIR Í SÉRFLOKKI



NorthQ ABIT-
LEIKJA- OG HEIMLISTÖLVA

Abit AABXE - Fatal1ty
3.2GHz Örgjóni
1 Gb Minni Dual DDR2
Seagate 200Gb SATA diskur
Samsung DVD skrifari
ATI X700 Pro skjákort
NorthQ 400W atgjafi
NorthQ Alien kassi
Windows XP Pro

Tilboðsverð kr. 114.720,-



F-417
17", 12ms, 1:450, 260 cd/m2
kr. 22.900,-

F-419
18", 12ms, 1:500, 250 cd/m2, DV
kr. 31.900,-



M-17
17", 12ms, 1:500, 300 cd/m2, DV
innb. hát., USB og fjóð-út
kr. 27.900,-

M-19
19", 12ms, 1:500, 260 cd/m2, DV
innb. hát., USB og fjóð-út
kr. 37.900,-



GENIUS
DV610 stafræn videomyndavél

Staðfræn videomyndavél
Staðfræn myndavél
USB 2.0 vefmyndavél | MP3 spilar
Digital diktalónn | Gagnageymsla

Tilboðsverð kr. 19.900,-



GENIUS
G-Shot G512 stafræn myndavél

Staðfræn myndavél 3.1 / 5 MegaPixel
MP3 spilar | Fjóðupptaka / diktalónn
> Samkvæmt heimildum **Umferðarstofu** er um það bil einn bill afskrifaður fyrir hverja tvo sem fluttir eru inn.

Austurbyggð auglýsir

Stuðningur við uppbyggingu fyrirtækja á Stöðvarfirði

Austurbyggð samanstendur af byggðakjörnum Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði. Með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga verður sveitarfélagið Austurbyggð í seilingarfjarlægð frá einu stærsta athafnasvæði landsins, Reyðarfirði.

Sveitarfélagið Austurbyggð, Samherji hf. og Þróunarfélag Austurlands vinna sameiginlega að stuðningi við aðila sem áhuga hafa á að stofna til atvinnurekstrar á Stöðvarfirði.

Stuðningur felst meðal annars í rekstrarráðgjöf, útvegum húsnæðis fyrir fyrirtæki, styrkjum og aðstoð við fjármögnun og aðstoð varðandi útvegum á íbúðarhúsnæði, vinnuafli og samstarfsaðilum ef þörf er á.

Kannanir hafa sýnt að á Stöðvarfirði er traust og gott vinnuafli sem mikill ávinningur er fyrir fyrirtæki að hafa aðgang að. Þar er einnig talsvert af atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu á hagstæðum kjörum.

Þeir sem áhuga hafa á að koma að atvinnurekstri á Stöðvarfirði eru hvattir til að kynna sér málið á heimasíðu Austurbyggðar www.austurbyggd.is eða hafa samband við neðangreinda tengiliði atvinnuþróunarverkefnisins.

Gunnar Vignisson, Þróunarstofu Austurlands, sími 471 2545, gunnar@astur.is

Magnús Gauti Gautason, Rekstrarráðgjöf Norðurlands, sími 4607300/8928049, mgg@rn.is

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, starfsmaður Austurbyggðar, sími 475 0500, menning@asturbyggd.is

Tilkynning samkvæmt fjármálaþjónustu- og markaðslögum 2000

varðandi

Bradford Insurance Company Limited ("Bradford")

og

Phoenix Assurance Limited ("Phoenix")

og

Swiss Life (UK) plc ("SLUK")

og

Royal & Sun Alliance Linked Insurances Limited ("RSALI")

Hinn 25. júlí 2005 var sótt um tilskipun samkvæmt 107. kafla fjármálaþjónustu- og markaðslaga 2000 (löggin) hjá æðri dómstól félagsmála í Lundúnum af hendi Bradford, Phoenix, SLUK og RSALI

- þess efnis að samkvæmt 111. kafla laganna yrði samþykkt áætlun (áætlunin) er gerði ráð fyrir flutningi váttryggingaviðskipta Bradford og Phoenix og SLUK til RSALI og
- til að gera ráðstafanir til stuðnings í sambandi við áætlunina samkvæmt 112. kafla laganna.

Eintök af (i) bréfi til váttryggingaskirteinahafa, skýringabæklingi og blöðungu með spurningum og svörum, (ii) skýrslunni um skilmála áætlunarinnar, sem óháður sérfræðingur hefur samið samkvæmt 109 kafla laganna og (iii) áætlunarskjalinu er hægt að fá án afgangis með því að hringja í síma 0845 070 4060. Einnig er hægt að fá skjöl þessi á heimasíðu Phoenix Life Group, www.phoenixlifegroup.co.uk.

Umsóknina á að taka fyrir hjá umsóknardómaranum í High Court of Justice, Strand, London WC2A 2LL hinn 31. október 2005. Hver sá aðili (þar á meðal hvaða starfsmaður Bradford eða Poenix eða SLUK eða RSALI sem er) sem staðhæfir að hann mundi verða fyrir slæmum áhrifum af því að framkvæma áætlunina getur komið sjálfur eða sent lögmann í fyrirtökuna og því tilfelli er þess beiðst að aðiliinn gefi lögmannnum er að neðan getur, tveggja daga fyrirvara skriflega ásamt ástæðum fyrir andmælum. Hver sá váttryggingarskirteinishafi, sem er áætluninni mótfallinn, en hyggst ekki mæta við fyrirtökuna ætti að tilkynna neðangreindum lögmannnum andstöðu sína skriflega eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fyrirtökudaginn, svo og ástæðurnar fyrir andstöðunni.

Fjármálaeftirlitið á Íslandi birti tilkynningu um væntanlegan flutning í íslenska Lögbirtingablaðinu hinn 5. ágúst 2005.

Dags. 19. ágúst 2005
Slaughter and May
One Bunhill Row
London EC1Y 8YY
Tilv.: OAW/RLH

Lögmen Bradford og Phoenix og SLUK og RSALI

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STJÓRNENDUR FL GROUP Félagið vill styrkja eiginfjárstöðu sína til þess að ráðast í stærri verkefni. Stjórnarformaður fagnar niðurstöðu yfirtökunefndar og mótmælir fullyrðingu Landsbankans að hann hafi verið yfirtökuskyldur.

Frekari fjárfestingar á döfnni

Stjórnarformaður FL Group fagnar niðurstöðu yfirtökunefndar og hafnar túlkun Landsbankans. Stjórn FL Group vill styrkja eiginfjárstöðu félagsins. Kauphöllin skoðar viðskipti fyrir birtingu uppgjör.

Stjórnendur FL Group hafa áætlanir um að styrkja eiginfjárstöðu félagsins til þess að sækja enn frekar fram á við. Talið er líklegt að félagið gefi út nýtt hlutafé áður en langt um liður en fjálmörg verkefni eru til skoðunar.

Félagið birti afkomutölur á miðvikudaginn þar sem kom fram að afkoman er borin uppi af góðum árangri í fjárfestingarstarfsemi. Fleiri samningar á flugvélaleigu eru í burðarlíðnum

að sögn stjórnenda FL Group.

Yfirtökunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu af Eignarhaldsfélagi Oddaflug sé ekki yfirtökuskylt í FL Group vegna þeirra breytinga sem urðu á eignarhaldi í félaginu 1. júlí. Félagið Oddaflug er í eigu Hannelsar Smárasonar, stjórnarformanns FL Group. Nefndin kannaði annars vegar hvort Oddaflug hefði í huga að yfirtaka félagið í samráði við Kötlu Investments og Baug Group og hins vegar hvort viðskiptaleg tengsl væru milli þessara aðila að þau kölluðu á yfirtökuskyldu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

„Niðurstaðan staðfestir það sem við töldum alltaf, að við værum ekki einn og sami hópur.“ Í Álti Landsbankans, vegna hálfars uppgjör FL Group, segir að eignarhlutur Hannelsar, í Oddaflugi og Fjárfestingarfélaginu Prímusi, hafi um tíma farið yfir

fjórutíu prósent og því hafi hann verið yfirtökuskyldur. Hannes hafnar þessari fullyrðingu og segir að samanlagður eignarhlutur félaganna hafi verið um 35 prósent eftir viðskipti með bréf FL Group hinn 1. júlí.

Kauphöll Íslands hefur til skoðunar viðskipti í FL Group á miðvikudaginn áður en hálfars uppgjör félagsins var birt en þá hækkaði gengið um tæp fjögur prósent. Þórrður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að kauphöllin fari yfir viðskiptin eins og ávallt þegar snöggar verðbreytingar verða. „Við ætlum að fara vandlega yfir viðskiptin. Það er hins vegar rétt að benda á það að verðið gekk til baka í gær. Eðlilegar skýringar geta verið fyrir þessum viðskiptum, að einhver hafi verið að veðja á að afkoman renni stöðum undir einhverjar verðhækkningar.“

eggert@frettabladid.is

Góð ávöxtun lífeyrissjóða

Gildi lífeyrissjóða, sem varð til við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna, skilaði góðri ávöxtun á fyrri hluta árs. Hrein raunávöxtun sjóðsins var 15,1 prósent á ársgrundvelli en innlend hlutabréf gáfu 58 prósentu raunávöxtun á ársgrundvelli. Hrein eign sjóðsins hækkaði um fjórtán milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins og var 158,4 milljarðar í lok júní.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem rekinn er af KB banka, sýndi einnig góða ávöxtun og hækkaði hrein eign sjóðsins um 4,2 milljarða frá áramótum. Hún er um 40 milljarðar króna. Fjárfestingarleiðin Frjálsi 1 skilaði fjórtán prósentu ávöxtun en Frjálsi 2 um 9,4 prósentum.



ARNI GUÐMUNDSSON, FRAMKVEMDA-STJÓRI GILDIS LÍFEYRISJÓÐS Raunávöxtun sjóðsins var yfir fimmtán prósentum fyrstu sex mánuði ársins.

STÓÓÓR
ÚTSALA
Á KLETTHÁLSI
ALLT AÐ
750 ÞÚS.
KR. AFSLÁTTUR!

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notadrum bílum

Kletthálsi 11 Laugavegi 174 sími 590 5040
www.bilathing.is

TÉKKRAÐU Á
VERÐÍNUM!!!

ALLTAF
ÓDÝRARI

119.990



**HP nx6110
Ferðatölva**

1.73 GHz Intel Pentium M Dothan740
512 MB DDR 333MHz vinnsluminni
60 GB Ultra 5400RPM harðiskur
DVD±RW hljóðlátur skrifari
128MB Intel GMA900 skjákort
15" TFT XGA 1024x720 skjár
þráðlaust 54Mbps netkort
FireWire, USB2, netkort, módem
2ja ára ábyrgð, Aðeins 2,8Kg
Windows XP PRO

 **Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi**

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 13-17



BLAISE PASCAL (1623-1662)
lést þennan dag.



„Maðurinn er aldrei stærri en þegar hann krýpur.“

- Blaise Pascal var franskur stærðfræðingur, eðlisfræðingur og heimspækningur. Þrýstingseiningin pascal er nefnd í höfuðið á honum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

U2-flugmaður í fangelsi

Bandaríski njósnarinn og flugmaðurinn Francis Gary Powers var þennan dag árið 1960 dæmdur í tíu ára fangelsi af herðómstóli í Sovétríkjunum. Powers hafði flogið inni í sovéska lofthelgi á njósnavélinni U2 hinn 1. maí og var skotinn niður. Þessi atburður hafði mjög slæm áhrif á samskipti Bandaríkjanna og Sovétmanna sem þegar voru brothætt. Sama kvöld átti að hefjast fundur nokkurra stórríkja í París en þegar var hætt við hann. Einnig var snarlega hætt við heimsókn Dwigths Eisenhower, forseta Bandaríkjanna, til Sovétríkjanna sem fara átti fram nokkru síðar. Sovétmenn voru ævareidur yfir átroðningi Bandaríkjanna og sökuðu

þá um að spilla viljandi fyrir friði. Við réttarhöldin í ágúst játaði Powers að hafa njósnað fyrir leyningustuna CIA. Þá kom í ljós að honum hefði verið tjáð að U2-vélin væri hönnuð til þess að fljúga í það mikilli hæð að ekki væri hægt að skjóta hana niður. Dómurinn sjálfur vakti ekki mikla hneykslun meðal almennings í Bandaríkjunum og töldu margir að verr hefði getað farið. Hins vegar var Powers sleppt tveimur árum síðar í skiptum fyrir sovéska njósnarann Rudolph Abel. Skiptin fóru fram í Berlín. Powers fór að vinna sem þyrluflugmaður fyrir sjónvarpstöð og lét lífið í þyrluslysi árið 1977.



19. ÁGÚST 1960

MERKISATBURÐIR

- 1871** Alþingismenn stofna Hið íslenska Þjóðvinafélag.
- 1959** Fyrstu símsendu fréttamyndirnar birtast á forsiðu Morgunblaðsins af knattspyrnuleik Dana og Íslendinga.
- 1960** Rússar senda tvo hunda út í geim til þess að kanna áhrif geimferða á spendýr.
- 1981** Ný útgáfa Bibliunnar kemur út.
- 1993** Smugudeilan hefst við Norðmenn þegar íslenskir togarar hefja veiðar utan 200 mílna landhelgi í svenefndri Smugu í Barentshafi.
- 1993** Shimon Peres utanríkisráðherra Ísraels kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 2003** Mikil sprenging geryeðleggur höfuðstöðvar Sam-einuðu þjóðanna í Bagdad.

ANDLÁT

Einar Einarsson, frá Bjólu, lést á Grund fimmtudaginn 4. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrþey.

Oddný Þorvaldsdóttir, frá Sómastöðum, Fáskrúðfirði, lést á Hjúkrunarheimilinu Uppsölum 7. ágúst.

Sæmundur Árni Hermannsson, Jöklatúni 3, Sauðárkróki, andaðist föstudaginn 12. ágúst.

Ásta Baldvinsdóttir lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 16. ágúst.

Haraldur Steinþórsson, Neshaga 10, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 16. ágúst.

JARÐARFARIR

13.00 **Amalía Rut Gunnarsdóttir**, Björtusölum 23, Kópavogi, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju.

13.00 **Guðrún S. Magnúsdóttir**, Valhúsabraut 13, Seltjarnarnesi, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Margrét Sighvatsdóttir**, Hraunvangi 1, Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju.

15.00 **Guðfinna Árnadóttir**, Faxatúni 27, Garðabæ, verður jarðsöngin frá Garðakirkju.

15.00 **Jóhannes Steinþórsson**, Eyjabakka 26, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Breiðholtskirkju.


AFMÆLI

Rakel G. Magnúsdóttir, Fífumóa 13, Ytri-Njarðvík, er 80 ára. Rakel heldur upp á afmælið í safnaðarheimili Innrí-Njarðvíkur laugardaginn 20. ágúst kl. 17.


Þór Whitehead
sagnfræðingur er 62 ára.



Árni Pétur Guðjónsson
leikari er 54 ára.



Kristinn H. Gunnarsson
alþingismaður er 53 ára.



Telma Tómasson
fjölmíðlakona er 43 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1858 Edith Nesbit barnabókahöfundur.


1883 Coco Chanel
tiskuhönnuð.



1915 Ring Lardner
rithöfundur.



1921 Gene Roddenberry
höfundur Star Trek.



1946 Bill Clinton
Bandaríkjaforseti.

1948 Tipper Gore eiginkona Al Gore.



REKTOR Guðfinna S. Bjarnadóttir telur skólasetninguna marka stór tímamót í menntasögu Íslands.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK, NÝR SAMEINADUR HÁSKÓLI: SETTUR Í FYRSTA SINN

Leggur upp í langferð

„Þetta er stór dagur í menntasögu Íslands,“ segir Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor Háskólans í Reykjavík sem verður settur í fyrsta sinn í dag sem nýr sameinadur háskóli Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans. „Fyrsta skólasetningin er í raun og veru upphafið að langferð og við vitum hvert við ætlum,“ segir Guðfinna sem segir hlutverk skólans að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Skólinn hefur fernt að leiðarljósi. Nýsköpun, tækniþróun, samstarf og alþjóða samskipti. „Við ætlum að kenna öllum okkar nemendum að búa til fyrirtæki og skapa störf. Við ætlum að vera á tánum og fylgjast vel með því sem gerist í háskólum beggja vegna Atlantshafsins og viljum útrýma deildarmúrum milli deilda skólans,“ segir Guðfinna sem vill sjá stórt hlutfall erlendra stúdenta í skólanum á næstu árum og fjölda erlendra professora.

Guðfinna segir samrunann

hafa gengið langt fram úr eigin væntingum enda sé búið að leggja mikla vinnu í undirbúning. Hún efar ekki að nemendum skólans muni finnast þeir tilheyra einni heild í stað tveggja skóla.

Í haust munu 2.500 nemendur stunda nám við skólann, auk 200 fastra starfsmanna og fjölda stundakennara og annars starfsfólks.

Deildir skólans verða fjórar, viðskiptadeild og lagadeild auk tveggja nýrra deilda, kennslufræði- og lýðheilsudeildar og tækni- og verkfræðideildar. Guðfinna býst við að nemendum fjölgi hratt á næstu árum vegna þeirrar þróunar í samfélaginu að æ stærri hluti hvers árgangs



NÝTT MERKI FYRIR NÝJAN SKÓLA
Nýtt merki skólans er tígulformað og vísar til spjaldhúfu útskriftarmerka.

sækir háskólanám. „Ég spái því að við eigum eftir að tvöfalda fjölda nemenda á tiltölulega fáum árum,“ segir Guðfinna sem segir það þó ekki stefnu skólans að verða sá stærsti á Íslandi.

Enn sem komið er starfar skólinn á fjórum stöðum. Í byggingu HR við Kringluna, í skólahúsi gamla Tækniháskólans við Höfðabakka. Þá hefur gamla prentsmiðja Morgunblaðsins verið leigð undir starfseminna svo og fyrsta hæð Húss verslunarinnar.

Nýtt skólahúsnæði verður reist í Vatnsmýrinni á næstu árum. „Við erum núna að fara víða að skoða skóla. Nýverið vorum við að skoða MIT og Harvard og munum skoða skóla á Norðurlöndum og í Evrópu,“ segir Guðfinna en arkitekt verður valinn að lokinni hugmyndavinnu skólastjórnenda. „Við áætluðum að flytja inn haustið 2008,“ segir Guðfinna bjartsýn enda hlakkar hún til að takast á við nýtt skólaár í nýjum og metnaðarfullum háskóla. ■



Sonur minn, bróðir, mágur og födurbróðir,

Þorsteinn Gylfason prófessor

sem andaðist á Landspítalanum 16. ágúst, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 23. ágúst kl. 16.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök um byggingu tónlistarhúss.

Guðrún Vilmundardóttir
Þorvaldur Gylfason og Anna Karitas Bjarnadóttir
Guðrún Vilmundardóttir og Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Baldur Hrafn Vilmundarson
Gylfi Þorsteinn og Eyja Sigríður Gunnlaugsbörn.



Ástættur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sæmundur Árni Hermannsson

sem andaðist föstudaginn 12. ágúst, verður jarðsöngin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 20. ágúst kl. 11.00.

Þeir sem vildu minnast hins látna eru beðnir um að láta líknarstofnanir njóta þess.

Ása Sigríður Helgadóttir

Elín Helga Sæmundsdóttir
Herdís Á. Sæmundardóttir
Hafsteinn Sæmundsson
Gunnhildur María Sæmundsdóttir
Margrét Sæmundsdóttir
Hermann Sæmundsson
Anna Elisabet Sæmundsdóttir

Jón Örn Berndsen
Guðmundur Ragnarsson
Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
Ragnar Sveinsson
Árni Kristinsson
Guðrún Sesselja Grímsdóttir
Friðrik Arnar Sigurðsson

barnabörn, og barnabarnabörn.




Afmæli

Jón Guðlaugsson

skipstjóri verður 60 ára þann 22. ágúst. Af því tilefni bjóðum við ættingjum og vinum í kaffi laugardaginn 20. ágúst milli kl. 16 og 19 að heimili okkar, Lækjarkinn 28 í Hafnarfirði.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



FLOTTUSTU FÖTIN Á FLOTTUSTU KRAKKANA

Nýkomin æðislega flott föt frá Esprit, 66°N
og þekktum hönnuðum eins og Jasper Conran, John Rocha
og Matthew Williams, á verði sem kemur þér í rétta skólaskapið.

**Ef keypt er fyrir 12.000 kr. eða meira í barnadeild
fylgir þriggja hæða pennaveski á meðan birgðir endast.**



DEBENHAMS

SMÁRALIND



26. Alþjóðarallið af stað

... 26. Alþjóðarallið var ræst við Perluna í gær og síðar voru tvær sérleiðir keyrðar á Suðurnesjum og í Gufunesi. Í dag hefst keppni snemma en besta aðstaðan til að fylgjast með verður í Gufunesi þar sem er sérstök áhorfendasérleið. Sú leið verður keyrð fjórum sinnum þar af alltaf upp úr klukkan sjö alla daganna. Þetta er stærsti viðburður ársins í íslenska rallheiminum.

sport
sport@frettabladid.is

ARNAR ÞÓR VIÐARSSON: STUÐNINGSMÆÐUR LIVERPOOL SEM Á BRÓÐUR Í EVERTON

Ekki skorað svona mikið síðan í 3. flokki

„Þetta er ótrúlegt, þetta hefur ekki gerst síðan í þriðja flokki,“ sagði Arnar Þór Viðarsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, eftir að hafa skorað sitt fyrsta landsliðsmark, nokkrum dögum eftir að hann skoraði með félagsliði sínu í Belgíu. Ekki nóg með að Arnar skoraði tvö mörk á einni viku, heldur náði líka bróðir hans Davíð Þór að skora sitt fyrsta mark í efstu deild á Íslandi í vikunni með FH og Bjarni Þór, þriðji bróðirinn, skoraði tívégis með varaliði Everton í sigurleik á varaliði Liverpool.

„Það er alltaf ljúft að skora, sérstaklega þegar leikurinn vinnst líka,“ sagði Arnar sem var feginn því að skora loksins með landsliðinu eftir 39 leiki. „Það er alltaf skemmtilegra eftir á, þegar ferillinn er



búinn, að geta sagt að maður hafi skorað með landsliðinu. En annars veltir maður því ekki fyrir sér ef leikurinn vinnst á annað borð. Ég skora sjaldan og þegar það gerist er það enn skemmtilegra fyrir vikið.“

Arnar neitar því ekki að það væri gaman að fá að spila landsliðsleik með bræðrum sínum. „Það væri auðvitað frábært að ná því einhvern tímann. Ég er 27 ára í dag og á vonandi einhver ár eftir í þessu. Þeir eru að stiga sín fyrstu spor og ef þeir halda áfram að bæta sig

þá er aldrei að vita. Ekki fer maður að spila með pabba gamla lengur, hann er orðinn svo digur kallinn,“ segir hann og hlær.


Aðspurður segir hann hafa séð Davíð spila nokkrum sinnum með FH í sumar en hann hafi ekki enn farið og séð Bjarna spila með varaliði Everton. „Ég hef bara séð leiki með honum í sjónvarpinu. Ég er líka búinn að segja við hann að ég muni ekki halda með Everton fyrr en hann fær að spila með aðalliðinu,“ segir Arnar í léttum dúr en hann og hans fjölskylda hafa ávallt stutt Liverpool – nema Bjarni. „Hann hélt alltaf með Newcastle þegar hann var yngri og nú er það Everton. En ég leyfi mér enn að skjóta svoltið á hann.“

> Við vonumst til að ...

... Íslenska 21 árs landsliðið í handbolta standi sig vel gegn Spánverjum á heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi en þjóðirnar mætast í dag í einum af úrslitaleikjum riðilsins. Íslenska liðið tapaði illa fyrir Spáni á síðasta stórmóti en nú ætla strákarnir að hefna ófárranna en leikurinn hefst klukkan 16.00 á íslenskum tíma.

> Við skiljum ekki ...

... hinar fánálegu sveiflur Grindvíkinga sem hafa í síðustu þremur leikjum tapað 0–8, unnið 3–0 og tapað 5–1. Með tapinu í Eyjum í gær hefur staða liðsins versnað til mikilla muna og Grindavík gæti því verið að falla úr efstu deild í fyrsta sinn.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

16 17 18 19 20 21 22

Föstudagur

LEIKIR

19.00 Haukar og Víkingur Ó. mætast á Ásvöllum í 1. deild karla.

SJÓNVARP

19.00 Toyota-mótaróðin í golfi á Sýn.

20.30 Mótorsport 2005 á Sýn.

23.00 Gullmót í frjálsum íþróttum á RÚV.

Vilt þú vinna í skemmtilegu umhverfi með skemmtilegu fólki?

World Class ICELAND

www.worldclass.is

STÓCÓR ÚTSALA Á KLETTHÁLSI

100% FJÁRMÖGNUN á völdum bílum

BÍLAPING HEKLU

Náms eit í notkunum bílum

Kletthálsi 11 Laugavegi 174 sími 590 5040 www.bilathing.is

Eyjamenn unnu stórsigur

ÍBV skoraði fimm mörk gegn Grindavík í sex stiga leik í fallbaráttunni sem fram fór í Eyjum í gær. Með sigrinum komust Eyjamenn úr fallsæti.



Hásteinsv., áhorf: 600 Garðar Örn Hinriks. (7)

1–0 Andri Ólafsson (16.)
2–0 Pétur Runólfsson (40.)
3–0 Pétur Óskar Sigurðsson (47.)
4–0 Steingrímur Jóhannesson (68.)
4–1 Robert Niestroj (77.)
5–1 Matthew Platt (89.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 16–10 (10–7)
Varin skot Hrafn 6 – Savic 6
Horn 7–6
Aukaspjrnur fengnar 11–17
Rangstöður 7–1

FÓTBOLTI Sigur ÍBV á Grindavík í sannkölluðum botnslag í Landsbankadeild karla var jafn stór og hann var mikilvægur fyrir Eyjaliðið. Lokatölur urðu 5-1 fyrir ÍBV og hefðu heimamenn auðveldlega getað bætt við fleiri mörkum í besta leik sumarsins að mati Guðlaugs Baldurssonar, þjálfara ÍBV.

„Það gekk allt upp sem við vorum að gera og við hefðum auðveldlega getað skorað fleiri mörk. Þrátt fyrir góðan sóknarbolta vorum við að spila varnarleikinn vel þannig að þetta var bara flottur leikur hjá okkur og án efa sá langbesti í



Á SKOTSKÓNUM Pétur Óskar Sigurðsson var einn fimm Eyjamanna sem skoruðu gegn Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sumar,“ sagði glaðbeittur þjálfari Eyjaliðsins að leik loknum en með sigrinum lyfti ÍBV sér upp úr fallsæti.

Guðlaugur sagði leikinn hafa verið gríðarlega mikilvægur fyrir ÍBV en að þeir geti ekki fagnað sigrinum lengi. „Þetta var nauðsynlegt fyrir okkur til að hanga inni í botnbaráttunni en við gerum okkur alveg grein fyrir því að þessi sigur einn og sér er ekki nóg. Við fögnum þessu núna næstu 10 mínúturnar en svo einbeittum við okkur að næsta leik sem er Þróttur heima á sunnudaginn,“ sagði Guðlaugur.

Fimm leikmenn ÍBV skiptu mörkunum á milli sín gegn slöku liði Grindavíkur þar sem Robert

Niestroj var eini leikmaður liðsins sem virtist vera tilbúinn í slaginn.

Eysteinn Hauksson var svekktur í leikslok en gat ekki útskýrt sveiflukennt gengi Grindavíkurliðsins. „Það er lítið hægt að segja eftir svona leik. Annaðhvort erum við að spila eins og lið sem getur sigrast á hverju sem er og svo næsta dag erum við að spila hver í sínu horni og þá fer þetta svona,“ sagði Eysteinn sem vildi ekki meina að annaðhvort þessara liða væri á leiðinni niður.

„Ef Eyjamenn spila svona eins og þeir gerðu í dag fara þeir ekki niður og ef við spilum eins og við getum gert förum við heldur ekki niður,“ sagði Eysteinn. - jía

KA og Víkingur gerðu 1–1 jafntefli á Akureyri í gær í 1. deild karla:

Blikar komnir upp í Landsbankadeildina

FÓTBOLTI Breiðablik komst í gærkvöld upp í Landsbankadeild karla og það þrátt fyrir að hafa ekki spilað sjálfir. Blikar höfðu 11 stiga forskot á KA-menn fyrir leikinn og þar sem KA-menn náðu aðeins jafntefli við Víkinga er það ljóst að aðeins Víkingar geta náð

Blikum. Blika vantar líka aðeins einn sigur til viðbótar til þess að tryggja sér 1. deildarmeistaratilinn.

Andri Steinn Birgisson kom Víkingum yfir strax í upphafi leik og Daníel Hjaltason fékk síðan kjörð tækifæri til þess að gull-

tryggja sigurinn um miðjan seinni hálfleik en lét þá Sandor Matus verja frá sér vítaspjrnun. Það var síðan Jón Gunnar Eysteinnsson sem jafnaði leikinn á lokasekundunum og sá til þess að spennan er áfram í baráttunni um hverjir fylgja Blikum upp. - 66j

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

ÍBV–GRINDAVÍK 5–1

ÍBV 4–4–2	GRINDAVÍK 4–4–2
Hrafn 6	Savic 5
Pétur R. 6	Óðinn 5
Páll Hjarðar 7	(56. Ahandour) 5
(88. Bjarni Rúnar) –	Guðmundur Andri 5
Varenkamp 6	Jack 4
Bjarni Geir 6	(84. Sveinn) –
Jeffs 6	Óskar Örn 5
*Lind 7	(71. Alfreð) 5
Heimir Snær 6	Niestroj 6
Andri 7	Eysteinn 5
(76. Platt) 6	McShane 5
Atli 7	Eypör Atli 4
(64. Steingrímur) 6	Óli Stefán 5
Pétur Óskar 7	Magnús 5

*MADUR LEIKSINS

STAÐAN:

FH	14	14	0	0	44–6	42
VALUR	14	10	1	3	27–9	31
KEFLAVÍK	14	5	6	3	24–27	21
ÍA	14	6	2	6	17–18	20
FYLKIR	14	5	2	7	23–25	17
FRAM	14	5	2	7	15–20	17
KR	14	5	1	8	15–21	16
ÍBV	14	4	1	9	15–26	13
GRINDAVÍK	14	3	3	8	15–33	12
ÞRÓTTUR	14	2	4	8	16–26	10

MARKAHÆSTIR:

Allan Borgvartd, FH	13
Tryggvi Guðmundsson, FH	12
Garðar Gunnlaugsson, Val	8
Hörður Sveinsson, Keflavík	8

1. deild karla í fótþolta:

KA–VÍKINGUR	1–1
0–1 Andri Steinn Birgisson (4.), 1–1 Jón Gunnar Eysteinnsson (90.).	
FJÖLNIR–HK	3–1
1–0 Tómas Leifsson (4.), 2–0 Atli Guðnason (59.), 2–1 Brynjar Víðisson, víti (83.), Tómas Leifsson (86.).	
VÖLSUNGUR–ÞÓR AK.	1–3
0–1 Zeljko Gavrilovic, 0–2 Ibra Jagne, 0–3 Zeljko Gavrilovic, 1–3 Andri Valur Ivarsson.	

STAÐA EFSTU LIDA:

BREIÐABLIK	14	12	2	0	26–8	38
VÍKINGUR	15	8	6	1	32–8	30
KA	15	8	4	3	32–13	28
ÞÓR AK.	15	5	3	7	21–30	18
HK	15	3	7	5	13–16	16
FJÖLNIR	15	5	1	9	23–30	16

VÍSIR & Budweiser

KYNNA:



ENSKI BOLTINN 2005–2006 Á VISIR.IS

STILLTU UPP ÞÍNU EIGIN DRAUMALÍÐI Á VISIR.IS
SKRÁÐU HÓPLEIK OG KEPPTU VIÐ FÉLAGANA

TVÖ MÓT – FYRRI OG SEINNI UMFERÐ
VEGLEIGIR VINNINGAR Í BÁÐUM UMFERÐUM

VERTU MEÐ OG SKRÁÐU ÞIG STRAX!



VÍSIR

FLUGA

LANDBÚNAÐARSÝNING

19.-21. ágúst 2005

í Reiðhöllinni á Sauðárkróki

DAGSKRÁ LANDBÚNAÐARSÝNINGARINNAR

Miðvikudagur 17. ágúst

Kynbótadómar hrossa



Fimmtudagur 18. ágúst

Kynbótadómar hrossa

Föstudagur 19. ágúst

- **kl. 10-19 Landbúnaðarsýning**
kl. 12:00 Yfirlitssýning kynbótahrossa
kl. 18:00 Tölt forkeppni



Laugardagur 20. ágúst

kl. 09:00 Gæðingamót

- **kl. 10-19 Landbúnaðarsýning**
kl. 10:00 Hrútasýning
kl. 11:00 Fjárhundasýning
kl. 12:30 Setning Landbúnaðarsýningar
kl. 13:00 Umhverfisverðlaun
kl. 13:15 Afhúpun listaverks í Víðishólma
kl. 13:30 Kúasýning
kl. 14:30 Fjárhundasýning
kl. 14:45 Matarkistan Skagafjörður - Ingibjörg Sig. Hólaskóla
kl. 15:00 Að græða á búvélum - Bjarni Guðmundsson, LBH Hvanneyri
kl. 15:30 Kúasýning-dómum lýst og verðlaunafhending
kl. 16:30 Fákar og ferðapjónusta - Ingibjörg Sig. Hólaskóla
kl. 17:00 Fjárhundasýning
kl. 17:00 B-úrslit í tölti
kl. 18:00 100m. flugskeið
kl. 20:00 A-úrslit í tölti



Sunnudagur 21. ágúst

- **kl. 12-18 Landbúnaðarsýning**
kl. 13:00 A-úrslit gæðingamóts
kl. 13:30 Hrútasýning - Úrslit kynnt og verðlaunafhending
kl. 14:00 Fjárhundasýning
kl. 14:15 Rannsóknir á sviði fiskeldis og fiskalíffræði við Hólaskóla - Helgi Thorarensen
kl. 14:30 Erindi - Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma
kl. 15:00 Kálfateyning
kl. 16:00 Nytjaland/Jarðabók Íslands - Sigmar Metúsalemsson LBH Hvanneyri
kl. 16:00 Fjárhundasýning

VERIÐ
VELKOMIN

Aðgangseyrir kr. 1.000
- Frítt fyrir 12 ára og yngri

www.horse.is/landbunadarsyning

FJÖLDI FYRIRTÆKJA KYNNA VÖRUR SÍNAR OG ÞJÓNUSTU s.s.
Dráttarvélar - Heyvinnutæki - Bílar - Kerrur - Fjór hjól - Reiðtygi -
Fjármögnun - Tryggingar - Byggingar ...sjón er sögu ríkari



SENA KYNNIR

HEITAR LUMMUR



19•08•05



LIÓSMYND JÓNATAN GRÉTARSSON

Platan kemur út í haust ▼

- 1 Dagar og nætur
- 2 Disco Frisco
- 3 Ég er á leiðinni
- 4 Gaggó Vest
- 5 Harðsnúna Hanna
- 6 Riddari götunnar
- 7 Seinna meir
- 8 Vertu ekki að plata mig
- 9 Sekur
- 10 Draumaprinsinn
- 11 Í útilegu

LAGALISTI

KOMA FRAM Í FYRSTA SINN Í KVÖLD Í ÍSLANDI Í DAG Á STÖÐ 2

Nýr söngflokkur skipaður þeim Ardísi, Kalla Bjarna, Ölmur Rut og Helga Þór sem öll gerðu garðinn frægan í Idol-Stjörnuleit Stöðvar 2.

Sjáið Heitar Lummur í Íslandi í dag í kvöld þar sem þau koma fram í fyrsta skipti og flytja stórsnellinn Vertu ekki að plata mig.

prime



góða skemmtun
í sumar ►

sena



KL. 23.00

Menningarnótt í miðborginni fer fram í tíunda skipti á morgun, laugardag og er dagskráin sérlega glæsileg í ár. Ítarleg dagskrá Menningarnætur 2005 fylgdi Fréttablaðinu í gær og geta gestir Menningarnætur notað hana til að lóðsa sig um miðbæinn á morgun sem og lesið veigameiri umfjallanir um stærstu dagskrárliðina á hátíðinni.

menning

menning@frettabladid.is

Argentínskur tangó í Reykjavík

Carlos Quilici bandoneónleikari og tangótónskáld frá Rosario í Argentínu og Kristín Bjarnadóttir ljóðskáld lýsa heimi tangósins í máli og tónum í Norræna húsinu í kvöld kl. 21.10. Dagskráin hefur yfirskriftina Ég halla mér að þér og flýg.

Einleikur Carlosar á tangóhljóðfærið bandoneón kallast á við texta Kristínar, sem skrifar frá sjónarhóli hinna dansandi. Hann leikur tangóa frá ýmsum tímabilum tuttugustu aldar og kynnir mismunandi stíla, allt frá Arolas og Troilo til Piazzolla og eigin tónsmíða.

Quilici mun einnig troða upp þrívægis á Menningarnótt í miðborginni á laugardaginn. Klukkan 14.00 og 16.00 í Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Ingólfsnausti, Aðalstræti 2 og að endingu í lóni 21.45 þar sem Kristín kemur einnig fram ásamt öðrum.

CARLOS QUILICI Carlos kemur fram ásamt Kristínu Bjarnadóttur í Norræna húsinu í kvöld kl. 21.00. Á Menningarnótt kemur hann fram þrívægis í miðborginni.



> Ekki missa af ...

...Menningarnótt í miðborginni sem hefst klukkan 11.00 á morgun og stendur fram til klukkan 23.00 með fjölbreyttri dagskrá út um alla miðborg Reykjavíkur.

...opnun sýninga Huldu Stefánsdóttur og Kristínar Reynisdóttur í Listasafni ASÍ á morgun kl. 16:00.

...stórtónleikum Rásar 2 og Rauða

krossins á Miðbakka Reykjavíkurhafnar klukkan 20.45 á morgun þar sem hljómsveitirar Hjálmar, í svörtum fötum og Todmobile koma meðal annars fram.



Föstudagur 19. ágúst
Föstudagur 27. ágúst
Föstudagur 9. sept
Laugardagur 10. sept

BÍT

Tónleikurinn

LANDSBANKINN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

við Astríð Línðgren • í samstarfi við Á Þakinu

laugd. 20. ágúst, kl. 14.00 sunnud. 21. ágúst, kl. 14.00
laugd. 27. ágúst, kl. 14.00 sunnud. 28. ágúst, kl. 14.00

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.



VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING
VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE

VIÐEYJARFERJAN SIGLIR ALLA DAGA Í SUMAR

Upplýsingar og pantanir ferja@ferja.is • www.ferja.is

Minjasafn Reykjavíkur



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is

TE & KAFFI - í Dillonshúsi

Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN

Tíunda Kirkjulistahátíðin í Hallgrímskirkju

Hátíðin verður sett á menningarnæturdegi, laugardaginn 20. ágúst kl. 16.00 og stendur til 28. ágúst. Á dagskránni ber hæst flutning á tveimur passíum byggðum á Matteusarguðspjalli.

Kirkjulistahátíð verður haldin í tíunda skipti dagana 20.-28. ágúst 2005 og hefst á menningarnæturdegi í Reykjavík. Einkunnarorð þessarar hátíðar eru orð frelsarsans í fjallræðunni í Matteusarguðspjalli: „Þér eruð salt jarðar.“

Myndlistarmaður Kirkjulistahátíðar 2005 er Rúrí, en hún sýnir verk í kirkjuskipi og forkirkju Hallgrímskirkju undir yfirskriftinni „Salt jarðar og ljós heimsins.“

Að venju eru margir tónlistarviðburðir á dagskrá, en hæst ber flutning á tveimur passíum byggðum á Matteusarguðspjalli, meistaraverki Johanns Sebastianus Bach og rómuðu verki frá 1986 eftir norska tónskáldið Trond Kverno. Matteusarpassía Bachs verður flutt í barokkstíl í fyrsta sinn á Íslandi af Mótettukór Hallgrímskirkju, Drengjakór Reykjavíkur, Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag og 6 heimsþekktum einsöngvurum í fremstu röð undir stjórn Harðar Áskelssonar. Flutningur Matteusarpassiunnar með barokkhljómsveit markar tímamót hérlandis. Matteusarpassía Kvernos verður flutt af 10 alþjóðlega viðurkenndum einsöngvurum og Dómkórnum í Osló og stjórnad af Terje Kvam. Þessi viðamiklu tónverk eru meginstöðir dagskrár Kirkjulistahátíðar 2005, enda er uppspretta texta



BAROKKSVEITIN Í DEN HAAG Er gestur Kirkjulistahátíðar 2005. Sveitin er skipuð 40 ungum hljóðfæraleikurum frá 21 þjóðlandi, sem numið hafa við Tónlistarháskólann í Den Haag, en þessi skóli er leiðandi í kennslu á barokkhljóðfæri í heiminum í dag.

þeirra, Matteusarguðspjall, leiðarljós dagskrárinnar.

Hátíðina sækja um 120 erlendir listamenn, flestir til að taka þátt í flutningi þessara stóru verka. Auk ofantalinna er það hinn heimskunni organisti David Sanger, sem heldur tónleika í Hallgrímskirkju og stýrir meistaránámskeiði í orgelleik og einnig Astrid Söderbergh Widding, prófessor í kvikmyndafræðum við Stokkhólmsháskóla, sem kemur til að taka þátt í málþingi um kvikmyndaskáldið Andrej Tarkovskí.

Á hverjum degi hátíðarinnar er tónlistarandakt í hádegi þar sem öllum gefst tækifæri að heyra fallega tónlist og eiga kyrra stund með bæn í erli dagsins. Þar koma fram félagar úr Alþjóðlegu

barokksveitinni í Den Haag, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari, Einar Jóhannesson, klarinettuleikari, Douglas A. Brochie orgelleikari, auk nemenda á organistanámskeiði Davids Sanger.

Að hátíðinni standa Listvinafélag Hallgrímskirkju, sóknarnefnd Hallgrímskirkju og Biskup Íslands. Formaður stjórnar er Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur. Framkvæmdastjóri er Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari og listrænn stjórnandi Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju.

Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á www.kirkjan.is/kirkjulistahatid. ■

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett
í Íslensku óperunni

Næstu sýningar
Föstudaginn 19. ágúst - UPPSELT
Laugardaginn 20. ágúst kl. 20.00
Föstudaginn 26. ágúst kl. 20.00
Laugardaginn 27. ágúst kl. 20.00
Sunnudaginn 28. ágúst - Örfá sæti laus
Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is

KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtrýsson um helgina

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

STÓCÓR ÚTSALA
Á KLETHÁLSI

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílam

Klethálsi 11 Laugavegi 174 sími 590 5040
www.bilathing.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Þorir að umbreyta veröldinni

Unnur Lárusdóttir hefur samið tónverk tileinkað íslenskum forngyðjum. Hún flytur verkið í kvöld ásamt heilaranum Reyni Katrínarsyni og bandaríska dansaranum Heather Wulfers.

„Við ætlum að vekja aftur upp gömlu íslensku gyðjurnar,“ segir Unnur Lárusdóttir en tónverk hennar Seiðlæti verður sýnt í Tjarnarbíói klukkan 20.00 í kvöld. „Ég hef verið við nám í nútímatónlist í College Santa Fe í Nýju Mexíkó síðustu tvö árin og Seiðlæti var lokaverkefni mitt. Ég fékk hugmyndina

þegar ég hitti heilarann Reynir Katrínarson. Hann afhenti mér frumsamið ljóð tileinkað íslenskri forngyðju sem ég samdi lag við. Honum leist svo vel á lagið að hann bað mig að semja lög við öll ljóðin sín.“

Úr varð að Unnur ákvað að tengja gyðjulögin við lokaverkefnið sitt. „Seiðlætum var mjög vel tekið í skólanum og nú lítur jafnvel út fyrir að við flytjum verkið aftur í Bandaríkjunum næsta vetur. Þegar við fluttum verkið í skólanum fékk ég Reyni til þess að koma út og halda fyrirlestra um íslensku forngyðjurnar. Það vakti mikla athygli því Bandaríkjamenn eru mjög fróðleiksfúsir um aðra menningu en þeirra eigin.“ Á sviðinu í kvöld verða, ásamt

Unni, bandaríska dansarinn Heather Wulfers og heilarinn Reynir Katrínarson. „Reynir kemur til með að magna seið í kvöld og kalla fram gömlu gyðjurnar í upphafi sýningarinnar. Ég samdi verkið til að gefa forngyðjunum rödd og líkama og á meðan ég flyt tónlistina sér Heather um dansinn.“

Unnur segir það algjöra synd að Íslendingar virðist nánast vera búnir að gleyma íslensku gyðjunum. „Flestir þekkja sögurnar um Þór og jafnvel Frigg og Freyju en við höfum gleymt því að við áttum sextán íslenskar gyðjur,“ en Unnur segist ekki í vafa um að hinar fornu gyðjur gefi henni styrk til listsköpunar. „Maður tengist mismunandi gyðjum eftir því hvað maður er að

ganga í gegnum. Frigg er móður-gyðjan og hún gefur manni leyfi til að hitta hinar. Í þessu verkefni hef ég öðlast sérstaka tengingu við Gná. Gná er gyðja ferðalaga og gyðjan sem þorir að umbreyta veröldinni og taka ný skref. Reynir gaf mér hálsmen með merki Gnár þegar ég lagði af stað út í námið svo ég þyrði að umbreyta lífi mínu. Gná hefur því fylgt mér frá byrjun og hvatt mig til þess að þora að skapa nýja hluti.“

Í KRAFTI FORNRA GYÐJA Reynir kemur til með að magna seið til þess að kalla fram raddir og líkama fornu íslensku gyðjunnar í nútímatónverki eftir Unni Lárusdóttur. Heather Wulfers dansar í sýningunni.



Síðustu föstudagstónleikarnir

Í dag eru síðustu föstudagshádegis-tónleikar Listasumars 2005 í Ketilhúsinu á Akureyri. Listamennirnir sem koma fram eru þeir Guido Bäumer á saxófón og Aladár Rácz á píanó. Þeir flytja léttu og skemmtilega franska tónlist fyrir alt-saxófón og píanó með dálítlu suður-amerísku og suðrænu ívafi.

Nokkur verkanna tengjast Suður-Ameríku svo sem: Brazileira eftir Milhaud, Samba og Mambo eftir Francaix og svo er eitt verkið eftir argentíska tangótónskáldið Astor Piazzolla sem bjó í Frakklandi í áratugi og lærði þar tónsmíðar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.00 og er aðgangseyrir 1000 krónur. ■



GUIDO BÄUMER OG ALADÁR RÁ CZ Leika á síðustu hádegis-tónleikum Listasumars 2005 á Akureyri. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.00 og fara fram í Ketilhúsinu.

TÓNLEIKAR

- 12.00** Síðustu föstudagshádegis-tónleikar Listasumars 2005 í **Ketilhúsinu** á Akureyri. Listamennirnir sem þar koma fram eru: **Guido Bäumer**, saxófón og **Aladár Rácz**, píanó. Þeir flytja léttu og skemmtilega franska tónlist fyrir alt-saxófón og píanó með dálítlu suður-amerísku og suðrænu ívafi.
- 17.00** Hjólsmveitin **Jakobínarína** mun næstkomandi föstudag leika fyrir gesti og gangandi í garði **12 Tóna**, Skólavörðustíg 15. Léttar veitingar að hætti 12 Tóna verða í boði sem og endranær.
- 19.00** **Carlos Quilici** bandoneon-leikari og tangótónskáld frá Rosario í Argentínu leikur klassísk og frum-samín lög og **Kristín Bjarnadóttir** ljóðskáld lýsir heimi tangófélksins í ljóðrænum textum. Dagskráin ber yf-irskriftina **Ég halla mér að þér og flýg** og fer fram í **Norræna húsinu**.
- 23.00** **Geirmundur Valtýsson** og hjólsmveit mætir til höfuðborgarinnar í öllu sínu veldi og skemmtir gestum **Kringlukráarinnar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Hefur **ÞÚ** þjónustulund, sýnirðu frumkvæði, ertu jákvæð/ur?

World Class ICELAND

www.worldclass.is



TÓNVINNSLUSKOLI ÞORVALDAR BJARNA

Innskráning á haustönn í Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna fer senn að ljúka. Námskeiðin sem haldin eru í skólanum eru um margt frábrugðin öðru tónlistarnámi, þar sem námskráin miðar út frá því að miðla þekkingu um tónlistarbransann. Mikil áhersla er lögð á sviðsframkomu, hljóðversvinnu og miðlun gagnlegra upplýsinga til þeirra sem vilja starfa við tónlist í framtíðinni. Leiðbeinendur við skólann eru allt valinkunnir fagmenn úr íslensku tónlistarflórinni.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐIN FER FRAM Á WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS OG Í SÍMA 534 9090

ATHUGIÐ AÐ SENN FYLLAST ÖLL NÁMSKEIÐ OG ÞVÍ FER SKRÁNINGU FYRIR HAUSTÖNNINA BRÁTT AÐ LJÚKA.

ÞRJÁR GÓÐAR

Söngur & framkoma

Námskeið sem sló í gegn á vorönninni. Námskeiðið er tvískipt; annarsvegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hinsvegar vinna í hljóðveri. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavík Music Productions þar sem þáttakendur fá að syngja lag að eigin vali.

Lengd námskeiðs: 10 vikur (1 tími í viku, 8 hóptímar og 2 einkatímar)
Kennarar: Selma Björnsdóttir, Regína Ósk og Þorvaldur Bjarni
Aldur: 14 ára og eldri.
Verð: 56.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Söngur & Framkoma: Framhaldsnámskeið

Stórt námskeið fyrir þá sem er að leggja söng fyrir sig. Námskeiðið telur tvær annir; á fyrri önninni er unnið með undirleikara og sett verða fyrir ákveðin lög sem nemendur eiga að ná tökum á. Á síðari önninni verður farið í nótnalestur, sviðsframkomu og ýmis mismunandi stílbriðgi söngs. Undir lokin verður æft með hljómsveit og haldnir tónleikar sem einnig verða hljóðritaðir.

Lengd námskeiðs: 32 vikur (1 tími í viku, 6 einkatímar og 24 hóptímar.)
Kennarar: Regína Ósk, Andrea Gylfadóttir, Heiða (úr Idol) og Kjartan Valdemarsson
Verð: 160.000 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Blues og jazzsöngur

Loksins, loksins! Andrea Gylfadóttir, bluesdrottning Íslands, hefur bæst í hóp þeirra valinkunna fagmanna sem kenna við TPB. Námskeiðið snýst um blues- og jazzsöng þar sem Andrea miðlar reynslu sinni og hæfni til þátttakenda. Unnið verður með undirleikara í fyrirfram ákveðnum lögum sem Andrea leiðbeinir nemendum í að túlka og ná tökum á. Andreu til aðstoðar á námskeiðinu er píanósnillingurinn Kjartan Valdemarsson. Námskeiðið er fyrir lengra komna söngvara.

Lengd námskeiðs: 10 vikur, 1 tími í viku, 8 einkatímar og 2 hóptímar.
Kennarar: Andrea Gylfadóttir og Kjartan Valdemarsson.
Verð: 59.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Útskrift nema af fyrstu önn Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna fór fram fyrir skemmstu. Lokaverkefni nemanna var að fullvinna frumsamín dægurlög og er hægt að hlýða á afraksturinn á www.tonvinnskoli.is.

allt fyrir heimilið á einu

...og ekki ske

2 toppar
í pakka



1.899

kr.pk.

Esprit dömutoppar 2 í pakka

ESPRIT

2 buxur
í pakka



1.899

kr.pk.

Esprit náttbuxur 2 í pakka

alltaf
vinsæll!



1.699

kr.

Bangsímón og Fríllinn

er kominn
tími til að
skipta?



1.999

kr.

Colgate tannkrem 100 ml.



279

kr.stk.

Freschetta Roma pizzur 3 teg.



99

kr.

Egils Appelsín 2 ltr.



79

kr.stk.

Grand appelsínu- og eplasafi 1 ltr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 19. til 21. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

Í stað og frábært rval

mmir erðiðv



netto



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Vitalic: Ok Cowboy, **Morcheba:** The Antidote, **Supergrass:** Road to Ruen, **The Magic Numbers:** The Magic Numbers og **Sonic Youth:** Sonic Nurse.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Nýir liðsmenn á Menningarnótt

Hljómsveitin Jagúar heldur sína fyrstu tónleika eftir langt sumarfrí á Menningarnótt með nýrri liðsskipan. Bræðurnir Daði og Börkur Birgissynir, sem sáu um hljómborðs- og gítarspil, eru horfnir á braut ásamt trommaranum Sigfúsi Erni Óttarsyni. Í stað þeirra eru komnir þeir Óskar Guðjónsson, Jóhann Hjörleifsson og Ómar Guðjónsson. „Þeir ákváðu að snúa sér að öðru, þetta var allt í góðu,” segir Samúel J. Samúelsson, forsprakki sveitarinnar. „Mér list rosavel á nýju meðlimina. Þetta er þrususpilarar og góðir strákar.“ Jagúar hefur æft vel að undanförunu með hina nýju liðsmenn innanborðs og ætlar að skemmta gestum og gangandi á Menningarnótt á Landsbankasviðinu í Austurstræti. „Við erum búnir að vera í sumarfrí og tökum þetta einn dag í einu. Auðvitað að breytist hljómsveitin með nýjum áherslum og nýjum

mönnum,” segir Samúel og bætir við: „Það er næst á dagskrá að fara í vinnubúðir og semja nýtt efni.“

Jagúar sendi frá sér 12 tommu í Bretlandi fyrr í sumar með endurhljóðblöndun á laginu „One of Us“ og hefur það fengið lofsamlega dóma. DJ Magazine gaf þeim fjórar stjórnur og sagði lagið hafa ómótstæðileg dansgæði. Margir plötusúðar í Bretlandi hafa tekið í sama streng og hefur lagið hljómað víða á dansgölfum þar í landi í sumar.

Lagið náði jafnframt 11. sæti á „Breaks & Beats Chart“ lista DJ tímaritisins. Samúel er hæstánægður með viðbrögðin í Bretlandi en segir ekkert ákveðið með tónleika á erlendri grundu á næstunni.



> Plata vikunnar ...



SUFJAN STEVENS: Come on feel the Illinoise

„Nýjasta breiðskífa undrabarnsins Sufjan Stevens er magnað þrekvirki sem á skilið sérkafla í tónlistarsögu 21. aldarinnar, sama hvað verður gefið út næstu 95 árin. Svona plötur eru ekki gerðar á hverjum degi. 11 stjórnur af 10 mögulegum.“ **BÖS**

> Popptextinn ...

„You're the one, you're the one, you're the one, you're the one.“

Kim Gordon söng lagið Pattern Recognition, það besta af nýjstu plötu Sonic Youth, Sonic Nurse, á eftirminni- legum tónleikum sveitarinnar á Nasa í fyrra- kvöld.



Brjálaðir og hæfileikaríkir


Rokksveitin Sign hefur undanfarið unnið að útgáfu sinnar þriðju plötu, en sveitin hefur áður sent frá sér plötur Vindar og Breytingar (2001) og Fyrir ofan himininn (2002).

Sign réðu nýverið til liðs við sig hljóðupptökustjóran Mark Plati og gítarleikarann Earl Slick til að vinna í þremur lögum með sér sem sveitin ætlar jafnframt að nota sem kynningarefni erlendis. Einn af stærstu umboðsmönnum hljóðupptökustjóra í LA heyrði prufufni frá þeim nýverið sem hann var hrifinn af. Hann kynnti efnið fyrir Plati, sem hefur meðal annars starfað með The Cure og David Bowie. Hann var að klára verkefni með vini sínum Earl Slick þegar hann heyrði tónlistina frá Sign. Það varð til þess að þeir félagar ákváðu að slá til og fara saman til Íslands til að vinna með sveitinni.

„Umboðsmaðurinn minn sendi mér lög frá þeim. Mér þótti þau mjög góð en fannst þau þarfnast lagfæringa. Ég lagði til mínar hugmyndir og þeir voru opnir fyrir þeim,” segir Plati um samstarfið við Sign. „Ég og Slick höfðum lengi ætlað að starfa aftur saman en ég hef unnið með honum að sólóplötunum hans. Þetta var því gott tækifæri fyrir okkur að vinna saman líka. Við stungum upp á ýmsum aðferðum til að einfalda það sem þeir í Sign voru að gera til að reyna að komast að kjarnanum. Við vorum allir að vinna á sömu bylgjulengd og þeir gerðu það sem við báðum um og miklu meira en það,” segir hann.

Plati hefur mikla reynslu að baki bæði sem tónlistarmaður og hljóðupptökustjóri og hefur meðal annars unnið með tónlistarmönnum á borð við Quincy Jones, Talking Heads, Fleetwood Mac, David Bowie, Bee Gees, Prince, Al Green, Nina Hagen, New Order og Suzanne Vega.

Earl Slick er goðsögn í lifandi lífi og lék meðal annars inn á Milk and Honey og Double Fantasy hjá John Lennon og hefur starfað með



SLICK, SIGN OG PLATI Frá vinstri: Earl Slick, Egill og Zolberg Rafnssynir og Mark Plati. Þeir félagar náðu vel saman við upptökur á þriðju plötu Sign.

David Bowie í yfir tuttugu ár. Sjálfur hefur hann sent frá sér sex sólóplötur.

Slick er á því að Sign sé efnileg sveit sem geti náð langt í tónlistarbransanum. „Þeir eru ánægðir með það sem þeir eru að gera og gera það mjög vel. Þeir eru tilbúnir, þeir eru ungir og brjálaðir.“ Slick játar að það hafi verið mikill heiður að vinna með Lennon á sínum tíma. „Það var gaman að spila með einum af þeim tónlistarmönnum sem fengu mann til að gera það sem maður gerir í dag.“ Aðspurður um hvort hafi verið skemmtilegra að vinna með Lennon eða Bowie segir hann erfitt að bera þá saman. „Það var eiginlega jafngaman en samt var vinnan ólík, því ég gerði

bara plötur með Lennon og fór ekki á tónleikaferð með honum. En þeir áttu eitt sameiginlegt; það var mjög þægilegt að vinna með þeim. Þetta var eins og að vera í hljómsveit og þeir voru mjög skapandi.“

